**Kennari: Ingvar**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Bein kennsla í Hönnun og smíði, undirbúningur verkferla, úrvinnsla hugmynda og verklegar æfingar í verkfærabeitingu samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla 2013. Hver hópur kemur einusinni í mánuði og kynnist og prófar að nota helstu verkfærum til smíða fyrir þennan aldurshóp

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

- Að kynnast smíðastofunni og helstu eiginleikum hennar
- Að Kynnast helstu smíðaverkfærum og fá að prófa þau
- Að virkja sköpunarþörf sína og komahugmyndum sínum í sýnilegt form með eigin aðferðum.
- Að njóta leikgleðinnar og miðla hugmyndum sínum með öðrum og ræða þær.
- Að fá að sýna öðrum hæfni sína til smíða og sköpunar.

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í :

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Áhersla á rétta líkamsstöðu og rétta beitingu verkfæra, ásamt því að gera sér grein fyrir þeirri ógn sem getur stafað af verfærunum séu þau ekki noturð rétt. |
| Jafnrétti: | • Allir fá sömu tækifæri, sömu aðstöðu og geta valið samskonar efni. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Hver og einn fær að stjórna sínu verkefni og ræða þeð við alla sem heyra vilja. |
| Læsi: | • Að lesa eiginleika mismunandi efna og skynja áhrif þess að beita verkfærum á þau. Að læra nöfn verkfæra og hvernig nafnið tengist vinnslu verkfærisins. Gera sér grein fyrir hvaða upplýsingar má sjá á umbúðum fyrir nagla og fleira. |
| Sjálfbærni: | • Leitast er við að nota afgangs efni frá öðrum eða afsög af skógarefni sem falla til |
| Sköpun: | • Hver nemandi skapar sinn eigin smíðisgrip eins og hann sér hann með eigin augum. |

## *Áætlun* í Hönnun og smíði 2014-2015

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| **Hönnun og verkfæranotkun** | Útfærsla eigin hugmynda sem uppfylla kröfur kennara. Samræður við kennara og samnemendur | Að verða fær um að undirbúa verk með útfærslu á eigin hugmynd í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla 2013 ásamt því að ná tökum á að nota þau verkfæri sem til þarf. | Símat: Áhugi og hæfni nemanda, verklag og samskiptahæfni. Afurð metin að smíði lokinni miðað við atgerfi nemanda. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Símat á ástundun og árangri ásmt sjálfsmati nemenda.

GILJASKÓLI

# 3. bekkur

## Íslenska

**Tímafjöldi á viku: 10-12**

**Kennari: Steinunn L. Ragnarsdóttir og Valgerður L. Daníelsdóttir**

### *Kennsluaðferðir og skipulag*

Í lestri verður unnið eftir kennsluaðferðunum Byrjendalæsi og Orð af orði. Byrjendalæsi felur í sér nálgun með gæðatexta sem nær til allra þátta móðurmálsins þannig að tal, hlustun og ritun er fellt saman í eina heild. Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd inn í ferlið. Kennsluaðferðin Byrjendalæsi gerir ráð fyrir að hægt sé að kenna börnum með ólíka færni í lestri hlið við hlið og því er lögð áhersla á hópavinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt. Orð af orði er hugmynda-, kennslu- og aðferðafræði sem hefur að markmiði að efla læsi og námsárangur grunnskólabarna. Lögð er áhersla á að efla málumhverfi, kenna markvissar aðferðir við að sundurgreina námsefni og orð, greina merkingu og inntak, tengsl við annað efni, kortleggja aðalatriði og endurbirta eða endurbyggja á fjölbreyttan og heildrænan hátt.
Sérstök áhersla er lögð á að auka færni sérhvers nemanda í öllum þáttum lestrar, lestrarlagi, lestrarhraða, lesskilningi og ritun.
Stuðst verður við lestaraðferðina PALS í vinnu með lestur.

### *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íslensku:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Rætt er við nemendur um mikilvægi heilbrigðis og velferðar í gegnum gæðatexta. Notast er við þau tækifæri sem upp koma til þess að efla þá hugsun. Áhersla á hollt og gott mataræði og hreyfingu. |
| Jafnrétti: | • Nemendur fá að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Fjallað um og unnið með jafnrétti og réttlæti. Nemendur fá námsefni og kennslu sem hentar stöðu hvers og eins. Unnið að því að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti. Nemendur fá að velja lestrarbækur og bækur á bókasafni. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Þema tengt samfélagsfræði þar sem unnið er með land og þjóð og hvað það þýðir að búa í lýðræðissamfélagi. Nemendur eru hvattir til að vera virkir og taka þátt í umræðum í bekknum. |

| | |
|---|---|
| Læsi: | • Unnið og rætt um læsi í víðum skilningi<br>• Lesskilningur þjálfaður<br>• Nemendur þjálfast í myndlæsi, orðaforði þjálfaður út frá myndum. |
| Sjálfbærni: | • Þema tengt samfélag- og náttúrufræði. Fjallað er um endurvinnslu, flokkun og umhverfið. Unnin verkefni tengdum grænfána.. |
| Sköpun: | • Ýmis verkefni unnin og sett upp á skapandi hátt. Mikið unnið með myndsköpun, myndasögur, hugtakakort og ýmiskonar föndur. |

## *Áætlun*

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| Talað mál, hlustun og áhorf<br>Lestur og bókmenntir<br>Ritun<br>Málfræði | Unnið með ýmsa gæðatexta, bækur, ljóð og söngva.<br>Ýmsar léttlestrarbækur og aðrar þyngri bækur af bókasafni skólans.<br>Ýmsar vinnubækur, t.d. Ritrún 2 og 3, lestrar og vinnubækur, Sín ögnin af hverju.<br>Fjölritað námsefni sem miðast við alla undirþætti lesturs ásamt öðru aðlöguðu námsefni.<br>Forskriftarbækur og blöð. | Að nemendur geti beitt skýrum og áheyrilegum framburði. Að nemendur geti hlustað og horft með athygli á upplestur og leikið efni og greint frá upplifun sinni. Að nemendur beiti aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr. Að nemendur geti valið sér lesefni eftir áhuga og hæfir lestrargetu og lesið sér til ánægju og skilnings.<br>Að nemendur þekki uppbyggingu texta og nýtt í ritun þá þekkingu, svo sem upphaf, meginmál og niðurlag.<br>Að nemendur geti beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hægir þroska.<br>Að nemendur geti raðað í stafrófsröð, þekki nafnorð, sagnorð og lýsingarorð, geti fundið kyn og tölu, þekki mun á samnöfnum og sérnöfnum.<br>Unnið er samkvæmt markmiðum Aðalnámskrá grunnskóla. | Hraðapróf í lestri.<br>Stöðumat í lestri, stafsetningu, málfræði og skrift.<br>Aston-Index stafsetningapróf<br>LOGOS skimunarpróf. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats: Metið er jafnt og þétt yfir veturinn. Rætt er við nemendur um lestur til að ná fram skoðunum þeirra á faginu, áhuga og til að meta skilning á ákveðnum viðfangsefnum. Leshraði nemenda mældur. Framfarir metnar, sem og þróun nemenda í lestri og ritun.

GILJASKÓLI

# Stærðfræði

**Tímafjöldi á viku: 6**

**Kennari: Steinunn L. Ragnarsdóttir og Valgerður L. Daníelsdóttir**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Leitast verður við að nota sem fjölbreyttastar aðferðir við kennsluna s.s. þrautalausnir, verklega kennslu, námsleiki, útikennslu, sýnikennslu og fl. Mikið er lagt upp úr hlutbundinni vinnu.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í stærðfræði:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Lýðræði og mannréttindi: | • Nemendur fá námsefni og kennslu miðað við persónulega stöðu í námi. Nemendur þjálfaðir í að rökræða niðurstöður og leggja mat á rökstuning frá öðrum. |
| Læsi: | • Talnalæsi, peningalæsi, hugtakalæsi, |
| Sjálfbærni: | • Reynt að stuðla að sjálfbærni með því að þjálfa nemendur í að draga ályktanir og taka skynsamlegar ákvarðanir um neyslu til dæmis. |
| Sköpun: | • Verkefni unnin og sett fram á skapandi og listrænan hátt. Hlutbundin nálgun í hávegi höfð og ýtt undir skapandi hugsanir nemenda eins og kostur er. |

GILJASKÓLI

## *Áætlun*

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| Stærðfræði og tungumál<br>Tölur og talnaskilningur<br>Reikniaðgerðir<br>Algebra og mynstur<br>Rúmfræði og mælingar<br>Tölfræði og flokkun | Sproti 3a og 3b, nemendabók og æfingahefti.<br>Eining 5 og 6 (valdar síður).<br>Við stefnum á margföldun,<br>Við stefnum á deilingu.<br>Í undirdjúpunum<br>-samlagnin<br>-frádráttur<br>-margföldun<br>Viltu reyna, rauður, grænn eða blár, Línan, Verkefni fyrir vasareikni, ásamt öðru aðlöguðu námsefni. | Að nemendur geti tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína fyrir öðrum og leitað lausna.<br>Að nemendur geti notað hugtök og táknmál úr stærðfræði og hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn s.s. kubba, talnalínu, mælitæki og vasareikna.<br>Að nemendur þjálfi talnaskilning sinn sem er undirstaða í öllu stærðfræðinámi. Læri hvernig talnaröð er byggð upp og hvernig tölur eru settar saman til að mynda tug og hundrað.<br>Að nemendur þjálfist í að nota samlagningu og frádrátt. Nemendur kynnast endurtekinni samlagningu og margföldun.<br>Að nemendu geti kannað, búið til og tjáð sig um reglur í mynstrum og talnamynstrum á fjölbreyttan hátt og geti spáð fyrir um framhald þeirra.<br>Að nemendur geti notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu. Geti áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða.<br>Að nemendur geti talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit. Umræður og gagnasöfnun um tilviljanir og líkur, að gera einfaldar tilraunir með líkur. | Talnalykill<br>Könnun á stöðu nemenda. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Metið er þrisvar sinnum yfir veturinn. Lykilhæfni metin í október, lykilhæfni og staða í námi í janúar og lykilhæfni og staða í námi að vori.

Kennarar meta nemendur jafnt og þétt yfir veturinn. Hversu vel ná nemendur hópinnlögn og hversu vel nemendum tekst til að fylgja fyrirmælum.

Kennarar ræða við nemendur um stærðfræði til að ná fram skoðunum þeirra á faginu, áhuga og til að meta skilning á ákveðnum viðfangsefnum.

# Íþróttir

**Tímafjöldi á viku: 2**

**Kennari: Matthea Sigurðardóttir**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Helstu viðfangsefni: Grunnþjálfun, leikir, leikfimi og knattleikir

Leiðir: Reynt er að nálgast meginmarkmiðin og örva þroskaþættina gegnum fjölbreytta leiki og leikæfingar. Stöðvahringur er kennsluform sem mikið er notað.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í sundi:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti. |
| Jafnrétti: | • Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum.<br>• Nemendum er boðið uppá fyrsta flokks aðstöðu til íþróttaiðkunar og vel menntaða kennara.<br>• Mikið er lagt uppúr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir allri aðstöðu íþróttahússins.<br>• Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis. |
| Læsi: | • Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama. |
| Sköpun: | • Líkamstjáning í ýmsu formi við fjölbreyttar aðstæðu. |

GILJASKÓLI

## Áætlun

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| Grunnþjálfun, leikir,tækni,þol og styrkur. Undirstöðutatriði í helstu íþróttagreinum oft með leikrænum hætti. | Útiíþróttir - göngur/hlaup, leikir og þrautir. Inniíþróttir - áhöld/tæki sem þarf að nota fyrir helstu íþróttagreinar. | Markmiðið er að byggja upp áhuga og jákvætt viðhorf til heilbrigðrar hreyfingar og hollra lífshátta.<br>- Að kynnast og þjálfast í grunnhreyfingum eins og að hlaupa, ganga, skríða,hoppa, kasta, rúlla, rekja og snerta<br>- Að leysa af hendi verkefni sem þroska jafnvægi, sjón, heyrn, snertingu, vöðva og liðamótaskyn ýmist með eða án áhalda<br>- Að efla þol og þrek nemenda í gegnum leik og leikrænar æfingar<br>- Að kynnast skapandi hreyfingu með eða án tónlistar<br>- Að kynnast helstu samskipta- og umgengnisreglum sem í gildi eru<br>- Að nemendur iðki íþróttir og leiki á skólalóð | Er byggt á virkni nemenda og framförum. Gerð er könnun í ýmsum þrautum og æfingum. Sjá kannanir inn á verkefnabók |

## Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Metin eru verkefni til prófs bæði á haustönn og vorönn. Einnig eru lykilhæfni þættirnir metnir (ekki eru allir þættirnir metnir á yngsta stigi).

GILJASKÓLI

# Sund

**Tímafjöldi á viku: 1**

**Kennari: Einvarður Jóhannsson og Matthea Sigurðardóttir**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Hefðbundin sundkennsla í Glerársundlaug, reglur, leikir, allar sundaðferðir sem miðast við sundstigið hverju sinni.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

- Að kenna nemendum grunntækni sundaðferða
- Að minna nemendur á góða umgengni á sundstöðum
- Að nemendur hafi gaman af því að fara í Sund
- Að auka félags, hreyfi og siðgæðisþroska
- Að ljúka 3. sundstigi

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í sundi:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti. |
| Jafnrétti: | • Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum.<br>• Nemendum er boðið uppá fyrsta flokks aðstöðu til sundiðkunar og vel menntaða kennara.<br>• Mikið er lagt uppúr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir hlutum sundlaugarinnar og öðrum sundlaugargestum.<br>• Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis. |
| Læsi: | • Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama. |
| Sköpun: | • Líkamstjáning í vatni! |

## *Áætlun* í sundi 2014-2015

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| Leikur í vatni, bringusund,skólabaksund skriðsundsfótatök, baksundfótatök og köfun.Byrjum með stungu. | 3. sundstig | Helstu markmið með sundstigum eru að:<br>- Allir fái markvissa sundkennslu og verði færir um að bjarga sjálfum sér og öðrum.<br>- Að nemendur skilji mikilvægi reglubundinnar sundiðkunar og geti nýtt sér sundið sem líkams- og heilsurækt.<br>- Veita skólanum og skólayfirvöldum gott yfirlit yfir sundgetu nemanda hvers árgangs.<br>- Að sundstigin verði markmið fyrir nemendur í sundnáminu þar sem hver nemandi fær verkefni við sitt hæfi. | Kennari gefur nemanda vitnisburð fyrir:<br>A - sundgetu á prófi<br>B - mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun (lykilhæfni) |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Verkleg próf í sundstiginu við lok haustannar og lok vorannar.  Símat á lykilhæfni yfir skólaárið.

GILJASKÓLI

# Smíðar

**Tímafjöldi á viku: Samkvæmt viðmiðunarstundaskrá, en árganginum skipt í fjóra hópa sem koma á fjögurra vikna fresti yfir veturinn.**

**Kennari: Ingvar**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Bein kennsla í Hönnun og smíði, undirbúningur verkferla, úrvinnsla hugmynda og verklegar æfingar í verkfærabeitingu samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla 2013. Hver hópur kemur einusinni í mánuði og kynnist og prófar að nota helstu verkfærum til smíða fyrir þennan aldurshóp

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

- Að kynnast smíðastofunni og helstu eiginleikum hennar
- Að Kynnast helstu smíðaverkfærum og fá að prófa þau markvisst
- Að virkja sköpunarþörf sína og koma hugmyndum sínum í sýnilegt form með eigin aðferðum.
- Að njóta leikgleðinnar og miðla hugmyndum sínum með öðrum og ræða þær.
- Að fá að sýna öðrum hæfni sína til smíða og sköpunar.

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í Hönnun og smíði:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Áhersla á rétta líkamsstöðu og rétta beitingu verkfæra, ásamt því að gera sér grein fyrir þeirri ógn sem getur stafað af verfærunum séu þau ekki noturð rétt. |
| Jafnrétti: | • Allir fá sömu tækifæri, sömu aðstöðu og geta valið samskonar efni. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Hver og einn fær að stjórna útliti á sínu verkefni og ræða það við alla sem heyra vilja. |
| Læsi: | • Að lesa eiginleika mismunandi efna og skynja áhrif þess að beita verkfærum á þau. Að læra nöfn verkfæra og hvernig nafnið tengist vinnslu verkfærisins. Að skilja upplýsingar á nagla og skrúfupökkum. |
| Sjálfbærni: | • Leitast er við að nota afgangs efni frá öðrum eða afsög af skógarefni sem falla til |
| Sköpun: | • Hver nemandi skapar sinn eigin smíðisgrip og skreytir eins og hann sér hann fyrir sér. |

## *Áætlun* í Hönnun og smíði 2014-2015

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| Hönnun og verkfæranotkun | Útfærsla eigin hugmynda sem uppfylla kröfur kennara. Samræður við kennara og samnemendur | Að verða fær um að undirbúa verk með útfærslu á eigin hugmynd í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla 2013 ásamt því að ná tökum á að nota þau verkfæri sem til þarf. | Símat: Áhugi og hæfni nemanda, verklag og samskiptahæfni. Afurð metin að smíði lokinni miðað við atgerfi nemanda. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Símat á ástundun og árangri, hugmyndaauðgi og áhuga, ásmt sjálfsmati nemenda.

GILJASKÓLI

# 4. bekkur

## Íslenska, samfélags og náttúrugreinar

**Tímafjöldi á viku: 8 - 10**

**Kennari: Anna Kristín Arnarsdóttir og Svava Þórh. Hjaltalín**

### *Kennsluaðferðir og skipulag*

Fjölbreyttar og skapandi kennsluaðferðir eru hafðar að leiðarljósi. Í íslensku er samþætt er við samfélagsgreinar sem og aðrar námsgreinar eins og kostur er. Nýir námsþættir eru kynntir og kenndir yfir hópinn í byrjun og svo er farið yfir í einstaklingskennslu eða kennslu í litlum hópi ef og þegar þess þarf. Lögð er áhersla á endurtekningu og mikla þjálfun nemenda í hverju viðfangsefni fyrir sig. Nemendum er almennt raðað í námshópa . Mikil áhersla er á stöðvavinnu þar sem nemendum er skipt í 3 - 4ra manna hópa eftir þeim viðfangsefnum sem þeir þurfa helst að þjálfa. Á stöðvunum vinna þeir saman að misþungum og krefjandi verkefnum.

Meðal annars er unnið samkvæmt PALS aðferð (pör að læra saman) í lestri og er fyrirmælum um PALS vinnubrögð fylgt. Í þeim felast aðferðir við að skipta nemendum í pör eftir hæfni og nákvæm fyrirmæli um hvernig PALS tíma skal háttað. Aðferðinni er bæði ætlað að auka leshraða og efla lesskilning. Unnið er þrisvar í viku 12 vikur í senn.

Aðferðin í ritun 6 + 1 vídd verður innleidd hægt og rólega með hópnum.

Samfélagsgreinar eru kenndar í þemum og tengdar íslensku við útfærslu.

GILJASKÓLI

## Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Allir grunnþættir tengdir við námssviðið á einn eða annan hátt. Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íslensku og samfélags og náttúrugreinum:

| Grunnþáttur | Áhersluþættir grunnþátta menntunar |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Þema tengt inn í náttúrufræði. |
| Jafnrétti: | • Áfram þróuð hugmyndin um Jafnréttisland sem byrjað var á í 3. bekk Nemendur velja sér lesefni eftir áhuga. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Nemendur fá námsefni og kennslu miðað við persónulega stöðu. Þeir fá þjálfun í að rækta málið og efla færni í málnotkun og hvattir til virkrar þátttöku í umræðum. Þeim er kennt að nýta það til náms og samskipta og gert grein fyrir mikilvægi þess að tungumálið er grundvallaratriði í mannlegum samskiptum og í lýðræðissamfélagi. |
| Læsi: | • Nemendur eru þjálfaðir í öllum þáttum læsis. |
| Sjálfbærni: | • Þema tengt inn í samfélags og náttúrufræði. |
| Sköpun: | • Verkefni eru unnin og sett fram á skapandi og listrænan hátt. |

## Áætlun

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| Megin viðfangsefni íslenskunnar eru í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla, talað mál og hlustun, áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Sérstök áhersla er lögð á að auka færni sérhvers nemanda í öllum þáttum lestrar, lestrarlagi, lestrarhraða, lesskilningi og ritun.<br>Viðfangsefni samfélagsgreina og náttúrufræði eru einnig í samræmi við Aðalnámskrá, umhverfi, saga og menning, sjálfsmynd, samskipti, nýsköpun og hagnýting þekkingar, gildi og hlutverk vísinda og tækni og vinnubrögð og færni, ábyrgð á umhverfinu, að búa á jörðinni, lífsskilyrði manna, náttúra Íslands, | Námsbækurnar Skinna 1 og 2, Ritrún 3, Málrækt og Þristur fyrir þá sem ekki hafa lokið við þær og fl.<br>Misþungar lestrarbækur og fjölbreytt heimatilbúið ritunarefni og annað þyngdarskipt námsefni sem tekur á hverjum námsþætti.<br>Námsefni í samfélagsgreinum fellur inn í áætlunina þar sem við á.<br>Námsbækur og heimildir sem lúta að markmiðum samfélagsgreina og náttúrfræðinnar. | Nemandi á að auka færni sína í öllum þáttum lestrar og geta beitt einstökum hugtökum bókmenntarinnar. Hann á að geta skrifað skýrt og læsilega og margvíslegan texta. Sjá nánar í markmið Aðalnámskrár grunnskóla:<br>Nemandi á að kynnast umhverfi sínu nær og fjær sem og sögu og menningu lands og þjóðar.<br>Hann á að þróa sjálfsmynd sína og samskipti við aðra.<br>Sjá nánar í markmið Aðalnámskrár grunnskóla: | Nemendur þreyta samræmt próf í íslensku að hausti.<br>Staða í lestri, skrift og stafsetningu er mæld reglulega og framhald náms skipulagt í samræmi við niðurstöður. Nemendur taka þátt í því mati sem að mestu er munnlegt.<br>Hraðlestur er mældur eftir hverja lotu í PALS eða tvisvar yfir skólaárið.<br>LOGOS skimunarpróf í lestri er lagt fyrir nemendur sem eru í miklum lestrarvanda í skólabyrjun.<br>Málfræðiþekking nemenda er könnuð tvisvar með forlegum hætti og svo jafnt og þétt yfir skólaárið eftir því sem nýjir þættir eru kenndir.<br>Formleg próf byggð á námsmarkmiðum verða á vorönn.<br>Í náttúru og samfélagsgreinum er vinna nemenda metin jafnt og þétt. |

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| heilbrigði umhverfisins og samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu. | | | Verkefnasafn nemenda er metið í lokin. |

## Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Matstímabilin eru þrjú. Fyrst er áherslan á lykilhæfni. Svo á lykilhæfni með umfjöllun um hæfni innan námssviðs. Í lok skólaárs er lokamat á hæfni innan námssviðs og á stöðu í lykilhæfni.

Niðurstaða úr hraðlestrarprófum er sett fram í súluriti fyrir allan bekkinn annars vegar og fyrir hvern nemanda hins vegar.

GILJASKÓLI

# Stærðfræði

**Tímafjöldi á viku: 6 - 8**

**Kennari: Anna Kristín Arnarsdóttir og Svava Þórh. Hjaltalín**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Fjölbreyttar og skapandi aðferðir eru hafðar að leiðarljósi. Samþætt er við aðrar námsgreinar eins og kostur er. Nýir námsþættir eru kynntir og kenndir yfir hópinn í byrjun og svo er farið yfir í einstaklingskennslu eða kennslu í litlum hópi ef þess þarf. Lögð er áhersla á endurtekningu og mikla þjálfun nemenda í hverju viðfangsefni fyrir sig. Mikil áhersla verður lögð á hlutbundna kennslu – hands on verkefni. Nemendum er almennt raðað í námshópa . Mikil áhersla er á stöðvavinnu þar sem nemendum er skipt í 3 - 4ra manna hópa eftir þeim viðfangsefnum sem þeir þurfa helst að þjálfa. Á stöðvunum vinna þeir vinna saman að misþungum og krefjandi verkefnum.
Áætlað er að þróa PALS vinnu í stærðfræð og verður grunnur lagður að vinnu samkvæmt PALS aðferð (pör að læra saman) og er fyrirmælum um PALS vinnubrögð fylgt. Í þeim felast aðferðir við að skipta nemendum í pör eftir hæfni og nákvæm fyrirmæli um hvernig PALS tíma skal háttað.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Læsi, sköpun, lýðræði og mannréttindi og sjálfbærni

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í stærðfræði:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Lýðræði og mannréttindi: | • Nemendur fá námsefni og kennslu miðað við persónulega stöðu. Nemendur þjálfaðir í að rökræða niðurstöður og leggja mat á rökstuðning frá öðrum. |
| Læsi: | • Nemendur fá þjálfun í lestri stærðfræðidæma og tákna. |
| Sjálfbærni: | • Reynt að stuðla að sjálfbærni með því að þjálfa nemendur í að draga ályktanir og taka skynsamlegar ákvarðanir um neyslu til dæmis. |
| Sköpun: | • Verkefni eru unnin og sett fram á skapandi og listrænan hátt. Hlutbundin nálgun í hávegi höfð og ýtt undir skapandi hugsanir nemenda eins og kostur er. |

GILJASKÓLI

## *Áætlun*

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| Viðfangsefni eftirfarandi samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla: Að geta spurt og svarað með stærðfræði, að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar, vinnubrögð og beiting stærðfræðarinnar, tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar og tölfræði og líkindi. | Námsbækurnar Sproti 4a og b (nemenda og æfingahefti). Eining 7 og 8 (valin verkefni). Ljósrituð valin verkefnablöð sem tengjast námsþáttum og annað þyngdarskipt námsefni sem tekur á hverjum námsþætti.<br>Við stefnum á margföldun og deilingu, Í undirdjúpunum margföldun og deiling fyrir þá sem ekki eru búnir með þær sem og fl.<br>Fjölbreytt kassaverkefni á námsstöðvum. | Nemendur eiga að geta spurt og svarað með stærðfræði og kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar. Þeir eiga að vera færir um að nota reikiniaðgerðirnar fjórar, vinna með brot, peninga, tíma og töl- og rúmfræðilegar kannanir. Sjá nánar markmið í Aðanámskrá grunnskóla. | Nemendur þreyta samræmt próf í stærðfræði að hausti. Reglulega verða lögð fyrir stöðupróf eða verkefni og niðurstöður skráðar í verkefnabók á Mentor.<br>Í PALS stærðfræði eru verkefnablöð sem nemendur vinna og fara svo yfir saman og meta árangur. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Matstímabilin eru þrjú. Fyrst er áherslan á lykilhæfni. Svo á lykilhæfni með umfjöllun um hæfni innan námssviðs. Í lok skólaárs er lokamat á hæfni innan námssviðs og á stöðu í lykilhæfni

GILJASKÓLI

# Enska

**Tímafjöldi á viku: 1**

**Kennari: Anna Kristín og Svava Þórhildur**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Skipulagi er þannig hátta að enskukennsla fer fram 1 x 40 mínútur á viku. Skapaðar verða aðstæður þar sem nemendur geta notað málið á einfaldan hátt. Lögð er áhersla á að nemendur þjálfi sig í að tala saman á ensku, geti hlustað sér til gamans á efni sem tengist áhugasviði og nánasta umhverfi. Enn fremur að þeir geti tekið þátt í einföldum samskiptum og samskiptaleikjum.

## *Áætlun*

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Inntak* | *Hæfniviðmið/markmið* |
|---|---|---|---|
| Hlustun: | Mest er unnið með námsefnið Adventure Island of English words, og verkefni tengt því. | Megin inntakið er að hvetja nemendur til að tjá sig í samræðum við bekkjarfélaga, vinna verkefni í einstaklings og paravinnu en mesta áherslan verður á tjáningarsamskipti með einföldum orðaforða/setningum | Að nemandi geti skilið einfalt mál úr sem varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt. |
| Lesskilningur | | | Að nemandi geti lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum. |
| Samskipti | | | Að nemandi geti haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðaforða og kann að beita algengustu kurteisisvenjum. |
| Frásögn | | | Að nemandi geti í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðaforða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum námsins og beitt eðlilegum framburði og áherslum. |
| Ritun | | | Að nemandi geti skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega, tengt saman einfaldar setningar, stafsett flest algengustu orðin og notað algengustu greinarmerki eins og punkta og spurningarmerki. |
| Menningarlæsi | | | Að nemandi geti sýnt fram á að hann kunni skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og áttað sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu |
| Námshæfni | | | Að nemandi geti sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu með stuðningi frá kennara ef með þarf. |

| tímabil | Námsefni/ viðfangsefni | Kennsluaðferðir, vinnubrögð |
|---|---|---|
| Sept | **Introduction**<br>Good Morning and Goodbye<br>**Colors** | Heilsa, segja hver þú ert og hvaðan þú ert.<br>Spyrja að nafni fólks.<br>Að heilsast á mismunandi tímum dags.<br>Heiti á litum. Fjölrituð verkefni. |
| Okt | **Things and actions in the Classroom** | Heiti á hlutum í kennslustofunni. Fjölrituð verkefni. |
| Nóv. | **Things and actions in the Classroom** | Heiti á hlutum í kennslustofunni. Fjölrituð verkefni. |
| Des. | **Cristmas** | Jólin. Orð sem tengjast jólunum. |
| Janúar | **Feelings**<br>Para umræður | Tilfinningar. Fjölrituð verkefni.<br>Paravinna umræður, þjálfa nemendur í að tala saman á ensku. |
| Feb. | **Farm animals**<br>**Wild animals** | Heiti á dýrunum í sveitinni og á villum dýrum. Lestur og hlustun. |
| Mars | **The face and the body**<br>Para umræður | Heiti á andlits- og líkamshlutum. Unnið með söngva s.s. höfuð, herðar, hné og tær.<br>Vinnublöð frá kennara. Paravinna umræður, þjálfa nemendur í að tala saman á ensku. |
| Apríl. | **Fruits**<br>**Transport** | Heiti á algengum ávöxtum og á farartækjum. |
| Maí | **Preposition of Place**<br>Para umræður | Unnið með hugtökin: on, under, over, in, next to, o.s.frv. Leikir, söngvar, vinnublöð frá kennara og fleira.<br>Paravinna umræður, þjálfa nemendur í að tala saman á ensku. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið. Þátttaka nemanda og verkefni þeirra metin.

GILJASKÓLI

# Sund

**Tímafjöldi á viku: 1**

**Kennari: Einvarður Jóhannsson og Matthea Sigurðardóttir**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Hefðbundin sundkennsla í Glerársundlaug, reglur, leikir, allar sundaðferðir sem miðast við sundstigið hverju sinni.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

- Að kenna nemendum grunntækni sundaðferða
- Að minna nemendur á góða umgengni á sundstöðum
- Að nemendur hafi gaman af því að fara í Sund
- Að auka félags, hreyfi og siðgæðisþroska
- Að ljúka 4. sundstigi

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í sundi:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti. |
| Jafnrétti: | • Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum.<br>• Nemendum er boðið uppá fyrsta flokks aðstöðu til sundiðkunar og vel menntaða kennara.<br>• Mikið er lagt uppúr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir hlutum sundlaugarinnar og öðrum sundlaugargestum.<br>• Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis. |
| Læsi: | • Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama. |
| Sköpun: | • Líkamstjáning í vatni! |

GILJASKÓLI

## *Áætlun* í sundi 2014-2015

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| Bringusund,skólabaksund, skriðsund,baksund,flugsundsfótatök, stunga, leikur í vatni og köfun. | 1. sundstig | Helstu markmið með sundstigum eru að:<br>- Allir fái markvissa sundkennslu og verði færir um að bjarga sjálfum sér og öðrum.<br>- Að nemendur skilji mikilvægi reglubundinnar sundiðkunar og geti nýtt sér sundið sem líkams- og heilsurækt.<br>- Veita skólanum og skólayfirvöldum gott yfirlit yfir sundgetu nemanda hvers árgangs.<br>- Að sundstigin verði markmið fyrir nemendur í sundnáminu þar sem hver nemandi fær verkefni við sitt hæfi. | Kennari gefur nemanda vitnisburð fyrir:<br>A - sundgetu á prófi<br>B - mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun (lykilhæfni) |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Verkleg próf í sundstiginu við lok haustannar og lok vorannar. Símat á lykilhæfni yfir skólaárið.

GILJASKÓLI

# Handmennt

**Tímafjöldi á viku: 2**

**Kennari: Bergdís Kristmundsdóttir og Anna Kristín Arnardóttir**

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í stærðfræði:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Jafnrétti: | • Áhersla á að handverk sé jafnt fyrir bæði kynin |
| Sköpun: | • Nemendur fá að njóta þess að skapa og búa til hluti sem eru þeirra eigin og enginn annar á eins. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

| *Markmið* | *Viðfangsefni, námsefni* | *Mat* |
|---|---|---|
| Að nemendur tileinki sér ýmsar aðferðir útsaums og læri grunnatriði í því að prjóna. | Nemendur byrja á að sauma bókamerki þar sem þeir nota nokkur mismunandi saumspor. Síðan læra þeir að prjóna og prjóna „hund“. | Lykilhæfniþættir eru metnir í lok hvers tíma og skráð niður. Lokamat byggist á þessu símati |

GILJASKÓLI

# Myndmennt

**Tímafjöldi á viku: 2**

**Kennari: Bryndís Kondrup**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

4. bekk skipt í tvo hópa, helmingur kemur fyrir áramót hinn eftir áramót.  Nemendur vinna ýmist einir eða í hópum.

## *Áætlun*

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* |
|---|---|---|
| listir og handverk eru svo sterklega samtvinnuð daglegu lífi okkar að oft á tíðum erum við ekki meðvituð um tilvist þeirra og áhrif. Afrakstur lista og handverks einskorðast ekki við listviðburði, sýningar og verkstæði heldur er allt umhverfi okkar og daglegt líf mótað af listum og handverki. | dæmi: litafræði, litahringur, blöndun lita. Að horfa á umhverfið, skoða liti og form.  Að prófa ýmiskonar efni og hvernig hægt er að nota þau ein sér eða saman. Hvað er forgrunnur- og bakgrunnur.  Vinna þrívíð verk t.d. í jarðleir. Fjölbreytt verkefni unnin með fyrrnefndar áherslur að leiðarljósi.  Námsefni er að mestu unnið af kennara. | við lok 4.bekkjar getur nemandi: unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar og nýtt sér þá leikni sem hann hefur öðlast í  verkefnum.  Geta notað þau efni og áhöld sem kynnt hafa verið.  Unnið einföld verkefni einn eða í hópi.  Gengið frá eftir vinnu sína. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats: Matið byggist á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; jákvæðni og framkoma.

GILJASKÓLI

# Hönnun og smíði

**Tímafjöldi á viku: Samkvæmt viðmiðunarstundaskrá, en skipt í lotur yfir veturinn.**

**Kennari: Ingvar**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Bein kennsla í Hönnun og smíði, undirbúningur verkferla, úrvinnsla hugmynda og verklegar æfingar í verkfærabeitingu samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla 2013.
Hver hópur kemur einusinni í mánuði og kynnist og prófar að nota helstu verkfærum til smíða fyrir þennan aldurshóp

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Að kynnast smíðastofunni og helstu eiginleikum hennar
Að kynnast helstu smíðaverkfærum og fá að prófa þau
Að virkja sköpunarþörf sína og komahugmyndum sínum í sýnilegt form með eigin aðferðum.
Að njóta leikgleðinnar og miðla hugmyndum sínum með öðrum og ræða þær.
Að fá að sýna öðrum hæfni sína til smíða og sköpunar.

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í Hönnun og smíði:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Áhersla á rétta líkamsstöðu og rétta beitingu verkfæra, ásamt því að gera sér grein fyrir þeirri ógn sem getur stafað af verfærunum séu þau ekki noturð rétt. |
| Jafnrétti: | • Allir fá sömu tækifæri, sömu aðstöðu og geta valið samskonar efni. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Hver og einn fær að stjórna útfærslu á sínu verkefni og ræða það við alla sem heyra vilja. |
| Læsi: | • Að lesa eiginleika mismunandi efna og skynja áhrif þess að beita verkfærum á þau. Að læra nöfn verkfæra og hvernig nafnið tengist vinnslu verkfærisins. Lesaog skilja innihaldslýsingar á efnisumbúðum svo sem nagla og skrúfupökkum. |
| Sjálfbærni: | • Leitast er við að nota afgangs efni frá öðrum eða afsög af skógarefni sem falla til við grisjun |
| Sköpun: | • Hver nemani skapar sinn eigin smíðisgrip eins og hann sér hann með eigin augum og mótar eftir sínu áhugasviði |

## *Áætlun*

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| **Hönnun og verkfæranotkun** | Útfærsla eigin hugmynda sem uppfylla kröfur kennara. Samræður við kennara og samnemendur. Auk þess að kynnast mismunandi notkunarmöguleikum verkfæra, bæði til mismunandi verka og mismunandi verfæri til sama verks. | Að verða fær um að undirbúa verk með útfærslu á eigin hugmynd í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla 2013 ásamt því að ná tökum á að nota þau verkfæri sem til þarf. | Símat: Áhugi og hæfni nemanda, verklag og samskiptahæfni. Afurð metin að smíði lokinni miðað við atgerfi nemanda. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Símat á ástundun og árangri, verkfærni og hugmyndaflæði,  ásmt sjálfsmati nemenda í lok hvers verkefnis..

.

GILJASKÓLI

# 5. bekkur

## Íslenska

**Tímafjöldi á viku: 5**

**Kennari: Ásdís Elva kristinsdóttir og Katrín m þorbjörnsdóttir**

### *Kennsluaðferðir og skipulag*

Hafa skal í huga að nám í móðurmáli er heildstætt og hver þáttur námsins styður annan.
Nemendur eru æfðir í að lesa upphátt, flytja ljóð, endursegja ýmiss konar texta, gera grein fyrir máli sínu og segja skipulega frá. Þeir þjálfast einnig í að hlusta á aðra og tileinka sér efni sem flutt er. Áhersla lögð á samþættingu við aðrar námsgreinar.
Nemendum eru kynntar reglur um stafsetningu og greinarmerki og þeir fá æfingu í notkun þeirra. Þjálfun í ólíkum þáttum ritaðs máls stuðlar að betra valdi á málinu. Þjálfun í stafsetningu er samþætt við aðrar námsgreinar.
Nemendur fái tækifæri á að skrifa margvíslegan texta og tjáð sig skriflega. Lestur og ritun verður þjálfað samhliða.Lögð er áhersla á fjölbreytt orðaval við ritun og skýra framsetningu texta. Fjölbreytt ritunarverkefni eru unnin og ritun samþætt við aðrar greinar.
Bókmenntatextar verða lesnir og ætlast til þess að nemendur nýti þá til fróðleiks og skemmtunar. Rýnt verður í efni og innihald mismunandi texta. Verkefni unnin með textum þar sem hvatt er til ritunar og munnlegrar tjáningar af ýmsu tagi t.d. frásagnar og rökræðu.
Málfræði er ætlað að efla skilning og áhuga nemenda á móðurmálinu og vekja þá til vitundar um eigin málkunnáttu. Nemendur læra helstu grunnhugtök málfræði og þjálfast í notkun þeirra. Málfræðikennsla á þessu stigi miðar að því að gera nemendur færa um að ræða mál og málfar og að gera þá meðal annars þannig að betri málnotendum. Mikilvægt er að nemendur geri sér grein fyrir að málfræðiþekking nýtist í stafsetningu og tungumálanámi. Kennsluaðferðin Orð af orði er notuð við málfræðiþjálfun. Málfræðinám á ekki að vera einangrað fyrirbæri í kennslunni.
Áhersla verður lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir og lögð áhersla á að vinna með Orð af orði.
Mikil áhersla verður lögð á metnað og vönduð vinnubrögð.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í :

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Tekið verður mið að þörfum allra hvað varðar nám í íslensku til að skapa líkamlega og andlega vellíðan. Skapað jákvætt andrúmsloft og jákvæð viðhorf til íslenskunáms. |
| Jafnrétti: | • Nemendur fá að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Nemendur fá því verkefni við hæfi hvers og eins. Unnið verður með texta sem tekur á jafnrétti og réttlæti. Unnið að því að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti. Ritun unnin með jafnrétti í huga. Fundið hugtök sem tengjast jafnrétti. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Nemendur verða þjálfaðir í gagnrýninni hugsun í tengslum við verkefnavinnu í íslensku. Lýðræðisleg vinnubrögð verða æfð í hópavinnu þar sem sjónarmið allra fá að njóta sín. |
| Læsi: | • Nemendur ná tækni í lestri og ritun. Yndislestur, Pals, gagnvirkur lestur. |
| Sköpun: | • Nemendur nái að bregðast við því sem þeir lesa á persónulegan hátt og túlka sögur og ljóð. Skapa sín verk með ritun og umræðum. Skapa myndverk við texta sem lesinn er. Semja sögur og ljóð. |

## *Áætlun*

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| Lestur og lesskilningur | Bækur, hljóðbækur, bókmenntatextar, fræðitextar, ljóð og blaðagreinar.<br><br>Pals | Mikil áhersla lögð á að nemendur lesi margs konar texta, bæði í skóla og heima.<br>Lestrarkennsluaðferðin Pals er notuð við þjálfun í lestri og lesskilning.<br>Nemendum gefinn kostur á að kynna áhugaverðar bækur og glæða þannig áhuga og forvitni annarra nemenda á bókum.<br>Lesskilningsaðferðar kenndar og nemendur hvattir til að beita þeim við lestur námsefnis.<br>Nemandi á að geta:<br>• lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað,<br>• lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann,<br>• greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðirvið lestur og skilning á texta | Lestrarpróf verða nokkrum sinnum yfir veturinn.<br><br>Lesskilningspróf verða lögð fyrir í október, janúar, mars og maí. |
| Bókmenntir | Vanda málið - Ekki málið, ýmsir textar. | Nemandi á að geta:<br>• lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og | Munnlegt próf í lok hvorrar annar. |

GILJASKÓLI

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| | Blákápa valdir textar<br><br>Valin skáldsaga og textar eftir því sem við á. | bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum,<br>• beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap,<br>• aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga. | Umsögn þar sem framfarir og vinna vetrarins er metin. |
| Málfræði | Vanda málið - Ekki málið. Valin verkefni og bækur. Unnið verður með andheiti, samheiti, rím, orðtök, málshætti, nafnorð, lýsingarorð og sagnorð í tengslum við texta sem eru lesnir. | Nemandi á að geta:<br>• gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það,<br>• beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins,<br>• beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað,<br>• nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau texta,<br>• gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu | Leiðsagnarmat þar sem farið er yfir efnisþætti með nemendum.<br>Sjálfsmat.<br>Munnlegar og/eða skriflegar kannanir í lok efnisþátta.<br>Skriflegt próf í lok hverrar annar. |
| Ritun | Ritunarbókin. Vanda málið | Í ritunarvinnu er lögð áhersla á að nemendur temji sér skapandi skrif. Ritunarvinna tengist viðfangsefnum margra námssviða.<br>Lestur og ritun samþætt.<br>Nemandi á að geta:<br>• samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa,<br>• skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu. | Umsögn þar sem framfarir og vinna vetrarins er metin. |
| Skrift | Skriftarhefti | Áhersla er lögð á að nemendur vandi stafdrætti og almenn vinnubrögð í öllum námsgreinum og verkefnum . | Sjálfsmat á vinnubrögðum í öllum námsgreinum.<br>Umsögn þar sem vinna vetrarins er metin. |
| Stafsetning | Mál í mótun.<br>Vanda málið - Ekki málið.<br>Textar sem verið er að vinna með hverju sinni. | Nemendur vinna verkefni sem þjálfa stafsetningarreglur. Áhersla á rétta stafsetningu við alla ritun. | Endurgjöf frá kennara í kennslustundum.<br>Stafsetning metin í textum sem nemendur skrifa.<br>Próf í jan og maí. |

GILJASKÓLI

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats: Leiðsagnarmat þar sem farið er yfir efnisþætti með nemendum. Sjálfsmat. Munnlegar og/eða skriflegar kannanir í lok efnisþátta.

Skriflegt próf í lok hverrar annar

# Stærðfræði

**Tímafjöldi á viku: 5**

**Kennari: Ásdís Elva Kristinsdóttir og Katrín M Þorbjörnsdóttir**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Notast verður við fjölbreyttar kennsluaðferðir til að auka gæði námsins, s.s. leitaraðferðir, einstaklingvinna, paravinnu, hópavinnubrögð, útikennsla s.s mælingar og vettvangsskoðun, verklegar æfingar, þjálfunaræfingar, hlutbundin vinna og hjálpargögn.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Verkefni valin með velferð hvers nemanda í huga. |
| Jafnrétti: | • Allir nemendur hafa jafnrétti til náms. Leitast við að nám miðist við einstaklingsþarfir hvers og eins. Nemendur hafa ólíkar forsendur til náms og virða ber alla með því að hlusta á allar hugmyndir sem nemendur hafa fram að færa. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Réttur allra er virtur og teknar lýðræðislegar ákvarðanir í hópum eða bekk þegar við á. Mikilvægt að nemendur þrói með sér hæfni til að rökstyðja og leggja mat á rökstuðning annarra með hjálp stærðfræðinnar. Virkar samræður um námsþætti hverju sinni. |
| Læsi: | • Nemendur æfast í læsi á stærðfræðileg hugtök. Tekin verða fyrir þau hugtök sem verið er að vinna með hverju sinni og farið í merkingu þeirra.<br>• Nemendur æfast í að lesa og skilja stærðfræðiverkefni eins og í orðadæmum og textaverkefnum<br>• Læra að lesa stærðfræðileg tákn þ.e. tölustafina og vita hvernig þeir eru settir saman og þekkja aðgerðartáknin.<br>• Verkefni fundin þar sem nemendur læri að lesa tölfræðigögn. |
| Sjálfbærni: | • Hugað er að eigin velferð og annarra og skapað vinnuumhverfi þar sem nemendur eru samábyrgir.<br>• Verkefni sem unnið er í samfélagsfræði sett upp með vinnuaðferðum stærðfræðinnar. |
| Sköpun: | • Í vinnu í stærfræði eru notaðar ýmsar aðferðir til að tjá sig eins og teikningar, skissur, myndir, töflur og myndrit.<br>• Vinnum skapandi verkefni í hópastarfi á Degi stærðfræðinnar.<br>• Unnið í hópum þar sem ákveðið þema er tekið fyrir og nemendur ákveða hvernig þeir vilja skila úrvinnslu á skapandi hátt. |

## *Áætlun*

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| *Heilar tölur*<br><br>Stærð í daglegu lífi, þrautalausnir, samlagning og frádráttur og munnleg stærðfræði. Reikningur út frá tímabeltum og negatífar tölur og talnalínur. Sætiskerfið og gildi tölustafs og tölu. Munnleg kynning á lausnaleiðum. Hugarreikningur. Samlagning og frádráttur með þriggja og fjögurra stafa tölum. Að finna mismun. Að lesa orðadæmi og búa til reikningssögur. Margföldun og deiling. Margföldunartaflan og margföldun í rúðuneti.Tengsl margföldunar og deilingar. Talnaskilningur. | Stika 1a nemendabók bls. 4-45 og æfingahefti bls.4-22. Ýmis verkefni eftir þörfum tengd efnisþætti. | Nemendur eiga að<br>- þekkja sætiskerfið, geta skipt tölum í einingar, tugi, hundruð o.s.frv. og skilja hvernig kerfið er víkkað út til aðná yfir tíundu hluta og hundraðshluta; geta borið saman tölur og staðsett þær á talnalínunni<br>- Þekkja negatífar tölur þar sem áhersla er á talnalínuna og geta reiknað einföld dæmi með negatífum tölum<br>- geta leyst samlagningar- og frádráttardæmi með þriggja stafa fjögurra stafa tölum í huganum og skriflega, m.a. með hefðbundnum reikniaðgerðum<br>- getað námundað tölur að næsta tug og hundraði og notað það í slumpreikningi<br>- geta notað þekkingaratriði, sem þeir hafa á valdi sínu, í reikningsaðgerðunum fjórum<br>- geta notað reikningsaðgerðirnar fjórar við hversdagslegar aðstæður<br>- þekkja tengsl margföldunar og deilingarog jafnframt tengsl þessara reikningsaðgerða við endurtekna samlagningu og endurtekinn frádrátt<br>- þekkja margföldun sem endurtekna samlagningu og margföldun í rúðuneti og þekkja deilingu bæði sem jafna skiptingu og endurtekinn frádrátt<br>- geta þróað og notað einfaldar reikningsaðferðir í margföldun deilingu með heilum þriggja og fjögurra stöfum | Kaflakönnun við lok kaflans þar sem hæfni í efni kaflans er metin. Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin. |
| *Tölfræði*<br><br>Uppbygging tölfræðilegrar könnunar og tengsl mismunandi gagna. Að búa til og lesa úr töflum og súluritum. Miðgildi, tíðasta gildi og flokkun talna. Tölfræðilegar kannanir | Stika 1a nemendabók bls. 46-61 og æfingahefti bls.24. Ýmis | - geta gert ýmsar kannanir sem byggjast á spurningalistum, mismunandi mælieiningum og talningu<br>- geta flokkað og sett fram upplýsingar, sem safnað hefur verið á skipulegan hátt og kynnt þær í myndritum<br>- geta notað stafræn hjálpartæki við tölfræðilegar kannanir<br>- geta lýst helstu niðurstöðum gagna með miðgildi og tíðasta | Kaflakönnun við lok kaflans þar sem hæfni í efni kaflans er metin. Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum |

GILJASKÓLI

| | | | |
|---|---|---|---|
| | verkefni eftir þörfum tengd efnisþætti. | gildi | metin. |
| *Tugabrot*<br><br>Mælingar og einfaldur reikningur með tugabrotum. Tugabrot á talnalínu. Tíundu og hundraðs hlutar og samhengi milli þeirra. Röðun talna eftir stærð. Talnaskilningur, sætiskerfið og gildi talna. Námundun og slumpreikningur. Lengdarmælingar í sentimetrum og tíundu hlutum. Samlagning og frádráttur með tugabrota á talnalínu og með áherslu á sætisgildi. Margföldun og deiling | Stika 1a nemendabók bls. 62-93 og æfingahefti bls.30-43. Ýmis verkefni eftir þörfum tengd efnisþætti. | - geta leyst samlagningar- og frádráttardæmi með tugabrotum á talnalínu, í huganum og skriflega<br>- geta fundið hluta þegar heildin er gefin og geta fundið heildina þegar hluti er gefinn<br>- geta lýst tengslum milli tíundu hluta sem tugabrota | Kaflakönnun við lok kaflans þar sem hæfni í efni kaflans er metin. Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin. |
| *Rúmfræði*<br><br>Rúmfræðiform í listum og nöfn á tvívíðum formum. Þekkja algengustu ferninga og þekkja einkenni þeirra og eiginleika. (horn og hliðar) Samsíðungar, þríhyrningar, ferhyrningar. Búa til og skoða rúmfræðimynstur. Að greina eiginleika og einkenni tví og þrívíðra mynda. Flutningur, hliðrun speglun og snúningur. Búa til rúmfræðimynstur og lýsa munnlega. Lýsa snúning og þekkja gráður. Rétt, hvöss og gleið horn. Hornamælingar með gráðuboga.Hornasumma hyrninga og ummál. | Stika 1a nemendabók bls. 94-128 og æfingahefti bls. 46-60. Ýmis verkefni eftir þörfum tengd efnisþætti. | - geta þekkt helstu þríhyrninga og ferhyrninga, kannað eiginleika og einkenni þessara forma m.a. horn, lengdir og hornasummu mismunandi marghyrninga<br>- geta gefið dæmi um hvernig rúmfræðiform birtast við ýmsar aðstæður hins daglega lífs og í tengslum við margvísleg menningarfyrirbæri<br>- Þekkja hugtök eins og línu, strik og kúrfu<br>- geta hliðrað, speglað og snúið myndum<br>- geta notað gráðuboga til að mæla horn<br>- þekkja helstu horn og geta sýnt fram á að um slík horn sé að ræða, geta notað hugtök eins og hvöss, rétt og gleið horn<br>- geta lýst einföldum mynstrum og búið þau til með því að hliðra eða snúa formi eða mynd | Kaflakönnun við lok kaflans þar sem hæfni í efni kaflans er metin. Vinnubrögð og vinnusemi í tímum metin. |
| *Mælingar*<br><br>Lengdar og flatarmálsmælingar og mælieiningar.Ummál og tugabrot. Mæla stærð flata t.d. með reitum. Flatarmál og skilningur á tengslum milli lengdar og breiddar og flatarmáls. | Stika 1b nemendabók bls. 3-33 og æfingahefti bls. 4-16. Ýmis verkefni eftir | - geta lesið tímasetningar, bæði á hefðbundinni klukku og stafrænni<br>- geta reiknað hve langur tími í klukkustundum, mínútum og sekúndum líður milli tveggja tímasetninga<br>- geta notað einfalt mælitæki til að mæla lengd<br>- geta mælt og reiknað út ummál marghyrninga | Kaflakönnun við lok kaflans þar sem hæfni í efni kaflans er metin. Vinnubrögð og vinnusemi í tímum metin. |

GILJASKÓLI

| | | | |
|---|---|---|---|
| Stækka myndir og minnka. Að nota mælikvarða til að reikna fjarlægðir á kortum. | þörfum tengd efnisþætti. | - geta fundið flatarmál sem fjölda mælieininga sem fyllir út í flöt, bæði óstaðlaða mælieininga og staðlaðra<br>- geta áætlað algengar stærðir sem segja til um lengd þyngd og rúmmál | |
| *Almenn brot*<br>Almenn brot í daglegu lífi og sem hluti af safni og einum heilum. Að finna hlutann (teljarann) og vita í hve marga hluta (nefnara) er skipt. Brot sem hluti af heild og einum heilum.Bera saman brot og finna jafn gild brot. Samlagning almennra brota og fá einn heilan. Almenn brot og talnalína. Tengsl tíundu hluta í tugabrotum og almennum brotum. Samanburður og talnarunur almennra brota. Samlagning og frádráttur. Almenn brot stærri en einn. Að þekkja 50% 10% og 100% á mynd. | Stika 1b nemendabók bls. 34-65 og æfingahefti bls. 18-37. Ýmis verkefni eftir þörfum tengd efnisþætti. | | Kaflakönnun við lok kaflans þar sem hæfni í efni kaflans er metin. Vinnubrögð og vinnusemi í tímum metin. |
| *Margföldun og deiling*<br>Margföldunartaflan Margföldun og deiling í daglegu lífi, spilum og rúðuneti. Margföldun sem endurtekin samlagning og á talnalínu. Þættir og talnarunur. Orðadæmi og margföldun með 10 og 100. Að þróa og nota einfaldar aðferðir til að margfalda heila tveggjastafa tölur. Deiling og tengsl hennar við margföldun. Deiling sem endurtekinn frádráttur. Deiling í þriggjastafa tölur og deiling með tveggjastafa tölu í þrjár tölur.Orðadæmi | Stika 1b nemendabók bls. 66-97 og æfingahefti bls. 38-44 Ýmis verkefni eftir þörfum tengd efnisþætti. | | Kaflakönnun við lok kaflans þar sem hæfni í efni kaflans er metin. Vinnubrögð og vinnusemi í tímum metin. |
| *Mynstur*<br>Mynstur í daglegu lífi. Flutningur, hliðrun, speglun og snúningur. | Stika 1b nemendabók bls. 98-128 og æfingahefti bls. | | Kaflakönnun við lok kaflans þar sem hæfni í efni kaflans er metin. Vinnubrögð og |

GILJASKÓLI

| | | | |
|---|---|---|---|
| RúmfræðimynsturAð bera kennsl á, skrifa upp og halda áfram með mynstur. Að lýsa mynstri. Röksemdarfærsla. Myndtölur jafnmunarunur. Talnarunur. Fyrstu skref algebru formúlum lýst. Margföldunartöflur, endurtekin samlagning og frádráttur. Talnamynstur. Reikniaðgerðirnar fjórar. | 54-58. Ýmis verkefni eftir þörfum tengd efnisþætti. | | vinnusemi í tímum metin. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Kaflakönnunum við lok hvers kafla. Tilgangur kannana og mats er að leiðbeina nemendum við námið. Kaflakannanir eru nýttar til að meta hvað þarf að fara betur yfir og hjálpa nemendur til að bæta sig. Vinnubrögð, hæfni og framfarir nemenda eru metin reglulega yfir veturinn. Lokapróf eru tekin eftir áramót og að vori.

GILJASKÓLI

# Kristin fræði

**Tímafjöldi á viku: 1**

**Kennari: Ásdís Elva Kristinsdóttir og Katrín M Þorbjörnsdóttir**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Fjölbreyttar kennsluaðferðir eru mikilvægar vegna þess að nemendum henta ólíkar leiðir við nám, mikilvægt er að koma til móts við ólíkan námstíl nemenda. Á sama hátt er mikilvægt að nemendur kynnist og nái tökum á mismunandi aðferðum til að geta valið á milli þeirra og beitt þeim. Hópavinna eikur samræður og eflir samkennd. Einnig verður einstaklingsvinna og paravinna. Umræðu og spurnaraðferðir sem þjálfa gagnrýna hugsun. Leitaraðferð þar sem nemendur afla sér upplýsinga og vinna úr þeim.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í :

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Mikið unnið í hópavinnu til að efla sjálfsmynd og auka samkennd milli nemenda. Unnið er að því að skapa jákvæðan skólabrag til að stuðla að vellíðan allra. |
| Jafnrétti: | • Í hópavinnu fer fram mikil umræða þar sem nemendur auka skilning á viðhorfum og skoðunum annarra og læra því að taka tillit til annarra og átta sig á að allir hafa jafnan rétt. Nemendur eiga að skiptast á skoðunum og rökræða. Áhrsla á að skapa samábyrgt samfélag í bekk með lýðræðislegum vinnubrögðum. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Nemendur fá kennslu í lýðræðislegum vinnubrögðum. Nemendur læra um réttindi sín og skyldur þegar fjölbreyttar kennsluaðferðir eru notaðar t.d. þar sem nemendur þurfa að ræða saman við gerð verkefna og framsetningu |
| Læsi: | • Lögð áhersla á miðlamennt þar sem ýmsir miðlar eru notaðir við námið. Upplýsingalæsi þar sem nemendur lesa fræðilega texta tengdum námsefni og vinna úr þeim á ýmsan hátt. Vinnsla og upplýsingaöflun í tölvum (prentmál og myndmál) Lögð áhersla á stafrænt læsi og miðlalæsi. |
| Sjálfbærni: | • Í kristnum fræðum fræðast nemendur um ólík trúarbrögð. Þau læra að þekkja önnur trúarbrögð og menninguna þeirra. |
| Sköpun: | • Nemendur skila niðurstöðum úr upplýsingaöflun að eigin vali þar sem lögð er áhersla á sköpun í framsetningu og hugsun. Samvinna og samræður efla skapandi og gagnrýna hugsun. |

## *Áætlun*

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| Islam, múslimar, saga Múhameðs er rakin og skoðaðar verða venjur, hátíðir og helgisiðir í islam<br><br>Kristin trú, Biblían. Sagan rakin um Jesú frá Nasaret. Farið verður í upphaf kirkjunnar, sögu hennar, siðum og hátíðum. | Islam- að lúta vilja Guðs<br>Kristintrú- Fagnaðarerindið | Að nemenadi geti:<br>- lýst margbreytileika helstu trúabragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks..<br>- Rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs.<br>- Gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í nokkrum helstu trúabrögðum heims.<br>- Nefnt dæmi um áhrif helgirita helstu trúarbragða á menningu og samfélög.<br>-Borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.<br>-Gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni. | Sjálfsmat, hópamat, og leiðsagnarmat yfir veturinn.<br>Mat lagt á hæfni og framfarir nemenda |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Námsmat fer fram í hinum ýmsu myndum svo sem sjálfsmat, jafningjamat, hópamat,( kannanir þar sem nemendur mega hafa bækur með sér). Vinnueinkunn gefin fyrir vinnubækur og símat kennara yfir önnina á vinnu nemenda. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat til að fá nemendur til að velta fyrir sér námi sínu með kennurum. Mat verður lagt á hæfni nemanda og framfarir.

GILJASKÓLI

# Náttúrufræði

**Kennari: Ásdís Elva Kristinsdóttir og Katrín M. Þorbjörnsdóttir**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Notast verður við kennslubókina Líf á landi og Auðvitað - Á ferð og flugi. Kennsluaðferðir verða fjölbreyttar til að auka gæði námsins, s.s leitaraðferðir, einstaklingsvinna, paravinna, hópavinna, útikennsla. Námsefnið verður kennt í lotu á vetrinum.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í náttúrufræði:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Mikið unnið í hópavinnu til að efla sjálfsmynd og auka samkennd milli nemenda. Unnið er að því að skapa jákvæðan skólabrag til að stuðla að vellíðan allra. |
| Jafnrétti: | • Að allir nemendur hafa sama rétt til náms. Að nemendur læri að taka tillit til lífvera í umhverfinu.<br>• Í hópavinnu fer fram mikil umræða þar sem nemendur auka skilning á viðhorfum og skoðunum annarra og læra því að taka tillit til annarra og átta sig á að allir hafa jafnan rétt. Nemendur eiga að skiptast á skoðunum og rökræða. Áhrsla á að skapa samábyrgt samfélag í bekk með lýðræðislegum vinnubrögðum. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Nemendur fá kennslu í lýðræðislegum vinnubrögðum. Nemendur læra um réttindi sín og skyldur þegar fjölbreyttar kennsluaðferðir eru notaðar t.d. þar sem nemendur þurfa að ræða saman við gerð verkefna og framsetningu. |
| Læsi: | • Nemendur læra að lesa í umhverfið í kringum sig.<br>• Lögð áhersla á miðlamennt þar sem ýmsir miðlar eru notaðir við námið. Upplýsingalæsi þar sem nemendur lesa fræðilega texta tengdum námsefni og vinna úr þeim á ýmsan hátt. Vinnsla og upplýsingaöflun í tölvum (prentmál og myndmál) Lögð áhersla á stafrænt læsi og miðlalæsi. |
| Sjálfbærni: | • Nemandi lærir að umgangast náttúruna, lærir á nýtingu hennar og náttúruvernd. |
| Sköpun: | • Hópavinna og kynningar þar sem nemendur hafa sköpun að leiðarljósi.<br>• Nemendur skila niðurstöðum úr upplýsingaöflun að eigin vali þar sem lögð er áhersla á sköpun í framsetningu og hugsun. Samvinna og samræður efla skapandi og gagnrýna hugsun. |

GILJASKÓLI

## *Áætlun*

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| Hraun- | Líf á landi | Átti sig á að hraun eru verðmæt búsvæði lífvera og viðkvæm en jafnframt mikilvæg fyrir fólk að njóta.<br>Vita að hraun kemur upp í eldgosum á eldvirkum svæðum.<br>Kynnist burknum og einkennum þeirra.<br>Læri að þekkja skófir ( fléttur) á steinum og átti sig á hvernig samlíf tvenns konar lífvera gerir þeim kleift að lifa við erfiðar aðstæður.<br>Læra hvað gerist við ljóstillífun.<br>Kynnist aðferðum könguló við öflun fæðu og þá einkum gerð vefs.<br>Kynnist mosum og sérstöðu þeirra meðal plantna. | |
| Skógur | Líf á landi | Kynnist helstu fuglum skógarins og hvernig þeir eru aðlagaðir búsvæðinu.<br>Þekki einkenni spörfugla.<br>Átti sig á hugtökunum skógur og kjarr.<br>Læri um byggingu trjáa, hvernig þau æxlast, flokkun þeirra í lauftré og barrtré.<br>Fái vitneskju um skógrækt og tilgangi hennar.<br>Læri um rotnun lífrænna leifa og þekki hugtakið sundrendur.<br>Kynnist sveppum og byggingarlagi þeirra.<br>Læri um lifnaðarhætti hagamúsa. | |
| Jarðvegur | Líf á landi | Geri sér grein fyrir mikilvægi jarðvegs í lífheiminum.<br>Þekki úr hverju jarðvegur er samsettur og að mismunandi samsetning (hlutföll) geri hann ólíkan að gerð og eiginleikum.<br>Átti sig á sambandi gróðurs og jarðvegs.<br>Kynnist jarðvegsdýrum og mikilvægi þeirra við myndun gróðurmoldar. | |
| Vallendi | Líf á landi | Kynnist landsniglum, helstu sérkennum og hvað þeir þurfa að hafa í umhverfinun til að lifa.<br>Þekki einkenni vallendis og viti að það einkennist ýmist af blómplöntum eða grasplöntum.<br>Læri hvað einkennir gras<br>Skilji hugtakið frævun og átti sig á hvað er blóm og hvert hlutverk þess er.<br>Þekki orðin fræva, frævill, frjókorn og fræni.<br>Kynnist belgjurtum og hæfileikum þeirra.<br>Geri sér grein fyrir að plöntur lifa mislengi og þær eru ýmist ein-, tví- eða fjölærar.<br>Þekki hrossagauk og hnegg hans. | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Votlendi | Líf á land | Kynnist helstu fuglum votlendis og einknenum þeirra.<br>Skilji hugtökin einkvænisfugl og geldfugl<br>Geti útskýrt hvað er votlendi og nefnt dæmi um mismunandi gerðir þess.<br>Kynnist því hvernig votlendisplöntur eru aðlagaðar miklu vatni í umhverfinu sínu.<br>Geri sér grein fyrir mikilvægi votlendis fyrir margar tegundir fugla og vatnsbúskap náttúrunnar.<br>Læri um hrossaflugu og tengsl hennar við votlendi.<br>Skilji hvað felst í myndbreytingu og átti sig á mikilli fjölbreytni skordýra og aðlögun þeirra að ólíkum aðstæðum. | |
| Mói | Líf á landi | Læri um spóa og lóu.<br>Einkenni móa.<br>Viti hvað eru þúfur og hafi hugmynd um hvernig þær myndast.<br>Þekki skordýr sem finnast í móa.<br>Læri um plöntur móans, bæði jurtir, lyng og læri að þekkja þær.<br>Geri sér grein fyrir hvað felst í sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.<br>Kynnist hreindýramosa og viti að hann telst til fléttna. | |
| Melar og berangur | Líf á Landi | Geri sér grein fyrir aðlögun plantna á melum og berangri að þurrki, vindi of oft næringarsnauðum jarðvegi.<br>Læri að þekkja nokkrar algengar jurtir þessara búsvæða.<br>Geti útskýrt hugtökin uppblástur og rofabarð<br>Kynnist mink, lifnarháttum hans og stöðu í lífríkinu.<br>Læri um hrafn, smyril og fálka. | |
| Upp til fjalla | Líf á landi | Geri sér grein fyrir kulda hálendis og hvaða áhrif hann hefur á t.d. plöntur.<br>Þekki helstu tegundir plantna sem vaxa á hálendinu<br>Fræðist um heiðgæs og hreindýr.<br>Þekki fjallagrös. | |
| Vísindi, ljós, , linsur, speglar,segull, áttaviti, kraftar, samgöngur, leyndardómar flugsins, bylgjur. | Auðvitað-Áferð og flugi | Að nemendur geti lýst bylgjuhreyfingum og rætt nýtingu hljóðs og ljóss í tækni og atvinnulífi.<br>Lýst kröftum sem hafa áhrif á daglegt líf manna. Einnig að nemendur átti sig samspili ólíkra krafta.<br>Sett fram og rætt niðurstöður athuganna á skýran og skipulegan hátt.<br>Nemendur þekki sögu vísindanna.<br>Nemendur fræðist um tímatal okkar og á hverju það byggist. | Verkefni og kaflapróf. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Námsmat fer fram í hinum ýmsu myndum svo sem sjálfsmat, jafningjamat, hópamat, kannanir þar sem nemendur mega hafa bækur með sér. Vinnueinkunn gefin fyrir vinnubækur og símat kennara yfir önnina á vinnu nemenda. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat til að fá nemendur til að velta fyrir sér námi sínu með kennurum. Mat verður lagt á hæfni nemanda og framfarir.

GILJASKÓLI

# Landafræði og saga

**Tímafjöldi á viku: 4**

**Kennari: Ásdís Elva kristinsdóttir og Katrín M Þorbjörnsdóttir**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Fjölbreyttar kennsluaðferðir eru mikilvægar vegna þess að nemendum henta ólíkar leiðir við nám, mikilvægt er að koma til móts við ólíkan námstíl nemenda. Á sama hátt er mikilvægt að nemendur kynnist og nái tökum á mismunandi aðferðum til að geta valið á milli þeirra og beitt þeim. Mikið verður unnið í hópum þar sem sérfræðihópar verða í hverjum landsfjórðungi. Hópavinna eikur samræður og eflir samkennd Einnig verður einstaklingsvinna og paravinna. Umræðu og spurnaraðferðir sem þjálfa gagnrýna hugsun. Leitaraðferð þar sem nemendur afla sér upplýsinga og vinna úr þeim.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Mikið unnið í hópavinnu til að efla sjálfsmynd og auka samkennd milli nemenda. Unnið er að því að skapa jákvæðan skólabrag til að stuðla að vellíðan allra.<br>• Verkefni unnin í sögu þar sem heilbrigði fyrr á tímum er borðið saman við okkar tíma. |
| Jafnrétti: | • Í hópavinnu fer fram mikil umræða þar sem nemendur auka skilning á viðhorfum og skoðunum annarra og læra því að taka tillit til annarra og átta sig á að allir hafa jafnan rétt. Nemendur eiga að skiptast á skoðunum og rökræða. Áhersla á að skapa samábyrgt samfélag í bekk með lýðræðislegum vinnubrögðum.<br>• Í sögu er farið yfir jafnrétti og mannréttindi á hverjum tíma fyrir sig sem er skoðaður. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Nemendur fá kennslu í lýðræðislegum vinnubrögðum. Nemendur læra um réttindi sín og skyldur þegar fjölbreyttar kennsluaðferðir eru notaðar t.d. þar sem nemendur þurfa að ræða saman við gerð verkefna og framsetningu.<br>• Í sögu eru unnin verkefni um stjórnarfar á hverjum tíma fyrir sig. |
| Læsi: | • Lögð áhersla á miðlamennt þar sem ýmsir miðlar eru notaðir við námið. Upplýsingalæsi þar sem nemendur lesa fræðilega texta tengdum námsefni og vinna úr þeim á ýmsan hátt. Vinnsla og upplýsingaöflun í tölvum (prentmál og myndmál) Lögð áhersla á stafrænt læsi og miðlalæsi. |
| Sjálfbærni: | • Í samfélagsgreinum læra nemendur að skilja veruleikann og umhverfið. Þau læra að þekkja söguna og menninguna.<br>• Skoðað hvort samfélög fyrri tíma t.d. í Róm eða á Íslandi á ákveðnum tímabilum hafi verið sjálfbær. |
| Sköpun: | • Nemendur skila niðurstöðum úr upplýsingaöflun að eigin vali þar sem lögð er áhersla á sköpun í framsetningu og hugsun. Samvinna og samræður efla skapandi og gagnrýna hugsun. |

GILJASKÓLI

## *Áætlun* haust landafræði

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| Landafræði Íslands og jarðsaga.<br><br>Kort og kortalestur.<br>Jörðin og innviðir hennar. | Ísland veröld til aðnjóta ásamt ítarefni sem fengið er með upplýsingaöflun sem við á hverju sinni. Samþætt með náttúrufræði þar sem fjallað er um lífríki Íslands. | Nemandi á að<br>- -geta gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og stöðu landsins<br>- notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga<br>- -sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni<br>- -tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.<br>- -sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.<br>- -rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra | Sjálfsmat, hópamat. kannanir og leiðsagnarmat yfir veturinn. Mat lagt á hæfni og framfarir nemenda. |
| Saga<br><br>Róm og kristni<br><br><br><br>Víkingar í norðri<br><br><br>Frá landnámi til kristni | Frá Róm til Þingvalla | - hafa gert sér nokkra mynd af Rómaveldi, umfangi þess, kennileitum og borgarlífi<br>- gera sér grein fyrir uppruna og útbreiðslu kristni í Rómaveldi og hvernig hún<br>- barst norður á bóginn<br><br>- þekkja helstu drætti í fornsögu norrænna þjóða<br>- þekkja ýmsa þætti víkingatímans<br><br>- kunna sögur af landnámi Íslands<br>- hafa nokkra þekkingu á gæðum lands við landnám, enn fremur trú og siðum,<br>- atvinnuháttum og stjórnskipan fyrstu aldir Íslandsbyggðar<br>- vita hvernig kristni festi rætur á Íslandi | Kannanir þar sem þekking á efnisþáttum eru kannaðar, leiðsagnarmat yfir önnina þar sem vinnubrögð eru metin, sjálfsmat og hópamat. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.

- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Námsmat fer fram í hinum ýmsu myndum svo sem sjálfsmat, jafningjamat, hópamat, kannanir þar sem nemendur mega hafa bækur með sér. Vinnueinkunn gefin fyrir vinnubækur og símat kennara yfir önnina á vinnu nemenda. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat til að fá nemendur til að velta fyrir sér námi sínu með kennurum. Mat verður lagt á hæfni nemanda og framfarir.

# Enska

**Tímafjöldi á viku: 2.5**

**Kennari: Katrín M Þorbjörnsdóttir og Þórður Örn Hjálmarsson**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Lögð áhersla á að efla orðaforðann í gegnum söng, leikþætti og ýmis fjölbreytt verefni. Aðaláhersla í 5. bekk er á talað mál og hlustun en einnig er byrjað á að þjálfa lestur og ritun með einföldum textum og verkefnum.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í ensku:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Unnið að því að skapa jákvæðan skólabrag með fjölbreyttum verkefnum þar sem hver og einn nemandi fær að njóta sín. Verkefni unnin með líkamann og sjúkdómum. |
| Jafnrétti: | • Allir fái að taka virkan þátt í náminu með því að fá að tjá sig á sínum forsendum. Nemendur þjálfast í að hlusta á alla í bekknum tjá sig á ensku þar sem áhersla er lögð á talað mál og hlustun. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Verkefni unnin í hópavinnu þar sem lýðræðisleg vinnubrögð eru í fyrirrúmi. Réttindi allra til að tjá sig og koma með hugmyndir. |
| Læsi: | • Valdir verða ýmsir miðlar og lesnir einfaldir textar til að þjálfa læsi og auka orðaforða í ensku. |
| Sköpun: | • Myndverk unnin í tengslum við þjálfun nýrra orða, setninga og orðasambanda á ensku. Áhersla á að nemandi fái að uppgötva og njóta þess að læra nýtt tungumál. |

## Áætlun

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| Introduction, good morning and goodbye, action songs, numbers, colours, clothes, the alphabet, body parts, family, days, months and seasons, weather, food and drink, animals and pets, feelings, time, the home, hobbies, flags and countries, things I can do, what you can learn. | Unnið er með Portfolio - Speak Out og Work Out, Lærum ensku, Hickory og Enskar málfræðiæfingar A. | Nemandi á að geta<br>-skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og nánasta umhverfi þegar talað er skýrt<br>-skilið það mál sem talað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum og athöfnum<br>- lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum<br>-spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst<br>-tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar<br>-sagt frá á einföldu máli og notað lykilorðaforða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum námsins<br>-endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv<br>- skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega, tengt saman einfaldar setningar og stafsett flest algengustu orðin | Orðaforði kannaður reglulega yfir veturinn. Framfarir og vinnusemi metin. Sjálfsmat |

## Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats: Kannanir reglulega þar sem áhersla er lögð á hæfni í námsþáttum úr námsefni og framfarir nemandans.

GILJASKÓLI

# Íþróttir

**Tímafjöldi á viku: 2**

**Kennari: Orri Hjaltalín**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Hefðbundin íþróttakennsla í íþróttahúsi Giljaskóla og útikennsla að hausti og vori eins og veður leyfir.
Helstu viðfangsefni: Grunnþjálfun, knattleikir, frjálsar íþróttir, leikfimi, fimleikar, stöðvaþjálfun, ýmsar aðrar íþróttir og fjölbreyttir leikir.
Reynt er að nálgast meginmarkmiðin og örva þroskaþættina gegnum fjölbreytta leiki og leikæfingar.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íþróttum:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti. |
| Jafnrétti: | • Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum.<br>• Nemendum er boðið uppá fyrsta flokks aðstöðu til íþróttaiðkunar og vel menntaða kennara.<br>• Mikið er lagt uppúr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins.<br>• Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks.<br>• Nemendur beri virðingu fyrir allri aðstöðu íþróttahússins.<br>• Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis. |
| Læsi: | • Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama. |
| Sköpun: | • Líkamstjáning í ýmsu formi við fjölbreyttar aðstæðu. |

## *Áætlun* í íþróttum 2014-2015

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| Grunnþjálfun helstu íþróttagreina s.s. knattleikir, frjálsar íþróttir, leikfimi og fimleikar, stöðvaþjálfun,ýmsar íþróttir og fjölbreyttir leikir. | Útikennsla (eins og veður leyfir) hlaup, hjólreiðar, leikir og óhefðbundnar íþróttir. Íþróttahús, áhöld eftir viðfangsefni. Leikreglur helstu íþrótta. Euro-test. | - Að kynna fyrir nemendum og kenna þeim undirstöðuatriði íþróttagreina<br>- Að bæta í gegnum leik og æfingar, líkamsþol, kraft, hraða, viðbragð, liðleika, líkamsreisn og líkamsvitund<br>- Að læra að fylgja reglum sem einkenna hinar ýmsu íþróttagreinar<br>- Að upplifa ánægju af eigin framförum<br>- Að auka félags, hreyfi og siðgæðisþroska<br>- Að að gera nemendur meðvitaða um mikilvægi hreyfingar | Er byggt á ástundun nemenda, vinnu í tímum, framförum og færni í ákveðnum þáttum. Lykilhæfni. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Framlegð í tímum auk færni sem mæld erí ákveðnum þáttum (euro-tests) Metið í lok haustannar og að vori. Símat á lykilhæfni.

GILJASKÓLI

# Sund

**Tímafjöldi á viku: 1**

**Kennari: Matthea Sigurðardóttir og Orri Hjaltalín**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Hefðbundin sundkennsla í Sundlaug Akureyrar, reglur, leikir, allar sundaðferðir, marvaði og stungur.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

- að bæta útfærslu og tækni allra sundaðferða
- Að minna nemendur á góða umgengni á sundstöðum
- Að nemendur hafi gaman af því að fara í Sund
- Að auka félags, hreyfi og siðgæðisþroska
- Að ljúka 5. sundstigi

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í sundi.:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti. |
| Jafnrétti: | • Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum.<br>• Nemendum er boðið uppá fyrsta flokks aðstöðu til sundiðkunar og vel menntaða kennara.<br>• Mikið er lagt uppúr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir hlutum sundlaugarinnar og öðrum sundlaugargestum.<br>• Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis. |
| Læsi: | • Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama. |
| Sköpun: | • Líkamstjáning í vatni! |

# *Áætlun* í sundi 2014-2015

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| Bringusund, skólabaksund, skriðsund, baksund, stunga, kafsund, marvaði, flugsundsfótatök og fatasund. Leikur í vatni. | 5. sundstig | Helstu markmið með sundstigum eru að:<br>- Allir fái markvissa sundkennslu og verði færir um að bjarga sjálfum sér og öðrum.<br>- Að nemendur skilji mikilvægi reglubundinnar sundiðkunar og geti nýtt sér sundið sem líkams- og heilsurækt.<br>- Veita skólanum og skólayfirvöldum gott yfirlit yfir sundgetu nemanda hvers árgangs.<br>- Að sundstigin verði markmið fyrir nemendur í sundnáminu þar sem hver nemandi fær verkefni við sitt hæfi. | Kennari gefur nemanda vitnisburð fyrir:<br>A - sundgetu á prófi<br>B - mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun (lykilhæfni) |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Verkleg próf í sundstiginu við lok haustannar og lok vorannar. Símat á lykilhæfni yfir skólaárið.

GILJASKÓLI

# Hönnun og smíði

**Tímafjöldi á viku: 2**

**Kennari: Guðmundur Elías Hákonarson**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Í upphafi kynnir kennari fyrir hópnum það sem á að vinna í tímanum, þ.e. verkefnið sjálft og þau verkfæri og það efni sem á að nota.

Nemendur hanna síðan sínar eigin útfærslur, t.d. með því að rissa upp nokkrar hugmyndir og velja svo þá sem hentar best í samráði við kennarann.

Kennari sýnir nemendum hvernig best er að vinna verkið. Misjafnt er hvort öllum bekknum er sýnt í einu eða hvort honum er skipt upp í smærri hópa. Það ræðst af umfangi verksins.

Kennari gengur á milli nemenda og kennir/aðstoðar hvern og einn.

Lögð er áhersla á að nemendum líði vel í smíðastofunni. Þeir upplifi sköpunargleði í gegnum útfærslu eigin hugmynda og öðlist aukna trú á eigin getu.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Umhverfi :

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í hönnun og smíði:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Vettvangsferðir/skógarferðir<br>• Nær umhverfið |
| Læsi: | • Náttúrulæsi |
| Sjálfbærni: | • Endurnýting, virðing fyrir umhverfi, gróðursetja tré. |
| Sköpun: | • Hugmyndavinna, uppgötva, örva forvitni, virkja ímyndunaraflið. |

## *Áætlun*

| | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| Fyrsta verkefnið sem unnið verður er skál/bolli úr lerki sem er fengið úr grenndarskógi okkar.<br>Frjáls verkefni sem nemendur hanna sjálfir. | Sýnishorn af verkefnum, ýmis handverkfæri, tifsög, brennipenni, handborvél og súluborvél. Efni til vinnslu verkefna. | – finni fyrir vellíðan og upplifi sköpunargleði í ferlinu<br>– móti smíðisgrip eftir smekk og viðhorfum<br>– sýni ábyrga umgengni og fari eftir almennum reglum í smíðastofunni<br>– skilji mikilvægi þess að nota persónuhlífar við vinnu<br>– sýni skilning á góðri samvinnu<br>– þekki algengan íslenskan trjávið og hafi notað í smíðaverkefni<br>– hafi tamið sér að gera alltaf sitt besta<br>– hafi fengið tilfinningu fyrir því hvað er vel gert og hvað ekki<br>– geti lagt mat á eigin verk | Námsmat:<br><br>– Einstaklingsbundið leiðsagnarmat og símat í hverjum tíma |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

GILJASKÓLI

# Handmennt

**Tímafjöldi á viku: 2**

**Kennari: Bergdís Kristmundsdóttir**

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íþróttum:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Jafnrétti: | • Áhersla á að handverk sé fyrir bæði kynin |
| Sjálfbærni: | • Nemendur læra að nýta efni og nota íslenska ull |
| Sköpun: | • Nemendur skapa hluti sem eru þeirra eigin og enginn á alveg eins. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.

| *Markmið* | *Viðfangsefni, námsefni* | *Mat* |
|---|---|---|
| Að þjálfa nemendur í prjóni og gera þau sjálfbjarga í einföldum verkefnum | Nemendur prjóna einfalda vettlinga.<br>Síðan velja nemendur sjálfir verkefni þar sem þeirra sköpunargáfa fær að njóta sín. | Lykilhæfniþættir eru metnir í lok hvers tíma og skráð niður. Lokamat byggist á þessu símati |

GILJASKÓLI

# 6. bekkur

## Íslenska

**Tímafjöldi á viku: 7 kennslustundir**

**Kennari: Astrid Hafsteinsdóttir og Íris Ósk Tryggvadóttir**

### *Kennsluaðferðir og skipulag*

Nemendur eru æfðir í að lesa upphátt, flytja ljóð, endursegja ýmiss konar texta, gera grein fyrir máli sínu og segja skipulega frá. Þeir þjálfast einnig í að hlusta á aðra og tileinka sér efni sem flutt er.
Kennsluaðferðin PALS er notuð til að efla lestur og lesskilning nemenda.
Nemendum eru kynntar reglur um stafsetningu og greinarmerki og þeir fá æfingu í notkun þeirra. Þjálfun í ólíkum þáttum ritaðs máls stuðlar að betra valdi á málinu. Þjálfun í stafsetningu er samþætt við aðrar námsgreinar.
Lögð er áhersla á fjölbreytt orðaval við ritun og skýra framsetningu texta. Fjölbreytt ritunarverkefni eru unnin og ritun samþætt við samfélagsfræði.
Bókmenntatextar verða lesnir og ætlast til þess að nemendur nýti þá til fróðleiks og skemmtunar. Rýnt verður í efni og innihald mismunandi texta.
Verkefni unnin með textum þar sem hvatt er til ritunar og munnlegrar tjáningar af ýmsu tagi t.d. frásagnar og rökræðu.
Málfræði er ætlað að efla skilning og áhuga nemenda á móðurmálinu og vekja þá til vitundar um eigin málkunnáttu. Nemendur læra helstu grunnhugtök málfræði og þjálfast í notkun þeirra. Málfræðikennsla á þessu stigi miðar að því að gera nemendur færa um að ræða mál og málfar og að gera þá meðal annars þannig að betri málnotendum. Mikilvægt er að nemendur geri sér grein fyrir að málfræðiþekking nýtist í stafsetningu og tungumálanámi. Kennsluaðferðin Orð af orði er notuð við málfræðiþjálfun.
Áhersla verður lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir og lögð áhersla á að vinna með Orð af orði.
Mikil áhersla verður lögð á metnað og vönduð vinnubrögð.

## Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íslensku:

| Grunnþáttur | Áhersluþættir grunnþátta menntunar |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Tekið verður mið að þörfum allra hvað varðar nám í íslensku til að skapa líkamlega og andlega vellíðan. Skapað jákvætt andrúmsloft og jákvæð viðhorf til íslenskunáms. |
| Jafnrétti: | • Nemendur fá að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Nemendur fá því verkefni við hæfi hvers og eins. Unnið verður með texta sem tekur á jafnrétti og réttlæti. Unnið að því að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti. Ritun unnin með jafnrétti í huga. Fundið hugtök sem tengjast jafnrétti. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Nemendur verða þjálfaðir í gagnrýninni hugsun í tengslum við verkefnavinnu í íslensku. Lýðræðisleg vinnubrögð verða æfð í hópavinnu þar sem sjónarmið allra fá að njóta sín. |
| Læsi: | • Nemendur ná tækni í lestri og ritun. Yndislestur, Pals, gagnvirkur lestur. |
| Sjálfbærni: | • Nemendur takist á við ýmiss álitamál og ágreiningsefni í lesnum textum. |
| Sköpun: | • Nemendur nái að bregðast við því sem þeir lesa á persónulegan hátt og túlka sögur og ljóð. Skapa sín verk með ritun og umræðum. Skapa myndverk við texta sem lesinn er. Semja sögur og ljóð. |

## Áætlun

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| Lestur og lesskilningur<br>- Mikil áhersla lögð á að nemendur lesi margs konar texta, bæði í skóla og heima.<br>- Lestrarkennsluaðferðin Pals er notuð við þjálfun í lestri og lesskilning.<br>- Nemendum gefinn kostur á að kynna áhugaverðar bækur og glæða þannig áhuga og forvitni annarra nemenda á bókum.<br>- Lesskilningsaðferðar kenndar | Bækur, hljóðbækur, bókmenntatextar, fræðitextar, ljóð og blaðagreinar.bækur, bókmenntatelaðagreinar. | - vera orðinn vel læs og hafa öðlast góðan lesskilning og fjölbreyttan orðaforða<br>- gera sér grein fyrir aðalatriðum í texta og helstu efnisorðum<br>- hafa þjálfast í mismunandi lestraraðferðum, svo sem nákvæmnislestri, leitarlestri og yfirlitslestri<br>- geta lesið sér til ánægju og gert grein fyrir þeim áhrifum sem tiltekinn texti hefur á hann<br>- geta notið þess að hlusta á upplestur og frásagnir<br>- geta aflað upplýsinga úr bókum, margmiðlunarefni og af Netinu og unnið úr þeim<br>- geta unnið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum<br>- lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi,lagt mat | Lestrarpróf verða nokkrum sinnum yfir veturinn.<br><br>Lesskilningspróf verða lögð fyrir í október, janúar, mars og maí. |

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| og nemendur hvattir til að beita þeim við lestur námsefnisendum | | á hann og túlkað | |
| Bókmenntir og ljóð<br>- Lesnir verða margs konar textar og ljóð. Samræður og verkefni unnin.<br>Ritgerðarvinna á vorönn. | Vanda málið-ekki málið<br>Rauðkápaanda málið - Ekki Benjamín dúfa<br>Fransktbrauð með sultu | - geta endursagt það sem hann hefur lesið eða heyrt<br>- segja skipulega frá<br>- geta notið bókmennta- og afþreyingarefnis, upplestrar, leiksýninga og söngs<br>- geta flutt og sungið algeng íslensk ljóð<br>- kunna að hlusta og taka eftir og geta nýtt sér upplýsingar í töluðu máli<br>- hafa lesið fornar og nýjar íslenskar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur og goðsögur<br>- hafa kynnst öðrum menningarheimum með því að lesa þýddar sögur og ljóð<br>- hafa lesið leikþætti og lært nokkur valin ljóð<br>- þekkja fáein bókmenntafræðileg hugtök til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, samlíkingu og boðskap<br>- þekkja nokkur frásagnarform bókmennta, svo sem smásögu, ævintýri, goðsögu og ljóð | Munnlegt próf í lok hvorrar annar.<br>Umsögn þar sem vinna vetrarins er metin.<br>Ritgerð metin. |
| Ritun<br>- Í ritunarvinnu er lögð áhersla á að nemendur temji sér skapandi skrif. Ritunarvinna tengist viðfangsefnum margra námssviða. | Ritunarbókin<br>Vanda málið | - skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur,<br>- valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni,<br>- samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa,<br>- beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim,<br>- lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig | Umsögn þar sem vinna vetrarins er metin. |

GILJASKÓLI

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| | | höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun, | |
| Málfræði<br>- Unnið er með sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og hlutverk og einkenni þeirra greind<br>- Orð af orði<br>- Unnið verður með andheiti, samheiti, rím, orðtök, málshætti, nafnorð, lýsingarorð og sagnorð. | Vanda málið<br>Málrækt | - hafa ræktað með sér áhuga á móðurmálinu og vitund um eigin málkunnáttu<br>- geta nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun og stafsetningu<br>- kunna að fletta upp orðum eftir stafrófsröð og að nýta sér upplýsingar í orðabókum<br>- átta sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð<br>- þekkja helstu einkenni orðflokka og beygingarformdeildir þeirra, svo sem kyn, tölu, fall, stigbreytingu, nútíð, þátíð og nafnhátt<br>- gera sér nokkra grein fyrir mismunandi hlutverkum orða í texta<br>- þekkja mun orðtaka og málshátta og hafa náð nokkurri leikni í að beita þeim<br>- skilja að málfræðiþekking nýtist í tungumálanámi | Munnlegar og/eða skriflegar kannanir í lok efnisþátta.<br>Skriflegt próf í lok skólaárs. |
| Skrift<br>- Mikil áhersla er lögð á að nemendur vandi stafdrætti og almenn vinnubrögð í öllum námsgreinum og verkefnum | Skriftarhefti | - skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur | Sjálfsmat á vinnubrögðum í öllum námsgreinum.<br>Umsögn þar sem vinna vetrarins er metin. |
| Stafsetning<br>- Nemendur vinna verkefni sem þjálfa stafsetningarreglur og ná góðu valdi á þeim | Mál í mótun<br>Vanda málið<br>Textar sem verið er að vinna með | - Nemendur vinna verkefni sem þjálfa stafsetningarreglur. Áhersla á rétta stafsetningu við alla ritun. | Endurgjöf frá kennara í kennslustundum.<br>Stafsetningarupplestrar reglulega |

GILJASKÓLI

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Námsmat verður í formi verkefna og leiðsegjandi umsagna jafnt og þétt yfir önnina. Verkefni verða birt í verkefnabókum á Mentor. Lokapróf að vori.

GILJASKÓLI

# Stærðfræði

**Tímafjöldi á viku: 6 kennslustundir**

**Kennari: Astrid Hafsteinsdóttir og Íris Ósk Tryggvadóttir**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Áhersla er lögð á samræður í stærðfræði og vinna sé hlutbundin. Innlögn kennara er þegar byrjað er á viðfangsefni og nemendur fá áætlun fyrir hverja viku til að vinna eftir. Unnið er í hópum og í einstaklingsvinnuGrunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í Stærðfræði:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Verkefni valin með velferð hvers nemanda í huga. |
| Jafnrétti: | • Allir nemendur hafa jafnrétti til náms. Leitast við að nám miðist við einstaklingsþarfir hvers og eins. Nemendur hafa ólíkar forsendur til náms og virða ber alla með því að hlusta á allar hugmyndir sem nemendur hafa fram að færa. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Réttur allra er virtur og teknar lýðræðislegar ákvarðanir í hópum eða bekk þegar við á. Mikilvægt að nemendur þrói með sér hæfni til að rökstyðja og leggja mat á rökstuðning annarra með hjálp stærðfræðinnar. Virkar samræður um námsþætti hverju sinni. |
| Læsi: | • Nemendur æfast í læsi á stærðfræðileg hugtök. Tekin verða fyrir þau hugtök sem verið er að vinna með hverju sinni og farið í merkingu þeirra.<br>• Nemendur æfast í að lesa og skilja stærðfræðiverkefni eins og í orðadæmum og textaverkefnum<br>• Læra að lesa stærðfræðileg tákn þ.e. tölustafina og vita hvernig þeir eru settir saman og þekkja aðgerðartáknin.<br>• Verkefni fundin þar sem nemendur læri að lesa tölfræðigögn. |
| Sjálfbærni: | • Hugað er að eigin velferð og annarra og skapað vinnuumhverfi þar sem nemendur eru samábyrgir.<br>• Verkefni sem unnið er í samfélagsfræði sett upp með vinnuaðferðum stærðfræðinnar. |
| Sköpun: | • Í vinnu í stærfræði eru notaðar ýmsar aðferðir til að tjá sig eins og teikningar, skissur, myndir, töflur og myndrit.<br>• Vinnum skapandi verkefni í hópastarfi á Degi stærðfræðinnar.<br>• Unnið í hópum þar sem ákveðið þema er tekið fyrir og nemendur ákveða hvernig þeir vilja skila úrvinnslu á skapandi hátt. |

GILJASKÓLI

## *Áætlun* 2014-2015

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| Tölur og reikningur<br>- Tugakerfið<br>- Námundun og slumpreikningur<br>- Samlagning, frádráttur, margföldun og deiling<br>- Negatívar tölur<br>- Talnarunur | Stika 2a nemendabók bls 4-41 og æfingahefti bls | - Skilja sætiskerfið hvað varðar heilar tölur og tugabrot, allt frá þúsundustu hlutum til milljóna, svo og skilja hvernig talnasviðið er víkkað út til að ná yfir negatífar tölur<br>- Geta raðað tölum eftir stærð og staðsett þær á talnalínu<br>- þekkja silgreiningu á frumtölum og geta sagt til um hvort ákveðin tala undir 100 sé frumtala eða ei<br>- geta lagt saman og dregið frá með negatífum tölum og tugabrotum; geta leyst dæmi í huganum og ráða við að reikna með skriflegum aðferðum eins og hinum hefðbundnu reikningsaðferðum<br>- geta þróað með sér og notað aðferðir til að margfalda og deila; skilja hina hefðbundnu reikningsaðferð í margföldun og geta margfaldað saman heilar tölur og tugabrotkostur á að kynna áhu | Kaflakönnun við lok kaflans þar sem hæfni í efni kaflans er metin. Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin. |
| Líkur<br>- Tilviljanir, óvissa, möguleiki<br>- Miklar eða litlar líkur<br>- Líkur sem er brot á milli 0 og 1 | Stika 2a nemendabók bls 42-59 og æfingahefti bls | - Geta metið líkur við mismunandi aðstæður, hvort miklar eða litlar líkur eru á að ákveðinn atburðurverði, t.d. hvort hann komi fyrir í meira eða minna en helmingi tilvika<br>- Geti reiknað út líkur út frá einföldum tilraunum, t.d. geta sagt til um að líkurnar á að fá sexu með teningi séu einn sjötti<br>- Geta notað reynslu sína og gert tilraunir til að segja til um með tölu hversu líklegt sé að ákveðin atburður verði<br>- Geta notað úrtak úr safni til að segja til um samsetningu þess, t.d. um fjölda kúlna í mismunandi litum í poka með því að skoða nokkrar kúlnanna. | Kaflakönnun við lok kaflans þar sem hæfni í efni kaflans er metin. Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Tugabrot<br>- Tíunduhlutar, hundraðshlutar, þúsundustuhlutar<br>- Talnamynstur með tugabrotum<br>- Samlagning, frádrattur og margföldun með tugabrotum<br>- Að giska á svör, reikna með slumpreikningi og námunda tölur | Stika 2a nemendabók bls 60-93 og æfingahefti bls | - Geta lagt saman og dregið frá með tugabrotum<br>- Geta margfaldað saman heilar tölur og tugabrot<br>- Geta áætlað svar við dæmi, námundað og notað slumpreikning einnig með tugabrotum<br>- Geta kannað og lýst talnamynstrum í tengslum við tugabrot<br>- Skilja sætiskerfið hvað varðar heilar tölur og tugabrot, allt frá þúsundustu hlutum | Kaflakönnun við lok kaflans þar sem hæfni í efni kaflans er metin. Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin. |
| Rúmfræði<br>- Búa til þrívíða hluti<br>- Teikna form og aðrar myndir í þrívídd<br>- Eiginleikar og einkenni tvívíðra og þrívíðra forma<br>- Þekkja mismunandi rúmfræðiform | Stika 2a nemendabók bls 94-128 og æfingahefti bls | - Geta greint eiginleika og einkenni tví- og þrívíðra forma, t.d með því að athuga hornalínur ýmissa tvívíða forma og kanna hvað er líkt og hvað er ólíkt með mismunandi formum eins og strendingum og pýramídum.<br>- Geta lýst áþreifanlegum hlutum sem tengjast tækni, hönnun og hinu daglega lífi með því að nota rúmfræðileg hugtök<br>- Geta búið til þrívíða hluti og teiknað þá frá mismunandi sjónarhornum<br>- Geta teiknað í fjarvídd út frá hvarfpunkti<br>- Geta notað gráðuboga til að mæla horn<br>- Geta skilið á hverju flatarmál byggist, geta reiknað flatarmál rétthyrninga og þríhyrninga og finna þannig yfirborðsflatarmál strendinga<br>- Geta notað mælikvarða til að reikna út stærðir og til að stækka og minnka myndir | Kaflakönnun við lok kaflans þar sem hæfni í efni kaflans er metin. Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin. |

GILJASKÓLI

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mælingar<br>- Þyngd og mælieiningar eins og gr, hg, kg og tonn<br>- Um rúmmál og mælieiningar eins og ml, cl, dl og l<br>- Að reikna rúmmál ferstrendinga<br>- Að reikna tíma | Stika 2b nemendabók bls 4-33 og æfingahefti bls 4-20 | - Geta áætlað mál, valið viðeigandi mælingatæki og framkvæmt mælingar, sem tengjast dagleg lífi og tækni, og geta metið niðurstöður með hliðsjón af ónákvæmni mælinga og kröfum um nákvæmni<br>- Geta valið viðeigandi mælieiningu og breytt einni mælieiningu í aðra, t.d þessum<br>- -mm, cm, dm, m og km<br>- -ml, cl, dl, l<br>- -g, hg, kg og tonn<br>- Geta skilið á hverju rúmmál byggist og reiknað rúmmál strendinga<br>- Geta reiknað tíma, t.d. fundið tímann milli tveggja ártala og milli tveggja tímasetninga | Kaflakönnun við lok kaflans þar sem hæfni í efni kaflans er metin. Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin. |
| Almenn brot<br>- Almenn brot sem hluti af heild og sem hluti af safni<br>- Almenn brot sem eru jafngild<br>- Stytting og lenging almennra brota<br>- Samlagning, frádráttur og margföldun almennra brota | Stika 2b nemendabók bls 34-65 og æfingahefti bls22-37 | - Skilja almenn brot sem hluta af heild og safni sem hlutföll og sem tölur á talnalínu<br>- Grta lengt og stytt brot, fundið jafn stór, jafngild brot og raðað brotum eftir stærð<br>- Geta lagt saman og dregið frá með ósamnefndum brotum og margfaldað saman heila tölu og brot<br>- Geta táknað afgang í deiling með almennu broti eða tugabroti | Kaflakönnun við lok kaflans þar sem hæfni í efni kaflans er metin. Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin. |
| Margföldun og deiling<br>- Skriflegar reikningsaðferðir í margföldun og deilingu<br>- Reikna dæmi úr daglegu lífi<br>- Margfalda tugabrot<br>- Að nota vasareikni<br>- Margföldunartöflurnar og að nota hugareikning | Stika 2b nemendabók bls 66-97 og æfingahefti bls 41-53 | - Geta notað reikningsaðgerðirnar fjórar til að leysa verkefni úr daglegu lífi með því að velja rétta reikningsaðgerð bæði með hefðbundnum skriflegum aðferðum, með hugarreikningi og með vasareikni<br>- Geta sett upp dæmi og geta útskýrt útreikninga, og aðferðir og rökstutt lausnaleiðir | Kaflakönnun við lok kaflans þar sem hæfni í efni kaflans er metin. Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hnitakerfi og hlutföll<br>• Staðsetning, speglun og heryfing í hnitakerfi<br>• Hlutfallareikningur, t.d um<br>-mælikvarða<br>-vegalengd og hraða<br>-kaup og sölu og erlendan gjaldeyri<br>-uppskriftir | Stika 2b nemendabók bls 98-128 og æfingahefti bls 56-64 | - Geta notað hnit til að lýsa staðsetningu og hreyfingu í hnitakerfi, bæði á blaði og með stafrænum tækjum<br>- Geta notað hnit til að reikna út fjarlægðir sem eru samsíða ásum í hnitakerfinu<br>- Geta notað mælikvarða til að reikna út fjarlægðir og búa til einföld kort og vinnuteikningar og til að stækka og minnka rúmfræðileg form og myndir<br>- Skilja hlutföll/hlutfallareikning í daglegu lífi | Kaflakönnun við lok kaflans þar sem hæfni í efni kaflans er metin. Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Kaflakönnunum við lok hvers kafla. Tilgangur kannana og mats er að leiðbeina nemendum við námið. Kaflakannanir eru nýttar til að meta hvað þarf að fara betur yfir og hjálpa nemendur til að bæta sig. Vinnubrögð, hæfni og framfarir nemenda eru metin reglulega yfir veturinn. Lokapróf eru tekin eftir áramót og að vori.

GILJASKÓLI

# Samfélagsfræði

**Tímafjöldi á viku: 3**

**Kennari: Bergdís Kristmundsdóttir**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Á fyrri hluta annarinnar munu nemendur lesa lesbókina og vinna margvísleg verkefni.

Á seinni hluta annarinnar verða hópaskiptingar þar sem nemendur stofna ferðaskrifstofu. Hver hópur fær úthlutað einu Norðurlandi og þarf að afla sér upplýsinga um landið. Hópurinn þarf að útbúa kynningu á landi og þjóð. Hver hópur hefur val með útfærslu á kynningu

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í samfélagsfræði:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Rætt um velferð og heilsu Norðurlandabúa. |
| Jafnrétti: | • Rætt um réttindi og skyldur í velferðarþjóðfélagi. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Fræðst um stjórnarhætti á Norðurlöndunum. |
| Læsi: | • Áhersla verður á að efla kortalæsi nemenda. |
| Sjálfbærni: | • Fræðst um náttúru og umgengni um hana. |
| Sköpun: | • Nemendur vinni verkefni þar sem sköpunargáfan fær að njóta sín |

GILJASKÓLI

## *Áætlun*

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| Megin viðfangsefni námssviðsins eru Norðurlöndin; Noregur, Svíþjóð, Finnland, Álandseyjar, Danmörk, Færeyjar og Grænland. Fjallað verður um landshætti og veðurfar, atvinnuvegi og náttúruauðlindir, stjórnarfar, tungumál og fleiri þætti sem tengjast hverju landi.<br><br>Einnig verður unnið með kort og loftmyndir, landshætti, landmótun, loftslag, gróðurbelti, golfstrauminn, auðlindir og orku, lífsskilyrði, trúarlíf o.fl. | Unnið er með Norðurlönd, lesbók og vinnubók. Notast verður við netið til upplýsingaöflunar ásamt öðru lesefni sem til fellur.<br>Í fyrri hluta bókarinnar er almenn umfjöllun um Norðurlöndin. Í seinni hlutanum er fjallað um einkenni hvers lands fyrir sig. Krækjur sem nemendur geta skoðað heima og í skólanum. | *Kort og myndir*<br>Nemandi:<br>- læri að lesa legu staðar á heimskorti út frá lengdar- og breiddargráðum<br>- læri að lesa af hefðbundnu staðfræðikorti upplýsingar um megindrætti landslags, landnotkun, búsetu og samgöngukerfi<br>- þekki á Evrópukorti nöfn og legu Norðurlandanna, stærstu borgir, ár, vötn, eyjar og fjallgarða<br>*Landafræði Norðurlanda*<br>Nemandi :<br>- kynnist landslagi, náttúrufari og auðlindum Norðurlandanna og mótun ísaldarjökulsins<br>- þekki megineinkenni gróðurfars og loftslags Norðurlanda auk ríkjandi vinda og hafstrauma<br>- átti sig á að hann elst upp við aðstæður sem eru síbreytilegar<br>- kynnist dæmum um ólík lífsskilyrði fólks á Norðurlöndum<br>- fjalli um í hvaða átt þróunin stefnir í litlum samfélögum, meðalstórum bæjum og stórum borgarsamfélögum á Norðurlöndunum<br>- átti sig á hvað er líkt og hvað ólíkt í atvinnulífi, búsetumynstri og lífsháttum Norðurlandabúa<br>- -þekki helstu menningareinkenni Norðurlandabúa eins og tungumál, trúarbrögð, lífskjör, menntamál og félagsmál<br>- þekki helstu atvinnuvegi Norðurlandabúa og framleiðslu þeirra<br>- kunni dæmi um hvernig náttúran hefur haft áhrif á lifnaðarhætti fólksins<br>- kynnist hvernig framleiðsla íbúanna og neysla þeirra hefur áhrif á náttúruna<br>- þekki dæmi um það hvað íbúar Norðurlanda hafa gert til að ráða bót á því sem miður hefur farið í umhverfi þeirra<br>- kynni sér á hvaða sviðum Norðurlandaþjóðirnar eiga með sér samstarf og í hverju það felst | Símat alla önnina þar sem kennari heldur skráningu um vinnusemi og framfarir.Heimapróf eða verkefni sem metið er til námsmats.Kynning metin, innihald og framsögn. |

GILJASKÓLI

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Símat alla önnina þar sem kennari heldur skráningu um vinnusemi og framfarir. Heimapróf og verkefni sem metin eru til námsmats. Kynning metin, innihald og framsögn.

GILJASKÓLI

# Náttúrufræði

**Tímafjöldi á viku: 3**

**Kennari: Sigrún Þórólfsdóttir**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Unnið verður með fjölbreyttar kennsluaðferðir því mikilvægt er að nemendur kynnist og nái tökum á mismunandi aðferðum til að geta valið á milli þeirra og beitt þeim. Við munum nota útlistunarkennslu, þulunám og þjálfunaræfingar, verklegar æfingar, útikennslu, umræðu- og spurnaraðferðir, leitaraðferðir og hópvinnubrögð.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í Náttúrufræði:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Í bókinni Maðurinn er farið í uppbyggingu líkamans, hvernig við eigum að hlúa að líkamanum ásamt því hvers ber að varast eða hvernig sé hægt að lifa heilbrigðu lífi í sátt og samlyndi við líkamann. |
| Jafnrétti: | • Jafnrétti er tekið fyrir í efni um kynlíf og samskipti, t.d. í kaflanum Vinir og óvinir, einnig eru unnin verkefni sem snúa að einelti og virðingu. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Valið verkefni um vímuefni er unnið í hópum og þar er áhersla lögð á réttindi okkar og skyldur gagnvart vímuefnum og umhverfninu. Í kaflanum Þú skiptir máli er farið í rétt á að vera maður sjálfur. |
| Læsi: | • Lestur námsbóka í náttúrufræði krefst mikillar þjálfunar í að greina aðalatriði frá aukaatriðum. Rýna þarf í textann og skilgreina hugtök.<br>• Einig þurfa þau að lesa úr ýmiskonar myndum og líkönum. |
| Sjálfbærni: | • Að ræða ágreining út frá rökum sem eiga sér rætur í sjálfbærnimenntun er góð leið til þess að skapa skýra framtíðarsýn. |
| Sköpun: | • Vinnubókin er stór þáttur í upphafi vetrar þar sem unnið er með smekklega en skipulagða uppsetningu þar sem þeim er uppálagt að gera hana að sinni. Ýmis verkefni eru unnin þar sem lögð er áhersla á frumleika, frumkvæði og ímyndunarafl. Eins eru verkefni sem byggja á uppgötvun og sjálfstæðu námi. |

GILJASKÓLI

*Áætlun 2014-2015*

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| Megin viðfangsefni námsefnisins í lífvísindum eru hvernig allir hlutar líkamans starfa saman. Fjallað er um félagsskap og ást, útlit og tilfinningar.<br><br>Megin viðfangsefni námsefnisins í eðlisvísindum eru alheimurinn, sólkerfið og jörðin. Unnið er með myndun og mótun lands og tengt við eldhræringar á Íslandi í dag, einnig hafið, lofthjúpinn og veðrið. | Auðvitað – jörð í alheimi<br><br>Maðurinn – hugur og heilsa | - geta greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir,<br>- geta rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi,<br>- gert sér grein fyrir mikilvægi gagna og líkana við að útskýra hluti og fyrirbæri,<br>- geta lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum,<br>- geta útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks,<br>- geta tengt þekkingu og beitingu vinnubragða í náttúrufræðinámi við lausn annarra verkefna og útskýrt hugsanleg áhrif nýjustu tækni og vísinda á vísindalega þekkingu.<br>- framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni,<br>- geta tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að vega og meta ólíka kosti.<br>- tengt þekkingu og beitingu vinnubragða í náttúrufræðinámi við lausn annarra verkefna og útskýrt<br>- hugsanleg áhrif nýjustu tækni og vísinda á vísindalega þekkingu.<br>- útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum,<br>- beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda,<br>- kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur,<br>- sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt,<br>- geta hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.<br>- geta tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa,<br>- geta lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi, sagt frá hugsanlegri þróun í framtíðinni,<br>- framkvæmt og lýst eigin athugunum á jarðvegi, veðrun, rofi og himingeimnum,<br>- geta útskýrt hvernig Ísland byggist upp, hvernig landslag þess og jarðvegur breytist,<br>- geta rætt um hvernig ræktanlegt land er notað og ýmsar hliðar landnotkunar og verndunar gróðurs,<br>- geta útskýrt innbyrðis afstöðu sólar og jarðar og hvernig hreyfing þeirra tengist árstíða- og dægraskiptum og því að tíminn líður, | Lykilhæfni nemenda er metin jafnóðum,<br><br>vinnubók og verkefnamöppu þar sem þau safna öllum unnum verkefnum, einnig, kynningar og veggspjöld.<br><br>Kannanir verða lagðar fyrir reglulega yfir tímabilið, s.s. gagnapróf, quiss eða hefðbundið próf.<br><br><u>Maðurinn</u><br>✓ Plastmappa 25 %.<br>✓ Vinnubók 25%<br>✓ Kannanir 20%<br>✓ Verkefni 30%<br><br><u>Auðvitað – Jörð í alheimi</u><br>✓ Plastmappa 50 %.<br>✓ Kannanir 20%<br>✓ Verkefni 30% |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | - geta lýst samspili lífvera og lífvana þátta og tengt það hugmyndum manna um uppruna og þróun lífs á jörðu.<br>- geta gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu, hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun,<br>- gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama,<br>- lýst helstu líffærakerfum mannslíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum,<br>- útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er,<br>- útskýrt lífsskilyrði manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu,<br>- lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna,<br>- gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu, hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun,<br>- unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkskiptri tímaáætlun við að hanna umhverfi, hlut, kerfi. | |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Matið á fyrsta matstímabili (okt.) byggist á Lykilhæfni í námi (sjá að ofan).
- ✓ Mat á öðru tímabili (jan.) byggist að mestum hluta til á Lykilhæfni en að einhverju leyti skarast það á við Hæfni innan námssviðs.
- ✓ Lokamat að vori byggist á Lykilhæfni og Hæfni innan námssviðs.

GILJASKÓLI

# Samfélagsfræði - saga

**Tímafjöldi á viku: 3**

**Kennari: Bergdís Kristmundsdóttir**

## Kennsluaðferðir og skipulag

Farið yfir efni bókarinnar, verkefni unnin úr bókinni. Unnin verða einstaklingsverkefni, hópaverkefni. Unnið er í sérfræðingahópum þar sem lögð er áhersla á upplýsingaleit og verkefnavinnu og framsögn.

Lögð er áhersla á að örva bæði skapandi og gagnrýna hugsun, hvetja nemendur til þess að færa rök fyrir máli sínu þegar þau kynna verkefni sín fyrir öðrum og meta eigin vinnubrögð.

## Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í samfélagsfræði-sögu:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Skoðað hvernig heilsufar forfeðra okkar var |
| Jafnrétti: | • Staða kynja og þjóðfélagshópa áður fyrr skoðuð |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Stjórnarhættir og réttindi fólks áður fyrr skoðuð. |
| Læsi: | • Almennt læsi þjálfað. |
| Sjálfbærni: | • Skoðað hvernig samfélag forfeðra okkar var séð út frá sjálfbærni. |
| Sköpun: | • Unnin skapandi verkefni. |

GILJASKÓLI

## *Áætlun*

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| Meginmarkmið er að varpa ljósi á íslenskt samfélag frá landnámi fram til loka miðalda. Annars vegar er gerð grein fyrir myndun og þróun íslensks samfélags í réttri tímaröð. Hins vegar eru tilteknir þættir samfélagsins teknir fyrir og þeir útskýrðir. Efnið er fléttað saman með þeim hætti að nemendur fái tilfinningu fyrir framvindu sögunnar um leið og þeir átti sig á samhengi tiltekinna samfélagsþátta. Aðalatriðið er að veita skýra innsýn í samfélag miðalda þar sem nemendur geta áttað sig á lífsskilyrðum almennings og ólíku hlutskipti landsmanna varðandi auð og völd. Líf Snorra Sturlusona er skoðað og sett í samhengi við atburði í Íslandssögunni. | Unnið með bókina Sögueyjan 1. hefti. . Hópaverkefni og einstaklingsverkefni unnin í tengslum við efnið. | Að nemandi geti:<br>- -greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf,<br>- -aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar-og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum.<br>- -notað mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni,<br>- -lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi<br>- -notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga,<br>- -rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu,<br>- -metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð,<br>- -velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af, svo sem umhverfi, samfélagsskipulagi og þjóðfélagshreyfingum,<br>- -lýst einkennum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti,<br>- -dregið upp mynd af afmörkuðum efnisþáttum stórrar og smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar,<br>- -greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum, | Mat á hæfni og framförum nemenda metið reglulega með þeim hætti að niðurstöður nýtist sem best nemendum við áframhaldandi nám.<br>Lögð er áhersla á leiðsagnarmat sem byggist á því að nemendur velti reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum og vinni sjálfsmat.<br>Nemendur eru virkir þátttakendur í námsmati. Sjálfsmat og jafningjamat verða unnin með reglulegu millibili. |

GILJASKÓLI

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats: Sjálfsmat, jafningjamat í hópavinnunni, leiðsagnarmat kennara reglulega yfir önnina. Kaflakannanir. Mat á vinnubók.

# Trúarbragðafræði

**Tímafjöldi á viku: 1**

**Kennari: Astrid Hafsteinsdóttir og Íris Ósk Tryggvadóttir**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Fjölbreyttar kennsluaðferðir eru mikilvægar vegna þess að nemendum henta ólíkar leiðir við nám og mikilvægt er að koma til móts við ólíkan námsstíl nemenda. Á sama hátt er gott að nemendur kynnist og nái tökum á mismunandi aðferðum til að geta valið á milli þeirra. Í trúabragðafræði munum við beita útlistunarkennslu, umræðu- og spurnaraðferðum, leitaraðferðum, þjálfunaraðferðum auk hópavinnubragða og verkefnavinnu.

Í **trúarbragðafræði** fjöllum við um mismunandi trúarbrögð heims, s.s. kristni og Hindúisma. Mikilvægt er að auka skilning manna á trúarbrögðum heims, draga úr fordómum og bæta samskipti manna á milli. Fjölmenning er hluti hvers lands í heiminum.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í trúabragðafræði:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Mikið unnið í hópavinnu til að efla sjálfsmynd og auka samkennd milli nemenda. Unnið er að því að skapa jákvæðan skólabrag til að stuðla að vellíðan allra. |
| Jafnrétti: | • Í hópavinnu fer fram mikil umræða þar sem nemendur auka skilning á viðhorfum og skoðunum annarra og læra því að taka tillit til annarra og átta sig á að allir hafa jafnan rétt. Nemendur eiga að skiptast á skoðunum og rökræða. Áhrsla á að skapa samábyrgt samfélag í bekk með lýðræðislegum vinnubrögðum |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Nemendur fá kennslu í lýðræðislegum vinnubrögðum. Nemendur læra um réttindi sín og skyldur þegar fjölbreyttar kennsluaðferðir eru notaðar t.d. þar sem nemendur þurfa að ræða saman við gerð verkefna og framsetningu |
| Læsi: | • Lögð áhersla á miðlamennt þar sem ýmsir miðlar eru notaðir við námið. Upplýsingalæsi þar sem nemendur lesa fræðilega texta tengdum námsefni og vinna úr þeim á ýmsan hátt. Vinnsla og upplýsingaöflun í tölvum (prentmál og myndmál) Lögð áhersla á stafrænt læsi og miðlalæsi. |
| Sjálfbærni: | • Í kristnum fræðum fræðast nemendur um ólík trúarbrögð. Þau læra að þekkja önnur trúarbrögð og menninguna þeirra. |
| Sköpun: | • Nemendur skila niðurstöðum úr upplýsingaöflun að eigin vali þar sem lögð er áhersla á sköpun í framsetningu og hugsun. Samvinna og samræður efla skapandi og gagnrýna hugsun. |

GILJASKÓLI

## Áætlun

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| Sköpunarverkið, Dómararnir, Ísrael verður konungsríki, Jólin, dæmisögur Jesú, Páskar, Eftir upprisuna<br><br>Lífsýn hindúa, Rætur trúarinnar, Helgirit, Brahman, Guðlegir sendiboðar, Þroski sálarinnar, Leiðir að markinu, Fjölskyldulíf, Musteri, Pílagrímsferðir, Hátíðir, Útbreiðsla trúarinnar | Ljós heimsins<br><br>Hindúartrú – Guð í mörgum myndum | Að nemendur geti:<br>• lýst margbreytileika helstu trúabragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks.<br>• Rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs.<br>• Gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í nokkrum helstu trúabrögðum heims.<br>• Nefnt dæmi um áhrif helgirita helstu trúarbragða á menningu og samfélög.<br>• Borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.<br>• Gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni. | Þátttaka og vinnubrögð í tímum metin.<br><br>Þátttaka og vinnubrögð í tímum metin |

## Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Virkni og vinnubrögð í tímumm metinn

GILJASKÓLI

# Enska

**Tímafjöldi á viku: 3**

**Kennari: Þórður Örn Hjálmarsson**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Lögð áhersla á að efla orðaforðann í gegnum söng og ýmis fjölbreytt verefni. Aðaláhersla í 6. bekk er á talað mál og hlustun en einnig á að þjálfa lestur og ritun með einföldum textum og verkefnum. Áhersla verður lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir og vönduð vinnubrögð.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í ensku:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Unnið að því að skapa jákvæðan skólabrag með fjölbreyttum verkefnum þar sem hver og einn nemandi fær að njóta sín. Verkefni unnin með líkamann og sjúkdómum. |
| Jafnrétti: | • Allir fái að taka virkan þátt í náminu með því að fá að tjá sig á sínum forsendum. Nemendur þjálfast í að hlusta á alla í bekknum tjá sig á ensku þar sem áhersla er lögð á talað mál og hlustun. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Verkefni unnin í hópavinnu þar sem lýðræðisleg vinnubrögð eru í fyrirrúmi. Réttindi allra til að tjá sig og koma með hugmyndir. |
| Læsi: | • Valdir verða ýmsir miðlar og lesnir einfaldir textar til að þjálfa læsi og auka orðaforða í ensku. |
| Sköpun: | • Nemendur skrifa stuttar frumsamdar sögur í tengslum við námsefni og vinna einnig myndverk. Áhersla á að nemandi fái að uppgötva og njóta þess að læra nýtt tungumál. |

.

GILJASKÓLI

## *Áætlun*

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| Portfolio-Build Up 1: Interviews, observations, descriptions, routines and habits, likes and dislikes, put it in printworking with words. Topic Books: A Year of Fun, A World of Records, Into Hobbies og Amazing Animals. | Unnið er með Portfolio - Build Up 1.<br><br>Ítarefni: Portfolio - Topic Books (A Year of Fun, A World of Records, Amazing Animals, Into Hobbies).<br>Ítarefni: Very Easy True Stories, Easy True Stories, Hickory, Adventure of English Words og Enskar málfræði-æfingar A/B | - skilji það sem fram fer, bæði í tali kennara og samnemenda<br>- skilji einfalt mál sem tengist nánasta umhverfi<br>- skilji meginþráð í stuttri sögu eða frásögn<br>- geti lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldaðar bækur og fræðsluefni fyrir börn<br>- skilji texta um persónuleg málefni, áhugamál og daglegt líf<br>- Talað mál – samskipti:<br>- geti tekið þátt í einföldum samtölum og sagt frá sjálfum sér, áhugamálum og ýmsu úr nánasta umhverfi<br>- geti skipst á einföldum upplýsingum, t.d. hvað er skemmtilegt/leiðinlegt<br>- geti byrjað og endað samtal á einfaldan hátt<br>- geti gefið einfaldar lýsingar, t.d. á fólki<br>- geti skrifað einfaldan texta um kunnuglegt efni og notað algengustu samtengingar<br>- geti skrifað einfaldan texta frá eigin brjósti<br>- geti stafsett algeng orð, t.d. með hjálp leiðréttingarforrits | Stuðst er við símat og kaflapróf í lok anna. Fylgst með orðaforða nemenda og framfarir metnar. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Skriflegt próf úr köflum 1, 2 og 3 í lok haustannar.

Skriflegt próf úr köflum 4, 5 og 6 í lok vorannar.

Smásaga lesin og nemendur spurðir úr innihaldi sögunnar.

GILJASKÓLI

# Íþróttir

**Tímafjöldi á viku: 2**

**Kennari: Orri Hjaltalín**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Hefðbundin íþróttakennsla í íþróttahúsi Giljaskóla og útikennsla að hausti og vori eins og veður leyfir.
Helstu viðfangsefni: Grunnþjálfun, knattleikir, frjálsar íþróttir, leikfimi, fimleikar, stöðvaþjálfun, ýmsar aðrar íþróttir og fjölbreyttir leikir.
Reynt er að nálgast meginmarkmiðin og örva þroskaþættina gegnum fjölbreytta leiki og leikæfingar.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íþróttum:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti. |
| Jafnrétti: | • Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum.<br>• Nemendum er boðið uppá fyrsta flokks aðstöðu til íþróttaiðkunar og vel menntaða kennara.<br>• Mikið er lagt uppúr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins.<br>• Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks.<br>• Nemendur beri virðingu fyrir allri aðstöðu íþróttahússins.<br>• Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis. |
| Læsi: | • Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama. |
| Sköpun: | • Líkamstjáning í ýmsu formi við fjölbreyttar aðstæðu. |

## *Áætlun* í íþróttum 2014-2015

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| Grunnþjálfun helstu íþróttagreina s.s. knattleikir, frjálsar íþróttir, leikfimi og fimleikar, stöðvaþjálfun,ýmsar íþróttir og fjölbreyttir leikir. | Útikennsla (eins og veður leyfir) hlaup, hjólreiðar, leikir og óhefðbundnar íþróttir.<br>Íþróttahús, áhöld eftir viðfangsefni. Leikreglur helstu íþrótta. Euro-test. | - Að kynna fyrir nemendum og kenna þeim undirstöðuatriði íþróttagreina<br>- Að bæta í gegnum leik og æfingar, líkamsþol, kraft, hraða, viðbragð, liðleika, líkamsreisn og líkamsvitund<br>- Að læra að fylgja reglum sem einkenna hinar ýmsu íþróttagreinar<br>- Að upplifa ánægju af eigin framförum<br>- Að auka félags, hreyfi og siðgæðisþroska<br>- Að að gera nemendur meðvitaða um mikilvægi hreyfingar | Er byggt á ástundun nemenda, vinnu í tímum, framförum og færni í ákveðnum þáttum. Lykilhæfni. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Framlegð í tímum auk færni sem mæld erí ákveðnum þáttum (euro-tests) Metið í lok haustannar og að vori. Símat á lykilhæfni.

GILJASKÓLI

# Sund

**Tímafjöldi á viku: 1**

**Kennari: Matthea Sigurðardóttir og Orri Hjaltalín**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Hefðbundin sundkennsla í Sundlaug Akureyrar, reglur, leikir, allar sundaðferðir, marvaði og stungur.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

- að bæta útfærslu og tækni allra sundaðferða
- Að minna nemendur á góða umgengni á sundstöðum
- Að nemendur hafi gaman af því að fara í Sund
- Að auka félags, hreyfi og siðgæðisþroska
- Að ljúka 6. sundstigi

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í sundi:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti. |
| Jafnrétti: | • Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum.<br>• Nemendum er boðið uppá fyrsta flokks aðstöðu til sundiðkunar og vel menntaða kennara.<br>• Mikið er lagt uppúr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir hlutum sundlaugarinnar og öðrum sundlaugargestum.<br>• Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis. |
| Læsi: | • Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama |
| Sköpun: | • Líkamstjáning í vatni! |

GILJASKÓLI

## *Áætlun* í sundi 2014-2015

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| Bringusund, skólabaksund, skriðsund,baksund, kafsund,flugsund, tímataka og björgunarsund. Stunga og leikur í vatni. | 6. sundstig | Helstu markmið með sundstigum eru að:<br>- Allir fái markvissa sundkennslu og verði færir um að bjarga sjálfum sér og öðrum.<br>- Að nemendur skilji mikilvægi reglubundinnar sundiðkunar og geti nýtt sér sundið sem líkams- og heilsurækt.<br>- Veita skólanum og skólayfirvöldum gott yfirlit yfir sundgetu nemanda hvers árgangs.<br>- Að sundstigin verði markmið fyrir nemendur í sundnáminu þar sem hver nemandi fær verkefni við sitt hæfi. | Kennari gefur nemanda vitnisburð fyrir:<br>A - sundgetu á prófi<br>B - mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun (lykilhæfni) |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Verkleg próf í sundstiginu við lok haustannar og lok vorannar. Símat á lykilhæfni yfir skólaárið.

GILJASKÓLI

# Handmennt

**Tímafjöldi á viku: 2**

**Kennari: Bergdís Kristmundsdóttir**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Hálfum bekknum kennt hálfan veturinn 2 kest á viku.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íþróttum:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Jafnrétti: | • Leggja áherslu á að handverk er jafnt fyrir alla. |
| Sjálfbærni | • Kenna þeim að nýta efni og spara. |
| Sköpun: | • Að sköpunargáfa þeirra fái að njóta sín |

| **Markmið** | **Viðfangsefni, námsefni** | **Mat** |
|---|---|---|
| Að nemendur nái á láta sköpunargáfu sína njóta sín og læri um leið ný vinnubrögð og nýja tækni í handverki. | Nemendur teikna mynd á léreft sem þeir síðan mála með taulitum og sauma svo út í. Síðan er saumað saman í saumavél og búinn til púði. Síðan velja nemendur sér ýmis verkefni þar sem hugmyndaflugið ræður för. | Lykilhæfniþættir eru metnir í lok hvers tíma og skráð niður. Lokamat byggist á þessu símati |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.

# Hönnun og smíði

**Tímafjöldi á viku: 2**

**Kennari: Guðmundur Elías Hákonarson**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Í upphafi kynnir kennari fyrir hópnum það sem á að vinna í tímanum, þ.e. verkefnið sjálft og þau verkfæri og það efni sem á að nota.
Nemendur hanna síðan sínar eigin útfærslur, t.d. með því að rissa upp nokkrar hugmyndir og velja svo þá sem hentar best í samráði við kennarann.
Kennari sýnir nemendum hvernig best er að vinna verkið. Misjafnt er hvort öllum bekknum er sýnt í einu eða hvort honum er skipt upp í smærri hópa. Það ræðst af umfangi verksins.
Kennari gengur á milli nemenda og kennir/aðstoðar hvern og einn.
Lögð er áhersla á að nemendum líði vel í smíðastofunni. Þeir upplifi sköpunargleði í gegnum útfærslu eigin hugmynda og öðlist aukna trú á eigin getu.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í hönnun og smíði

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Vettvangsferðir/skógarferðir<br>• Nær umhverfið |
| Læsi: | • Náttúrulæsi |
| Sjálfbærni: | • Endurnýting, virðing fyrir umhverfi, gróðursetja tré. |
| Sköpun: | • Hugmyndavinna, uppgötva, örva forvitni, virkja ímyndunaraflið. |

## *Áætlun*

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| - Þróun eigin hugmynda, skissugerð og vinnuteikning, frumhönnun, smíði og prófun smíðisgripa | Sýnishorn af verkefnum ,ýmis handverkfæri, tifsög, brennipenni, handborvél og | **Einstaklingur og umhverfi**<br>Nemendur :<br>- finni fyrir vellíðan og upplifi sköpunargleði í ferlinu<br>- fari eftir öryggisreglum og skilji hvers vegna slíkt er mikilvægt<br>- sýni ábyrga umgengni og fari eftir almennum reglum í smíðastofunni | Námsmat:<br>- Einstaklingsbundið leiðsagnarmat og símat í |

| | | | |
|---|---|---|---|
| - Tækja- og efnisfræði<br>- Sjálfbærni og endurnýting<br>- Vinnulag og öryggisatriði<br><br>- Síðan frjáls verkefni sem byggjast á hönnun og vinnuteikningu nemenda | súluborvél. Efni til vinnslu verkefna. | - sýni frumkvæði, vinnusemi og vandvirkni<br>- geti sett smíðakunnáttu sína í samband við viðfangsefni í daglegu lífi<br>- hafi skilning á gildi endurvinnslu og temji sér að nýta vel það efni sem unnið er með<br>- öðlist sjálfstraust og yfirsýn til að nota smíðakunnáttu sína á sem flestum sviðum<br>- lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum<br>**Handverk**<br>Nemendur:<br>- hafi kynnst mismunandi smíðaefnum, s.s. leðri, plastefnum og málmum<br>- hafi kynnst notkun algengra bitjárna, s.s. sporjárna<br>- hafi náð góðu valdi á að nota sagir, s.s. bakkasög í skerstokk og laufsög<br>- hafi náð góðum tökum á notkun sandpappírs<br>- geti yfirborðsmeðhöndlað smíðisgripi og þrifið og gengið frá penslum og áhöldum<br>- geti notað mismunandi gerðir festinga, s.s. nagla, skrúfur og lamir<br>- hafi gert eigin verkáætlun<br>**Hönnun**<br>Nemendur:<br>- hafi smíðað hlut eftir eigin hugmynd og teikningu sem tekur mið af ákveðnu hlutverki<br>- geti fundið lausnir á hönnunarvanda<br>- hafi lært að virða hugmyndir annarra og gera grein fyrir eigin hugmyndum | hverjum tíma |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

# 7. bekkur

## Íslenska

**Tímafjöldi á viku: 5**

**Kennari: Eydís Einarsdóttir og Unnur Valgeirsdóttir**

### *Kennsluaðferðir og skipulag*

Íslenskukennsla er heildstæð og hver þáttur styður annan.

Nemendur eru æfðir í að lesa upphátt, flytja ljóð, endursegja ýmiss konar texta, gera grein fyrir máli sínu og segja skipulega frá. Þeir þjálfast einnig í að hlusta á aðra og tileinka sér efni sem flutt er.

Nemendum eru kynntar reglur um stafsetningu og greinamerki og þeir fá æfingu í notkun þeirra. Þjálfun í ólíkum þáttum ritaðs máls stuðlar að betra valdi á málinu.

Lögð er áhersla á fjölbreytt orðaval við ritun og skýra framsetningu texta.

Bókmenntatextar verða lesnir og ætlast til þess að nemendur nýti þá til fróðleiks og skemmtunar. Rýnt verður í efni og innihald texta. Verkefni unnin með textum þar sem hvatt er til ritunar og munnlegrar tjáningar af ýmsu tagi t.d. frásagnar og rökræðu.

Málfræði er ætlað að efla skilning og áhuga nemenda á móðurmálinu og vekja þá til vitundar um eigin málkunnáttu. Nemendur læra helstu grunnhugtök málfræði og þjálfast í notkun þeirra. Málfræðikennsla á þessu stigi miðar að því að gera nemendur færa um að ræða mál og málfar og að gera þá meðal annars þannig að betri málnotendum. Mikilvægt er að nemendur geri sér grein fyrir að málfræðiþekking nýtist í stafsetningu og tungumálanámi.

Áhersla verður lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir.

Mikil áhersla verður lögð á vönduð vinnubrögð, s.s. skrift og frágang.

### *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íslensku:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | Áhugasviðum nemenda er gefið rými í íslenskunáminu og þannig fá þeir tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga. Með þessu byggist upp jákvæð sjálfsmynd og heilbrigði eflist. |
| Jafnrétti: | Allir nemendur hafa jafnan rétt til náms. Nemendur hafa ólíkar forsendur til námsins og því skal leitast við að það miðist við þarfir hvers og eins. |
| Lýðræði og mannréttindi: | Réttur allra er virtur og teknar lýðræðislegar ákvarðanir auk þess sem tekið er tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi. |
| Læsi: | Nemendur efla læsi á margan hátt, m.a. í gegnum yndislestur, ritun og bókmenntir. Nemendur þjálfast í að lesa mismunandi texta með gagnrýnni hugsun og leggja skilning í þá út frá eigin þekkingu og reynslu. |
| Sjálfbærni: | Hugað er að eigin velferð og annarra og skapað vinnuumhverfi þar sem nemendur eru samábyrgir. |
| Sköpun: | Nemendur vinna margvísleg verkefni þar sem reynir á uppgötvun, áhuga og ímyndunarafl. Þeir móta viðfangsefnin og miðla þeim til annarra. |

Unnið verður með hæfniviðmið við lok 2. stigs (miðstigs) skv. aðalnámskrá grunnskóla.

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| Talað mál, hlustun og áhorf eru hluti af heildstæðu námi í íslenskukennslu og koma við sögu í öllum viðfangsefnum sem tekin verða fyrir. | Efni tengt Stóru upplestrarkeppninni.<br><br>Vanda málið - Minnsta málið, lesbók 1 og 2<br><br>Grænkápa<br><br>Ítarefni | **Talað mál, hlustun og áhorf**<br><br><u>Nemandi getur</u><br>• tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar<br>○ tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar<br>• tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum<br>• hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum<br>• nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt | Hluti af lykilhæfnimati. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lestur og bókmenntir eru hluti af heildstæðu námi í íslenskukennslu og koma við sögu í öllum viðfangsefnum sem tekin verða fyrir. | Vanda málið - Minnsta málið, lesbók 1 og 2 og vinnubók 1 og 2<br><br>Grænkápa<br><br>Fjólubláir dagar<br><br>Ítarefni | **Lestur og bókmenntir**<br><br><u>Nemandi getur</u><br>• lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað<br>• greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta<br>• lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann<br>• lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum<br>• greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap<br>• beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap<br>• valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju | Hluti af lykilhæfnimati.<br><br>Lestrarpróf nokkrum sinnum yfir veturinn.<br><br>Lesskilningspróf verða lögð fyrir tvisvar á hvorri önn.<br><br>Munnlegt bókmenntapróf í lok hvorrar annar.<br><br>Ritgerð metin. |
| Ritun er hluti af heildstæðu námi í íslenskukennslu og kemur við sögu í öllum viðfangsefnum sem tekin verða fyrir. | Ritunarbókin<br><br>Fjólubláir dagar<br><br>Mál er miðill<br><br>Verkefni við Réttritunarorðabók<br><br>Ítarefni | **Ritun**<br><br><u>Nemandi getur</u><br>• skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd<br>• valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni<br>• samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa<br>• beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim<br>• lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun<br>• skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda<br>• skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu | Hluti af lykilhæfnimati.<br><br>Ritgerð metin.<br><br>Stafsetningarpróf lögð fyrir tvisvar á hvorri önn. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Málfræði er hluti af heildstæðu námi í íslenskukennslu og kemur við sögu í öllum viðfangsefnum sem tekin verða fyrir. | Vanda málið - Minnsta málið, vinnubók 1 og 2<br><br>Málrækt 3<br><br>Ítarefni | **Málfræði**<br><br><u>Nemandi getur</u><br>• nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun<br>• nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum<br>• áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra<br>• notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu<br>• beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins<br>• beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað<br>• gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu | Skriflegt próf í lok hvorrar annar. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Í október verða próf í lestri, lesskilningi og stafsetningu.

Í janúar verða próf í lestri, lesskilningi og stafsetningu auk þess málfræði og bókmenntum.

Í mars verða próf í lestri, lesskilningi og stafsetningu.

Í maí verða próf í lestri, lesskilningi og stafsetningu auk þess málfræði og bókmenntum.

Ritgerð verður unnin á vorönn.

GILJASKÓLI

# Stærðfræði

**Tímafjöldi á viku: 6**

**Kennari: Eydís Einarsdóttir og Unnur Valgeirsdóttir**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Verkefni í Stiku eru af fjölbreyttum toga. Hver kafli hefst á samræðumynd sem auðvelt er að tengja við verkleg viðfangsefni. Út frá samræðumyndunum þróast námsefnið yfir í margs konar verkefni. Nemendur vinna öll verkefni í reikningsbók; einstaklingslega, í pörum eða hópum.

Útbúin er áætlun fyrir hvern kafla sem nemendur vinna eftir og getur sú vinna tekið 3-5 vikur. Nemendur geta því sjálfir dreift álagi á milli kennslustunda enda vita þeir til hvers er af þeim ætlast á tímabilinu. Ekki verður um eiginlega heimavinnu í stærðfræði að ræða nema þegar nemendur nýta ekki tímann í skólanum til vinnu. Þá verður gerð sú krafa að nemendur vinni heima svo þeir dragist ekki aftur úr.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í stærðfræði:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | Áhugasviðum nemenda er gefið rými í stærðfræðináminu og þannig fá þeir tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga. Með þessu byggist upp jákvæð sjálfsmynd og heilbrigði eflist. |
| Jafnrétti: | Allir nemendur hafa jafnan rétt til náms. Nemendur hafa ólíkar forsendur til námsins og því skal leitast við að það miðist við þarfir hvers og eins. |
| Lýðræði og mannréttindi: | Réttur allra er virtur og teknar lýðræðislegar ákvarðanir auk þess sem tekið er tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi. Mikilvægt að nemendur þrói með sér hæfni til að rökstyðja og leggja mat á rökstuðning annarra með hjálp stærðfræðinnar. |
| Læsi: | Nemendur æfast í læsi á stærðfræðileg hugtök og tákn. Tekin verða fyrir þau hugtök sem verið er að vinna með hverju sinni og farið í merkingu þeirra. Nemendur æfast í að lesa og skilja stærðfræðiverkefni, t.d. orðadæmi. |
| Sjálfbærni: | Hugað er að eigin velferð og annarra og skapað vinnuumhverfi þar sem nemendur eru samábyrgir. |
| Sköpun: | Í vinnu í stærðfræði eru notaðar ýmsar aðferðir til að tjá sig eins og teikningar, skissur, myndir, töflur og myndrit. |

GILJASKÓLI

Unnið verður með hæfniviðmið við lok 2. stigs (miðstigs) skv. aðalnámskrá grunnskóla.

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| Þessi hæfniviðmið koma við sögu í öllum viðfangsefnum vetrarins. | Stika 3a, nemendabók og æfingahefti<br><br>Stika 3b, nemendabók og æfingahefti<br><br>Ítarefni | **Að geta spurt og svarað með stærðfræði**<br><br><u>Nemandi getur</u> tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína um hana fyrir öðrum, leitað lausna og sett stærðfræðileg viðfangsefni fram á fjölbreyttan hátt með því að beita skapandi hugsun, ígrundun, óformlegri og einfaldri, formlegri röksemdafærslu, fylgt og metið rökstuðning annarra.<br>• spurt, tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði og hefur innsýn í hvers konar svara má vænta<br>• leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu | Þessi hæfniviðmið eru metin jafnt og þétt allan veturinn í stærðfræðivinnunni. |
| | Stika 3a, nemendabók og æfingahefti<br><br>Stika 3b, nemendabók og æfingahefti<br><br>Ítarefni | **Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar**<br><br><u>Nemandi getur</u> notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar og hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum og tjáð sig bæði munnlega og skriflega um lausnir stærðfræðiverkefna.<br>• sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna<br>• valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum | |
| | Stika 3a, nemendabók og æfingahefti<br><br>Stika 3b, nemendabók og æfingahefti<br><br>Ítarefni | **Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar**<br><br><u>Nemandi getur</u> unnið einn og í samvinnu við aðra að því að rannsaka, greina, túlka, setja fram tilgátur og finna lausnir á viðfangsefnum, sem tengjast samfélagi og umhverfi með fjölbreyttum aðferðum og kynnt niðurstöður sínar, lesið og lagt mat á stærðfræðitexta.<br>• tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleiðir, með því m.a. að nota skráningu með tölum, texta og teikningum<br>• lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir<br>• unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Samlagning, frádráttur, margföldun og deiling. Fyrstu skref í algebru.<br><br>Stórar tölur. Sætiskerfi. Gildi tölustafa. Negatífar tölur. Svigar. Tugabrot. Talnamynstur. Námundun. Slumpreikningur.<br><br>Hlutfallareikningur. Þáttun. Frumtölur og samsettar tölur.<br><br>Prósent. Almenn brot; jafn gild, lenging og stytting. | Stika 3a, nemendabók og æfingahefti<br><br>Stika 3b, nemendabók og æfingahefti<br><br>Ítarefni | **Tölur og reikningur**<br><br><u>Nemandi getur</u> tjáð stærðir og hlutföll, reiknað með ræðum tölum, tekið þátt í að þróa lausnaleiðir við útreikninga, skráð svör sín með tugakerfisrithætti, nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna.<br>• notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman<br>• notað tugakerfisritháttt og sýnt að hann skilur sætiskerfi<br>• skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósenta<br>• leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum<br>• notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum<br>• nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar reiknireglur, s.s. víxlreglu, tengireglu og dreifireglu | Próf við lok kaflanna þar sem hæfni í efni þeirra er könnuð.<br><br>Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin. |
| Myndtölur og talnamynstur; kanna og lýsa gerð og breytingum í rúmfræðilegum mynstrum og talnamynstrum. Setja upp reiknireglur fyrir talnamynstur. Hliðrun, speglun og snúningur. Samhverfar myndir.<br><br>Algebra. Föll. Setja inn tölur fyrir breytur í algebrustæðum. Nota bókstaf í formúlum sem staðgengil fyrir tölur. Formúlur og jöfnur. | Stika 3b, nemendabók og æfingahefti<br><br>Ítarefni | **Algebra**<br><br><u>Nemandi getur</u> rannsakað mynstur, notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir, fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og notað reglur algebrunnar við reikning.<br>• rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt og unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum og venslum með tölum, myndum, orðum og á táknmáli algebrunnar<br>• notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum<br>• fundið lausnir á jöfnum og ójöfnum með óformlegum aðferðum, þ.e. notað víxlreglu, tengireglu og dreifireglu við reikning, bæði í huga og á blaði | Próf við lok kaflans þar sem hæfni í efni hans er könnuð.<br><br>Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Horn og stærðir; hvasst, gleitt og rétt horn. Grannhorn og topphorn. Summa ytri horna. Hornasumma. Samhverfa við snúning. Hlutfallareikningur. Samsíða strik og línur, hornrétt strik og línur og hornalínur. Hringur. Geiri. Miðþverill striks. Jafnhliða þríhyrningar. Marghyrningar. Ferhyrningar. Einslaga form.<br><br>Mælingar á lengd, flatarmáli, rúmmáli og ummáli forma. Grunnlína og hæð. Algebrustæður í formúlum. Yfirborðsflatarmál. Stafrænar og hefðbundnar klukkur. Vegalengd, hraði og tími. | Stika 3a, nemendabók og æfingahefti<br><br>Stika 3b, nemendabók og æfingahefti<br><br>Ítarefni | **Rúmfræði og mælingar**<br><br><u>Nemandi getur</u> notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar og unnið með rúmfræðilegar færslur, einslögun og mælikvarða, búið til líkön og teiknað skýringarmyndir, áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða, áætlað og mælt lengd, flöt og rými og nýtt hnitakerfi, hlutbundin gögn og tölvur til þessara hluta.<br>• rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn<br>• notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum, rannsakað aðferðir til að reikna það<br>• áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum<br>• notað hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni<br>• tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíða hluti | Próf við lok hvors kafla þar sem hæfni í efni þeirra er könnuð.<br><br>Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin. |
| Tölfræðilegar kannanir; athuganir, spurningakannanir og tilraunir.<br><br>Flokka gögn í töflur og súlurit.<br><br>Miðgildi, tíðasta gildi og meðaltal.<br><br>Lesa úr súluriti, línuriti og skífuriti. Búa til súlurit og línurit.<br><br>Meta, skrá og segja til um líkur. | Stika 3a, nemendabók og æfingahefti<br><br>Ítarefni | **Tölfræði og líkindi**<br><br><u>Nemandi getur</u> framkvæmt einfaldar tölfræðirannsóknir, unnið og lesið úr niðurstöðum sínum, sett upp í einföld myndrit, tekið þátt í umræðum um gögn og upplýsingar, dregið ályktanir um líkur og reiknað út líkur í einföldum tilvikum.<br>• safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum<br>• gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim<br>• sótt gögn í gagnabanka, lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum<br>• reiknað út líkur í einföldum tilvikum | Próf við lok kaflans þar sem hæfni í efni hans er könnuð.<br><br>Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Haustönn:

Tölur

Tölfræði og líkur

Margföldun og deiling

Rúmfræði

Vorönn:

Mælingar

Almenn brot og prósent

Reikningur

Mynstur og algebra

Lokapróf (heimapróf)

GILJASKÓLI

# Danska

**Tímafjöldi á viku: 3**

**Kennari: Sonja Björk Dagsdóttir og Steinunn Kristín Bjarnadóttir**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Helstu viðfangsefni dönskunámsins á fyrsta ári snúa að nemendunum sjálfum og daglegu lífi þeirra. Viðfangsefni eins og líkaminn, litir, tölur, föt, dagarnir og heimilið eru meðal efnisþátta sem teknir eru fyrir í upphafi námsins.

Unnið er með Start, les- og vinnubók. Að auki fá nemendur D bók sem tilheyrir námsefninu Klar Parat, auð bók sem nemendur teikna og skrifa í. Efni á neti, efni unnið af kennurum, kvikmyndir og fleira.

Námsbækurnar eru byggðar upp þannig að fyrst er farið í texta í lesbókinni þar sem orðaforði er kynntur, bæði í texta og með myndum. Í vinnubókinni eru síðan verkefni sem nemendur vinna annaðhvort einir eða í pörum. Hlustunaræfingar eru fjölmargar í vinnubókinni og margar hugmyndir að munnlegum verkefnum er að finna með námsefninu. Einnig er hlustað á t.d. tónlist, fréttir o.fl. af netinu. Að auki er stuðst við ýmis spil og leiki. Lögð er áhersla á að allir nemendur finni eigin aðferð við að lesa og skilja texta og eru því fjölbreyttar leiðir farnar í lestri, t.d. að lesa texta upp á eigin spýtur heima eða í skóla, lesa í litlum hópum/pörum, lesa með stuðningi af glósulista og nota orðabækur.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í dönsku:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Viðfangsefni í námsefninu eru m.a. matur, nesti, hreyfing, tilfinningar og áhugamál<br>• Nemendum hrósað markvisst til að styrkja jákvæða sjálfmynd nemenda<br>• nemendur hvattir til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í námi og verkefnaval |
| Jafnrétti: | • Mikið er unnið í hópum/pörum í dönsku. Gætt er að því að skipta mismunandi í hópa, t.d. að þau velji stundum sjálf, kennari skiptir í hópa, kynjaskiptir hópar, blandaðir hópar. Einnig er tekið tillit til námsgetu þegar skipt er í hópa; stundum er skipt eftir getu en einnig þvert á getu.<br>• Samvinnunám (cooperative learning) er hluti dönskunámsins þar sem nemendur hjálpast að og styðja hvert annað. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • nemendur eru hvattir til að vera virkir og sjálfstæðir í verkefnavali<br>• á hvorri önn eru unnin verkefni þar sem nemendur meta bæði eigin frammistöðu og hóps sem þau vinna í<br>• nemendur velja sjálfir við hvaða aðstæður þeir lesa dönsku upphátt og æfa t.d. framburð. Fyrir allan bekkinn, fyrir lítinn |

| | |
|---|---|
| | hóp, góðan vin eða bara kennara |
| Læsi: | • Unnið er með læsi í víðum skilningi í dönsku<br>• Lesskilningur þjálfaður<br>• Nemendur læra ný hljóð fyrir suma bókstafi, t.d. e, a, æ, h...<br>• Nemendur þjálfast í myndlæsi, orðaforði þjálfaður út frá myndum.<br>• Nemendur æfa sig í að finna viðeigandi efni á neti (á gagnrýninn hátt) |
| Sköpun: | • Nemendur vinna power point verkefni/kynningu um bæinn sinn<br>• Nýtt ár – nýjar væntingar... bókagerð (bookr)<br>• farið út fyrir skólastofuna og verkefni unnin, s.s. myndaverkefni þar sem nemendur eiga að vinna út frá orðum og sköpunarkrafturinn fær að njóta sín<br>• Nemendur lesa af og til texta með leikrænum tilþrifum, þar sem þeir setja sig í hlutverk í textunum. |

## *Áætlun*

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| Líkaminn<br>föt og litir<br>dagarnir<br>fjölskyldan<br>klukkan<br>árstíðirnar<br>jólin<br>heimilið<br>afmæli<br>dýr | Start, les og vinnubók<br>hlustunarefni<br>efni af neti<br>kvikmyndir | -tileinki sér jákvætt viðhorf gagnvart nýju fagi og viti um kosti þess að læra norrænt tungumál<br>-geti skilið einfaldar leiðbeiningar og upplýsingar frá kennara<br>-geti tekið þátt í einföldu samtali við samnemendur sína<br>-geti skilið einfalda texta í námbókum<br>-læri að nota orðabækur og kynnist netorðabókum<br>-geti sagt frá efni sem um hefur verið rætt<br>-læri grunnatriði í ritun og framburði<br>-geti skrifað stuttan texta í lok annar um sig og daglegt líf | próf og kannanir<br>munnleg verkefni<br>sjálfsmat<br>vinnubók metin |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

GILJASKÓLI

Form og tíðni námsmats:

Próf eru lögð fyrir við lok kafla, það eru bæði hefðbundin próf og heimapróf.

Munnleg skil verkefna eru metin til einkunnar

Verkefni, s.s. verkefni um kvikmyndir, myndaverkefni, ritunarverkefni og fleiri,  sem eru unnin yfir veturinn eru metin til einkunnar

# Enska

**Tímafjöldi á viku: 3**

**Kennari: Unnur Valgeirsdóttir**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Kennsluaðferðir miðast við að þjálfa bæði **leikni** (tal og ritun) og **skilning** (hlustun og lestur).

Vinnubrögð kennslustunda byggjast á hlustun, lestri, skriflegum æfingum, samræðum og samvinnu (pör eða hópar). Auk þess verður unnið með málfræði og óreglulegar sagnir til að styrkja grunninn.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í ensku:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Nemendur fá upplýsingar um heilbrigðan lífsstíl og þjálfast í notkun orðaforða tengdum honum. Rýna í eigin lífsstíl til að stuðla að aukinni sjálfsvitund. |
| Jafnrétti: | • Allir fá að taka virkan þátt í náminu með því að fá að tjá sig á sínum forsendum. Nemendur þjálfast í að hlusta á alla í bekknum tjá sig á ensku þar sem áhersla er lögð á talað mál og hlustun. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Verkefni unnin í hópavinnu þar sem lýðræðisleg vinnubrögð eru í fyrirrúmi. Réttindi allra til að tjá sig og koma með hugmyndir. |
| Læsi: | • Lesnir verða ýmsir textar til að þjálfa læsi og auka orðaforða í ensku. |

GILJASKÓLI

## *Áætlun*

Unnið verður með hæfniviðmið við lok 2. stigs (miðstigs) skv. aðalnámskrá grunnskóla.

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| Hlustun er hluti af heildstæðu námi í tungumálakennslu og kemur við sögu í öllum viðfangsefnum sem tekin verða fyrir.<br><br>Nemandinn, áhugamál, tómstundir, daglegt líf og ferðalög. | Action, lesbók og vinnubækur<br><br>Build Up 2, vinnubók<br><br>Ítarefni | **Hlustun**<br><br><u>Nemandi getur</u> skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega.<br>- skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti<br>- hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum | Hlustun hluti af skriflegum prófum. |
| Lestur og lesskilningur eru hluti af heildstæðu námi í tungumálakennslu og koma við sögu í öllum viðfangsefnum sem tekin verða fyrir.<br><br>Nemandinn, áhugamál, tómstundir, daglegt líf og ferðalög. | Action, lesbók og vinnubækur<br><br>Build Up 2, vinnubók<br><br>Ítarefni | **Lesskilningur**<br><br><u>Nemandi getur</u> lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum.<br>- fundið lykilspurningar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu<br>- lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög | Ólesinn texti hluti af skriflegum prófum.<br><br>Kannanir í lesskilningi. |
| Samskipti eru hluti af heildstæðu námi í tungumálakennslu og koma við sögu í öllum viðfangsefnum sem tekin verða fyrir.<br><br>Nemandinn, áhugamál, tómstundir, daglegt líf og ferðalög. | Action, lesbók og vinnubækur<br><br>Build Up 2, vinnubók<br><br>Ítarefni | **Samskipti**<br><br><u>Nemandi getur</u> sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel, beitir máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi, skilur og notar algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigandi kurteisivenjur og kann aðferðir til að gera sig skiljanlegan, t.d. með látbragði.<br>- tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf<br>- bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum<br>- notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal | Hluti af lykilhæfnimati. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Frásagnir eru hluti af heildstæðu námi í tungumálakennslu og koma við sögu í öllum viðfangsefnum sem tekin verða fyrir.<br><br>Nemandinn, áhugamál, tómstundir, daglegt líf og ferðalög. | Action, lesbók og vinnubækur<br><br>Build Up 2, vinnubók<br><br>Ítarefni | **Frásögn**<br>Nemandi getur tjáð sig um það sem viðkemur daglegu lífi hans og því sem stendur honum nærri á vel skiljanlegu máli hvað varðar málnotkun, framburð, áherslur og orðaval.<br>- sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum<br>- greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv. | Hluti af lykilhæfnimati. |
| Ritun er hluti af heildstæðu námi í tungumálakennslu og kemur við sögu í öllum viðfangsefnum sem tekin verða fyrir. | Action, lesbók og vinnubækur<br><br>Build Up 2, vinnubók<br><br>Óreglulegar sagnir<br><br>Ítarefni | **Ritun**<br>Nemandi getur skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, sýnt fram á allgóð tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með, skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki.<br>- sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt<br>- lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.<br>- samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín | Ritun og málfræði hluti af skriflegum prófum.<br><br>Sagnapróf. |
| Menningarlæsi er hluti af heildstæðu námi í tungumálakennslu og kemur við sögu í öllum viðfangsefnum sem tekin verða fyrir.<br><br>Ferðalög (innanlands og erlendis) og menning. | Action, lesbók og vinnubækur<br><br>Build Up 2, vinnubók<br><br>Ítarefni | **Menningarlæsi**<br>Nemandi getur sýnt fram á að hann þekkir til og skilur allvel ákveðin lykileinkenni í menningu viðkomandi mál- og menningarsvæðis sem snúa að daglegu lífi og aðstæðum íbúanna, einkum ungs fólks og getur sett sig í þeirra spor.<br>- sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu | Hluti af lykilhæfnimati. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Action, lesbók og vinnubækur<br><br>Build Up 2, vinnubók<br><br>Ítarefni | **Námshæfni**<br>Nemandi getur sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bæta þar sem þess gerist þörf.<br>- beitt lykilnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram<br>- beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara<br>- nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu<br>- tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi<br>- nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar | Hluti af lykilhæfnimati. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Nokkur sagnapróf í byrjun vetrar. Munnlegar og/eða skriflegar kannanir nokkrum sinnum yfir veturinn; áhersla á hlustun, lesskilning, ritun og málfræði.

GILJASKÓLI

# Náttúrufræði

**Tímafjöldi á viku: 3**

**Kennari: Inga Dís Sigurðardóttir**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Notast verður við kennslubækurnar Auðvitað - heimilið og Maðurinn. Kennsluaðferðir verða fjölbreyttar til að auka gæði námsins og til að nemendur kynnist og nái tökum á fjölbreyttum leiðum til náms. Fjölbreyttar kennsluaðferðir eru mikilvægar vegna þess að nemendum henta ólíkar leiðir við nám, mikilvægt er að koma til móts við ólíkan námstíl nemenda. Á sama hátt er mikilvægt að nemendur kynnist og nái tökum á mismunandi aðferðum til að geta valið á milli þeirra og beitt þeim. Í þessum áfanga verða útlistunarkennsla, þulunám og þjálfunaræfingar, verklegar æfingar, umræðu- og spurnaraðferðum, leitaraðferð og hópvinnubrögð.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í náttúrufræði:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Í bókinni Maðurinn er farið í uppbyggingu líkamans, hvernig við eigum að hlúa að líkamanum ásamt því hvers ber að varast eða hvernig sé hægt að lifa heilbrigðu lífi í sátt og samlyndi við líkamann. |
| Jafnrétti: | • Jafnrétti er tekið fyrir í efni um kynlíf og samskipti, t.d. í kaflanum Vinir og óvinir, einnig eru unnin verkefni sem snúa að einelti og virðingu. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Valið verkefni um vímuefni er unnið í hópum og þar er áhersla lögð á réttindi okkar og skyldur gagnvart vímuefnum og umhverfninu. Í kaflanum Þú skiptir máli er farið í rétt á að vera maður sjálfur. |
| Læsi: | • Lestur námsbóka í náttúrufræði krefst mikillar þjálfunar í að greina aðalatriði frá aukaatriðum. Rýna þarf í textann og skilgreina hugtök.<br>• Einig þurfa þau að lesa úr ýmiskonar myndum og líkönum. |
| Sjálfbærni: | • í bókinni Auðvitað - heimilið er farið í orkulindir á Íslandi og hvernig við eigum að ganga um þær og þær. |
| Sköpun: | • Vinnubókin er stór þáttur í upphafi vetrar þar sem unnið er með smekklega en skipulagða uppsetningu þar sem þeim er uppálagt að gera hana að sinni. Ýmis verkefni eru unnin þar sem lögð er áhersla á frumleika, frumkvæði og ímyndunarafl. Eins eru verkefni sem byggja á uppgötvun og sjálfstæðu námi.<br>• Í bókinni Auðvitað - heimilið er farið í nýsköpun og nýsköpunarferli þar sem nemendur taka þátt í að hanna nýja hluti. |

GILJASKÓLI

## *Áætlun*

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið |
|---|---|---|
| Megin viðfangsefni námsefnisins í eðlisvísindum eru vísindalega vinnubrögð, einföld efnafræði, rúmmál, varmi og orka. Áhersla er á að tengja efnið daglegu lífi og heimilishaldi.<br><br>Megin viðfangsefni námsefnisins í lífvísindum eru hvernig allir hlutar líkamans starfa saman. Fjallað er um félagsskap og ást, útlit og tilfinningar. | Auðvitað - heimilið og<br><br>Maðurinn | • lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum,<br>• tengt þekkingu og beitingu vinnubragða í náttúrufræðinámi við lausn annarra verkefna og útskýrt hugsanleg áhrif nýjustu tækni og vísinda á vísindalega þekkingu.<br>• framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni,<br>• útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum,<br>• aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr efni á öðru tungumáli en íslensku,<br>• beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið,<br>• kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur,<br>• sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt, hlustað á, metið og rætt<br>• fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti og mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru,<br>• unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkskiptri tímaáætlun við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi,<br>• fjallað um hvernig ólík hæfni nýtist í störfum nútímans.<br>• greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra,<br>• greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir,<br>• rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi,<br>• tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að vega og meta ólíka kosti.<br>• bent á algeng efni á heimilum og í samfélaginu, notkun þeirra og áhrif á heilsu manna og umhverfi,<br>• lýst hvernig rafmagn verður til, eiginleikum segla og notkun þeirra<br>• gert sér grein fyrir mikilvægi gagna og líkana við að útskýra hluti og fyrirbæri,<br>• lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum,<br>• útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks, |

| | | |
|---|---|---|
| | | • tengt þekkingu og beitingu vinnubragða í náttúrufræðinámi við lausn annarra verkefna og útskýrt hugsanleg áhrif nýjustu tækni og vísinda á vísindalega þekkingu.<br>• tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa,<br>• gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama,<br>• tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru,<br>• lýst helstu líffærakerfum mannslíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum,<br>• útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er,<br>• útskýrt lífsskilyrði manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu,<br>• lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna,<br>• gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu, hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun,<br>• lýst samspili lífvera og lífvana þátta og tengt það hugmyndum manna um uppruna og þróun lífs á jörðu. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Námsmat fer fram í hinum ýmsu myndum svo sem sjálfsmat, jafningjamat, hópamat, margvíslegar kannanir.  Vinnueinkunn gefin fyrir vinnubækur og símat kennara yfir önnina á vinnu nemenda. Mat verður lagt á hæfni nemanda og framfarir.

GILJASKÓLI

<u>Auðvitað – heimilið:</u>

Safna skal öllum gögnum í plastmöppu. Sú vinnubók gildir 50 %

Skýrslur 20 %

Nýsköpunarkeppni 10%

Rafmagnsleysi-frétt 10%

Vinnuframlag og hegðun 10%

<u>Maðurinn</u>

Safna skal öllum gögnum (hvað veistu og dreifildi) í plastmöppu 20 %.

Vinnubók 30%

Skyndipróf úr bók

1. Munnlegt 10%
2. Hjálparpróf 10%
3. Hefðbundið 10%

Kynningarverkefni 10%

Vinnuframlag og hegðun 10%

GILJASKÓLI

# Samfélagsgreinar (landafræði - saga- trúarbragðafræði)

**Tímafjöldi á viku: 3**

**Kennari: Sigrún Þórólfsdóttir og Unnur Valgeirsdóttir**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Fjölbreyttar kennsluaðferðir eru mikilvægar vegna þess að nemendum henta ólíkar leiðir við nám og mikilvægt er að koma til móts við ólíkan námsstíl nemenda. Á sama hátt er gott að nemendur kynnist og nái tökum á mismunandi aðferðum til að geta valið á milli þeirra. Í samfélagsgreinum munum við beita útlistunarkennslu, umræðu- og spurnaraðferðum, leitaraðferðum, þjálfunaraðferðum auk hópavinnubragða og verkefnavinnu.

Kennsla í samfélagsgreinum skiptist í landafræði, sögu og trúarbragðafræði. Trúarbragðafræði verður kennd eina kennslustund á viku. Saga verður kennd tvær kennslustundir á viku á haustönn en landafræði á vorönn.

Í **landafræði** verður fjallað um heimsálfuna Evrópu. Tekin verða fyrir fjögur svæði, þ.e. Norðurlönd, Vestur-Evrópu, Austur-Evrópu og Suður-Evrópu auk þess fjallað um landshætti, gróðurfar, atvinnuhætti, auðlindir og orku, umhverfismál, samgöngur og fjölbreytt mannlíf.

Í **sögu** skoðum við menningu og valdabaráttu á miðöldum ásamt íslensku samfélagi frá siðaskiptum fram til loka 18. aldar.

Í **trúarbragðafræði** fjöllum við um mismunandi trúarbrögð heims, s.s. kristni og búddadóm. Mikilvægt er að auka skilning manna á trúarbrögðum heims, draga úr fordómum og bæta samskipti manna á milli. Fjölmenning er hluti hvers lands í heiminum.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í samfélagsgreinum (landafræði - saga- trúarbragðafræði):

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Velferð og heilsa íslensku þjóðarinnar á tímum siðaskipta og uppbyggingar. Svartidauði. |
| Jafnrétti: | • Barátta um völd á Íslandi, barátta konunga, höfðingja, biskupa o.fl..<br>• Barátta um Íslandsmið og verslun á Íslandi. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Réttur til náms, réttur til að kjósa á Alþingi, réttindi kvenna o.fl..<br>• Staða Íslands/Íslendinga varðandi sjálfstæði. Menntun og menning þjóðarinnar. |
| Læsi: | • Texti, myndir, kort og myndrit. |
| Sjálfbærni: | • Hugtakið auðlindir er rætt og hugað að umhverfinu í landafræðinni. |
| Sköpun: | • Ýmis skapandi verkefni verða unnin. |

Unnið verður með hæfniviðmið við lok 2. stigs (miðstigs) skv. aðalnámskrá grunnskóla.

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| Miðaldir: menning, barátta konunga yfir Íslandi, barátta höfðingja og kirkju, plágur, verslun og útflutningur.<br><br>Nýöld: endurreisn, landafundir, siðaskipti, einveldi konunga, menning og menntun, plágur og bændasamfélagið.<br><br>Evrópa; landslag og loftslag, gróðurfar, búseta, atvinnuhættir, auðlindir, sjálfbærni, samgöngur, tungumál, trúarbrögð, listir og fleira.<br><br>Kristin trú og búddha; frásagnir, hátíðir, siðir, hefðir og tákn. | Sögueyjan 1. hefti, bls. 65 - 93.<br><br>Sögueyjan 2. hefti, bls. 5 - 47.<br><br>Evrópa, lesbók og vinnubók.<br><br>Kristin fræði - Upprisan og lífið.<br><br>Búddhatrú - leiðin til nirvana.<br><br>Ítarefni. | Nemandi getur<br>• sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi félagslegu réttlæti og umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi<br>• skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú<br>• fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta<br>• gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa<br>• greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf<br>• aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar-og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum<br>• lýst náttúruferlum. sem hafa áhrif á land og gróður<br>• áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði<br>• lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi<br>• gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar<br>• notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga<br>• greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum<br>• lýst margbreytileika helstu trúarbragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks<br>• rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs<br>• gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims<br>• borið saman valin trúar- og lífsviðhorf<br>• nefnt dæmi um áhrif helgirita helstu trúarbragða á menningu og samfélög<br>• lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund | Lykilhæfni nemenda í námsgreinunum er metin jafnóðum.<br><br>Í landafræði verður vinnubók metin auk hópverkefna.<br><br>Í sögu verða valin verkefni metin. |

GILJASKÓLI

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | • gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum<br>• vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt<br>• tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu<br>• borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta<br>• metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt<br>• rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga<br>• tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum<br>• tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra<br>• sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra<br>• rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra<br>• rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum<br>• sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju | |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Lykilhæfni metin jafnt yfir skólaárið. Hópverkefni metin jafnóðum og þau eru unnin.

GILJASKÓLI

# Íþróttir

**Tímafjöldi á viku: 2**

**Kennari: Orri Hjaltalín**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Hefðbundin íþróttakennsla í íþróttahúsi Giljaskóla og útikennsla að hausti og vori eins og veður leyfir.

Helstu viðfangsefni: Grunnþjálfun, knattleikir, frjálsar íþróttir, leikfimi, fimleikar, stöðvaþjálfun, ýmsar aðrar íþróttir og fjölbreyttir leikir.

Reynt er að nálgast meginmarkmiðin og örva þroskaþættina gegnum fjölbreytta leiki og leikæfingar.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íþróttum:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
| --- | --- |
| Heilbrigði og velferð: | • Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti. |
| Jafnrétti: | • Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum.<br>• Nemendum er boðið uppá fyrsta flokks aðstöðu til íþróttaiðkunar og vel menntaða kennara.<br>• Mikið er lagt uppúr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins.<br>• Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks.<br>• Nemendur beri virðingu fyrir allri aðstöðu íþróttahússins.<br>• Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis. |
| Læsi: | • Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama. |
| Sköpun: | • Líkamstjáning í ýmsu formi við fjölbreyttar aðstæðu. |

## *Áætlun* í íþróttum 2014-2015

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| Grunnþjálfun helstu íþróttagreina s.s. knattleikir, frjálsar íþróttir, leikfimi og fimleikar, stöðvaþjálfun,ýmsar íþróttir og fjölbreyttir leikir. | Útikennsla (eins og veður leyfir) hlaup, hjólreiðar, leikir og óhefðbundnar íþróttir.<br><br>Íþróttahús, áhöld eftir viðfangsefni. Leikreglur helstu íþrótta. Euro-test. | - Að kynna fyrir nemendum og kenna þeim undirstöðuatriði íþróttagreina<br><br>- Að bæta í gegnum leik og æfingar, líkamsþol, kraft, hraða, viðbragð, liðleika, líkamsreisn og líkamsvitund<br><br>- Að læra að fylgja reglum sem einkenna hinar ýmsu íþróttagreinar<br><br>- Að upplifa ánægju af eigin framförum<br><br>- Að auka félags, hreyfi og siðgæðisþroska<br><br>- Að að gera nemendur meðvitaða um mikilvægi hreyfingar | Er byggt á ástundun nemenda, vinnu í tímum, framförum og færni í ákveðnum þáttum.<br><br>Lykilhæfni. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

GILJASKÓLI

# Sund

**Tímafjöldi á viku: 1**

**Kennari: Matthea Sigurðardóttir og Orri Hjaltalín**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Hefðbundin sundkennsla í Sundlaug Akureyrar, reglur, leikir, allar sundaðferðir, marvaði og stungur.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

- að bæta útfærslu og tækni allra sundaðferða
- Að minna nemendur á góða umgengni á sundstöðum
- Að nemendur hafi gaman af því að fara í Sund
- Að auka félags, hreyfi og siðgæðisþroska
- Að ljúka 7. sundstigi

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í sundi:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti. |
| Jafnrétti: | • Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum.<br>• Nemendum er boðið uppá fyrsta flokks aðstöðu til sundiðkunar og vel menntaða kennara.<br>• Mikið er lagt uppúr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir hlutum sundlaugarinnar og öðrum sundlaugargestum.<br>• Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis. |
| Læsi: | • Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama |
| Sköpun: | • Líkamstjáning í vatni! |

## *Áætlun í sundi 2014-2015*

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| Bringusund, skólabaksund, skriðsund,baksund, kafsund,flugsund, tímataka og björgunarsund með jafningja. Stunga og leikur í vatni. | **7. sundstig** | **Helstu markmið með sundstigum eru að:**<br>**- Allir fái markvissa sundkennslu og verði færir um að bjarga sjálfum sér og öðrum.**<br>**- Að nemendur skilji mikilvægi reglubundinnar sundiðkunar og geti nýtt sér sundið sem líkams- og heilsurækt.**<br>**- Veita skólanum og skólayfirvöldum gott yfirlit yfir sundgetu nemanda hvers árgangs.**<br>**- Að sundstigin verði markmið fyrir nemendur í sundnáminu þar sem hver nemandi fær verkefni við sitt hæfi.** | **Kennari gefur nemanda vitnisburð fyrir:**<br>**A - sundgetu á prófi**<br>**B - mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun (lykilhæfni)** |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Verkleg próf í sundstiginu við lok haustannar og lok vorannar. Símat á lykilhæfni yfir skólaárið.

GILJASKÓLI

# Handmennt

**Tímafjöldi á viku: 2**

**Kennari: Bergdís Kristmundsdóttir**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Hálfum bekknum kennt hálfan veturinn, 2 kest á viku.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Jafnrétti: | • Að leggja áherslu á að handverk sé jafnt fyrir alla |
| Sjálfbærni: | • Kenna nemendum að nýta og fara vel með efnið sem þeir vinna með |
| Sköpun: | • Að sköpunargáfu nemenda að njóta sín |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.

| **Markmið** | **Viðfangsefni, námsefni** | **Mat** |
|---|---|---|
| Að nemendur verði sjálfbjarga í vinnu á saumavélum og kynnist þeim möguleikum sem sú kunnátta veitir þeim. Einnig að þeir fái að láta hugmyndaflugið ráða í verkefnum sínum. | Nemendur byrja á að læra vel á saumavélar s.s að þræða þær og nota ýmsar stillingar. Gerðar eru ýmsar æfingar á saumavélinni.<br>Nemendur læra að leggja snið á efni og náttbuxur eru sniðnar og saumaðar.<br>Eftir það eru ýmis verefni unnin eftir þeirra vali og óskum. | Lykilhæfniþættir eru metnir í lok hvers tíma og skráð niður. Lokamat byggist á þessu símati |

GILJASKÓLI

# Hönnun og smíði

**Tímafjöldi á viku: 2**

**Kennari: Guðmundur Elías Hákonarson**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Nemendur eru hálfa önn í hönnun og smíði. Stefnt er að því að efla áhuga nemenda á eigin hönnunarvinnu og smíði í krefjandi verkefnum. Enn fremur er lögð áhersla á lestur og gerð vinnuteikninga – að gera sig skiljanlega(n) með myndmáli. Unnið verður með endurunnið efni eins og kostur er. Hvatt er til samvinnu nemenda við úrlausn verkefna.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í :

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Vettvangsferðir/skógarferðir<br>• Nær umhverfið |
| Læsi: | • Náttúrulæsi |
| Sjálfbærni: | • Endurnýting, virðing fyrir umhverfi, gróðursetja tré. |
| Sköpun: | • Hugmyndavinna, uppgötva, örva forvitni, virkja ímyndunaraflið. |

## *Áætlun*

| **Viðfangsefni** | **Námsefni** | **Hæfniviðmið/markmið** | **Mat** |
|---|---|---|---|
| - Þróun eigin hugmynda, skissugerð og vinnuteikning, frumhönnun, smíði og prófun smíðisgripa<br>- Tækja- og efnisfræði<br>- Sjálfbærni og endurnýting<br>- Vinnulag og öryggisatriði | - Uppl um gerð vinnuteikninga<br>- Blað með teikningu og heitum á helstu verkfærum í smíðastofu<br>- Ýmsar upplýsingar sem nemendur afla sér um eigin hönnun<br><br>Annað námsefni:<br>- Ýmsar möppur og bækur um | Nemandi:<br>- getur sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til smíðisgrips með skissum, vinnuteikningum og smíði<br>- getur sýnt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni í hönnun og smíði<br>- getur valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum<br>- getur greint ýmsar þarfir í umhverfi sínu og skoðað mögulegar lausnir | Námsmat:<br>- Einstaklingsbundið leiðsagnarmat og símat í hverjum tíma |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Síðan frjáls verkefni sem byggjast á hönnun og vinnuteikningu nemenda | hönnunar og smíðaverkefni<br>- Aðstaða, efni og tæki til að hanna og vinna smíðisgripi t.d. í tré, plast og endurunnið efni<br>- Aðgengi að tölvu til upplýsingaöflunar við hönnun verkefna (<br><br>Námstækni:<br>- Innlagnir og sýnikennsla um hönnun og vinnulag, tækni, efnisfræði, þýðingu og sögu hönnunar og smíði.<br>- Nemendur beita m.a. samvinnu, þankahríð, upplýsingaöflun, skissugerð og vinnuteikningum í hönnun og smíði<br><br>Mögulega heimsóknir á sýningar og vinnustaði | - getur haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni og hefur skilning á mikilvægi þess<br>- getur gert við og endurnýtt efni, tæki og húsgögn samkvæmt eigin hönnun<br>- þekkir heitin á helstu verkfærum í hönnun og smíði og getur beitt þeim á réttan hátt<br>- getur tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði<br>- getur lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum<br>- þekkiri sögulegan bakgrunn og þýðingu hönnunar og smíði<br>- getur sýnt vinnusemi, góða hegðun og ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði | |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

# 8. bekkur

## Íslenska

**Tímafjöldi á viku: 6**

**Kennari: Brynjar Karl Óttarsson, Steinunn Kristín Bjarnadóttir**

### *Kennsluaðferðir og skipulag*

Leitað verður leiða við að gera viðfangsefnið lifandi. Áhersla verður lögð á bókmenntir og lestur með því að kynda undir áhuga nemenda á lestri. Lagt verður upp úr skapandi skrifum og að nemendur upplifi vinnuna merkingarbæra sbr. birting greina á opinberum vettvangi. Áhersla lögð á raunveruleg viðfangsefni í framsögn svo sem málstofa á sal.

Viðfangsefni vetrarins má skipta í tvo flokka.

Annars vegar stærri verkefni og/eða vinnulotur. Undir þær falla tvö ítarleg ritunarverkefni, eitt á hvorri önn. Í öðru verkefninu setja nemendur sig í spor fréttamanna. Nemendur skrifa frétt frá grunni þar sem vettvangur fréttarinnar er hverfið. Í hinu verkefninu gerast nemendur pistlahöfundar þar sem viðfangsefnið eru þeirra eigin hugleiðingar um skólann og skólastarfið. Greinarnar verða birtar á opinberum vettvangi og því þurfa nemendur að huga sérstaklega vel að málfari, uppbyggingu og öðru er viðkemur uppsetningu og frágangi á texta. Nemendur ráða hvort ritunarverkefnið þeir taka fyrir á haustönn. Hitt vinna þeir á vorönn. Þá verður nemendum gefinn kostur á að fá birta grein í dagblaði. Farið verður í Hrafnkels sögu Freysgoða á haustönn og unnin skemmtileg og skapandi verkefni úr sögunni. Áætlað er að taka nokkrar vikur í vinnu því tengdu þar sem kennslustundir í íslensku munu einkennast að miklu leyti af viðfangsefninu. Undirbúningur fyrir dag íslenskrar tungu þann 16. nóvember hefst í seinni hluta október þar sem nemendur æfa sig að koma fram. Í það minnsta tvö málstofuverkefni verða á dagskrá, ýmist á sal Giljaskóla eða innan kennslustofunnar þar sem nemendur verða með erindi og/eða ræður. Í hinu fyrra, sem fram fer í október, munu nemendur fjalla um áhugamál sem þeir hafa og sinna í hverfinu sínu. Nemendur tengja tómstundaiðju sína við aðstæður í hverfinu og koma með hugmyndir að úrbótum ef svo ber undir. Á vorönn standa nemendur fyrir litlu málþingi á sal skólans þar sem þeir taka skólareglur Giljaskóla til umfjöllunar. Þá geta þeir nemendur sem það kjósa lesið upp úr bók eða verið með annars konar framsögn á sal í frímínutum fyrir nemendur unglingastigs 1-2 í viku. Mikil áhersla verður lögð á bókmenntir og lestur og reynt verður eftir fremsta megni að glæða áhuga nemenda á lestri og bókum. Má þar nefna yndislestur, upplestur kennara og nemenda og bóka- og rithöfundakynningar. Í það minnsta einu sinni fer fram mælsku- og rökræðukeppni innan bekkjar þar sem viðfangsefnið verður jafnrétti í Giljaskóla. Nemendur halda dagbók þar sem þeir skrá reglulega yfir veturinn eigin hugleiðingar um lífið og tilveruna.

Hins vegar eru hefðbundnari verkefni og smærri í sniðum sem falla undir þætti eins og stafsetningu, ritun, frjálslestur, bókmenntir, framsögn í bekk og málfræði. Má þar nefna gerð handrits í tengslum við stuttmyndadaga og sögugreiningu.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íslensku í 8. bekk veturinn 2014 - 2015:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Áhugamál í Giljahverfi. Nemendur velja sér áhugasvið og kynna munnlega fyrir bekkjarfélögum. Þeir segja frá eigin reynslu og upplifunum og hafa val um viðfangsefni og framsetningu, allt eftir styrkleikum og áhuga hvers og eins. Lýðheilsa byggir á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan og verkefni sem þetta er viðleitni í þá átt að styrkja sjálfsmyndina. Verkefnið , en ekki síður vinnuferlið í heild, stuðlar að velferð nemenda til jákvæðrar sjálfsvitundar. |
| Jafnrétti: | • Mælsku- og rökræðukeppni í bekknum: Í Giljaskóla er jafnrétti – með / móti. Fjölmenning, menning og uppbygging skólasamfélags án aðgreiningar. Jafnrétti varðandi námsmöguleika, námsefni, kennsluaðferðir og námsumhverfi . |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Málþing að hausti: „ Áhugamál í Giljahverfi“. Málþing að vori: „Skólareglur Giljaskóla.” Í 31. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kemur fram ótvíræður réttur barna til að stunda tómstundaiðju. Í aðalnámskrá grunnskóla (bls. 69) segir: „Við setningu skólareglna er mikilvægt að nemendur taki þátt í gerð skólareglna og tekið sé tillit til sjónarmiða þeirra..."<br>• Greinaskrif nemenda og birtingar á opinberum vettvangi. Skólinn og hverfið. Nemendur tjá eigin tilfinningar og skoðanir á nánasta umhverfi. Með skrifum sínum leggja nemendur sitt af mörkum til uppbyggingar lýðræðislegs samfélags. Nemendur fá að láta rödd sína heyrast með því að beita rökhugsun og gagnrýninni hugsun. Þannig fá þeir tækifæri til að vekja athygli á hagsmunamálum sínum. Um leið veita þeir visst aðhald sem kann að vernda gegn brotum á sjálfsögðum réttindum nemenda og starfsfólks. |
| Læsi: | • Yndislestur, bóka- og rithöfundakynningar og upplestur kennara á framhaldssögu. Mikil áhersla lögð á að reyna eftir fremsta megni að glæða áhuga á bókum og lestri. Með auknum lestri fæst “ókeypis” þjálfun í annars konar læsi svo sem menningarlæsi, tilfinningalæsi og samskiptalæsi. |
| Sjálfbærni: | • Bókahillur smíðaðar af nemendum í smíðavali í samstarfi við smíðakennara. Hillurnar eru gerðar úr hráefni úr heimabyggð. Efni sem til fellur þegar lerkitré eru felld er nýtt í hillugerðina. Þannig sjá nemendur dæmi um sjálfbæra þróun í verki og skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda. |
| Sköpun: | • Dagbókarskrif nemenda. Frjáls ritun. Greinaskrif nemenda og birtingar á opinberum vettvangi. Skólinn og hverfið.Forvitni, athafnaþrá, frumkvæði, frumleiki, uppgötva, njóta, áhugi, ímyndunarafl, leika sér, áskorun, spenna. Dagbókarskrifin sem og greinaskrif nemenda virkja sköpunarkraft og ýta undir skapandi hugmyndir þeirra. |

## *Áætlun*

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| Talað mál, hlustun og áhorf.<br>Lestur og bókmenntir.<br>Ritun.<br>Málfræði | Finnur I – verkefni í málfræði og stafsetningu (Námsgagnastofnun).<br>Mályrkja I – lesbók (Námsgagnastofnun).<br>Hrafnkels saga Freysgoða (Iðnú).<br>Frjálslestrarbækur.<br>Fallorð.<br>Málfinnur.<br>Gögn frá kennara. | Nemendur geti tjáð sig frammi fyrir skólafélögum sínum og hlustað af þolinmæði. Nemendur geti rökstutt eigin niðurstöðu og tileinkað sér viðeigandi framkomu þegar hlustað er á upplestur eða frásagnir.<br>Nemendur upplifi aukinn áhuga á lestri og bókum og styrki stöðu sína m.t.t. lestrarhraða og lesskilnings. Nemendur kynnist mismunandi bókmenntastefnum, gerðum bóka og rithöfundum.<br>Nemendur þjálfist í ritun í gegnum merkingarbær verkefni undir leiðsögn kennara.<br>Nemendur fái kennslu og þjálfun í málfræðiatriðum sem þeir þurfa að hafa á valdi sínu við lok 8. bekkjar. | Lykilhæfni. Hæfni innan námssviðs. Lestur, talað mál og framsögn, hlustun og áhorf, ritun, stafsetning, bókmenntir, málfræði.<br>Leiðsagnarmat. Skriflegar kannanir. Símat. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Matið á fyrsta matstímabili (okt.) byggist að miklu leyti á lykilhæfni í námi. Fáar sem engar kannanir liggja til grundvallar. Mat á öðru tímabili (jan.) byggist á lykilhæfni og hæfni innan námssviðs. Lokamat að vori byggist á lykilhæfni og hæfni innan námssviðs. Könnun í málfræði og lesskilningi.

Talað mál, hlustun og áhorf: 30-35%

Lesskilningur: 10%

Ritun: 30-35%

Málfræði: 20-30%

GILJASKÓLI

# Stærðfræði

**Tímafjöldi á viku: 5**

**Kennari: Helga Jónasdóttir, Kolbrún Jónsdóttir, Kristín Elva Viðarsdóttir, Sigfús Aðalsteinsson og Úlfar Björnsson**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Mikið er lagt uppúr framlagi nemenda og samvinnu. Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og jákvæð viðhorf til stærðfræði eru mikilvægir þættir í stærðfræðinámi svo og samræður við aðra nemendur um stærðfræðihugtök. Einstaklingsvinna, hópavinna, samvinnuná, teiknilausnir og hugtakakort.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í Stærðfræði:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Stærðfræðidæmi úr tölum frá opinberum aðilum.<br>• Stærðfræðidæmi tekin úr daglegu lífi, o.s. frv.. |
| Jafnrétti: | • Stærðfræðidæmi tekin úr tölum hagstofunnar.<br>• Launaútreikningar, o.s. frv.. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Útreikningar með kosningatölur<br>• Töflureiknir með tölum frá samvinnuðuþjóðunum, o.s.frv. |
| Læsi: | • Stærðfræðitexti skoðaður og greindur eins og saga með nemendum, þar sem hvert dæmi segir litla sögu og nemendur eru þátttakendur í að leysa verkefnin með sögupersónum.<br>• Stærðfræðitexti skoðaður út frá setningaskipun, o.s.frv. |
| Sjálfbærni: | • Ýmsir útreikningar varðandi auðlindir íslendinga.<br>• Stærðfræðidæmi tengd grænfánaverkefnum, o.s.frv. |
| Sköpun: | • Nemendur verði þátttakendur í að skila verkefnum á því formi sem |

## *Áætlun* Stærðfræði

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| Almenn brot, algebra, rúmfræði, talnafræði, líkur, hornaföll, mengi, jöfnur tölfræði, prósendtur, fjármál, metrakerfið o.fl.. | Unnið er með Átta tíu 4, 5 og 6<br>Almenn stærðfræði fyrir grunnskóla 1-3<br>Ítarefni kennara og námsefni á veraldarvefnum | Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið . Innan þess eru próf og verkefni og vinnubækur( Eru vinnubókin snyrtilega upp sett, sýnir nemandi útreikninga við dæmavinnu o.s.frv.) | Vinna og hegðun í tíma, skil á heimavinnu, nýtir nemandi tímann vel, kemur nemandi með námsgögn og framistaða í prófum. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Miðað er við að nemendur fái heimavinnuverkefni eftir hvern kafla og próf eru tekin eftir hverja 1-3 kafla. Heimanám fer eftir vinnuframlagi nemenda í tímum.

GILJASKÓLI

# Danska

**Tímafjöldi á viku: 3kennslustundir á viku**

**Kennari: Sonja Dagsdóttir og Steinunn Kristín Bjarnadóttir**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Helstu viðfangsefni dönskunámsins á öðru ári snúa að nemendunum sjálfum og daglegu lífi þeirra, líkamanum og umhverfi. Að auki verður horft á danskar/norrænar kvikmyndir og stuttmyndir, rýnt í menningu, staðhætti og jólasiði.

Unnið er með Smart – lesbók, vinnubók, hlustunarefni og ýmislegt ítarefni. Efni á neti, efni unnið af kennurum, kvikmyndir og fleira.

Námsbækurnar eru byggðar upp þannig að fyrst er farið í texta í lesbókinni þar sem orðaforði er kynntur, bæði í texta og með myndum. Í vinnubókinni eru síðan verkefni sem nemendur vinna annaðhvort einir eða í pörum. Hlustunaræfingar eru fjölmargar í vinnubókinni og einnig er hlustað á t.d. tónlist, fréttir o.fl. af netinu. Að auki er stuðst við ýmis spil og leiki. Lögð er áhersla á að allir nemendur finni sína aðferð við að lesa og skilja texta og eru því fjölbreyttar leiðir farnar í lestri, t.d. að lesa texta upp á eigin spýtur heima eða í skóla, lesa í litlum hópum/pörum, lesa með stuðningi af glósulista og nota orðabækur.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í dönsku:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Viðfangsefni í námsefninu eru m.a. matur, nesti, hreyfing, tilfinningar og áhugamál<br>• Nemendum hrósað markvisst til að styrkja jákvæða sjálfmynd nemenda<br>• nemendur hvattir til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í námi og verkefnavali |
| Jafnrétti: | • Mikið er unnið í hópum/pörum í dönsku. Gætt er að því að skipta mismunandi í hópa, t.d. að þau velji stundum sjálf, kennari skiptir í hópa, kynjaskiptir hópar, blandaðir hópar. Einnig er tekið tillit til námsgetu þegar skipt er í hópa; stundum er skipt eftir getu en einnig þvert á getu.<br>• Samvinnunám (cooperative learning) er hluti dönskunámsins þar sem nemendur hjálpast að og styðja hvert annað. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • nemendur eru hvattir til að vera virkir og sjálfstæðir í verkefnavali<br>• á hvorri önn eru unnin verkefni þar sem nemendur meta bæði eigin frammistöðu og hóps sem þau vinna í<br>• nemendur velja sjálfir við hvaða aðstæður þeir lesa dönsku upphátt og æfa t.d. framburð. Fyrir allan bekkinn, fyrir lítinn hóp, góðan vin eða bara kennara. |

GILJASKÓLI

| | |
|---|---|
| Læsi: | • Unnið er með læsi í víðum skilningi í dönsku<br>• Lesskilningur þjálfaður<br>• Nemendur læra ný hljóð fyrir suma bókstafi, t.d. e, a, æ, h...<br>• Nemendur þjálfast í myndlæsi, orðaforði þjálfaður út frá myndum.<br>• Nemendur æfa sig í að finna viðeigandi efni á neti (á gagnrýninn hátt) |
| Sköpun: | • Nemendur vinna power point verkefni/kynningu um bæinn sinn<br>• Nýtt ár – nýjar væntingar... bókagerð (bookr)<br>• farið út fyrir skólastofuna og verkefni unnin, s.s. myndaverkefni þar sem nemendur eiga að vinna út frá orðum og sköpunarkrafturinn fær að njóta sín<br>• Nemendur lesa af og til texta með leikrænum tilþrifum, þar sem þeir setja sig í hlutverk í textunum. |

## *Áætlun*

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| Skólinn<br>Matur og matarmenning<br>Áhugamál<br>Tilfinningar<br>Borg og bær<br>Dýr | Smart, lesbók og vinnubók<br>Smásögur (Pinligt)<br>Hlustunarefni<br>Efni af vef<br>Kvikmyndir/stuttmyndir<br>Spil og annað ítarefni | Að nemendur þjálfist í orðaforða um viðfangsefnin og noti hann á fjölbreyttan hátt í skrifuðu og mæltu máli.<br>Nemendur æfi sig í að halda uppi samtölum um ýmis málefni (kort samtale)<br>Nemendur geti leitað sér upplýsinga á netinu um viðfangsefnin á dönsku. | Kaflapróf<br>Heimapróf<br>Munnleg skil<br>Ritun |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats: Próf eru lögð fyrir við lok kafla, það eru bæði hefðbundin próf og heimapróf.  Munnleg skil verkefna eru metin til einkunnar. Verkefni, s.s. verkefni um kvikmyndir, myndaverkefni, ritunarverkefni og fleiri,  sem eru unnin yfir veturinn eru metin til einkunnar

GILJASKÓLI

# Enska

**Tímafjöldi á viku: 3**

**Kennari: Ragna Kristjánsdóttir**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Innlagnir frá kennara þegar ný atriði eru tekin fyrir.
Einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna.
Umræður og hlustunarverkefni.
Netverkefni.
Unnið er með Spotlight 8 sem grunnbók henni fylgir verkefnabók. Nemendur lesa Frankenstein á fyrri önn og Tom Sawyer á seinni önn

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í ensku:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Fjallað er um mikilvægi þess að stunda íþrótt eða einhverja hreyfingu reglulega |
| Jafnrétti: | • Fjallað er um mikilvægi þess að strákar og stelpur hafi jöfn tækifæri, s.s að stunda nám, taka þátt í íþróttum og þessháttar |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Siðferðilegum spurningum er beint til nemenda og þeir ræða hvernig við umgöngumst hvert annað og hvernig við umgöngumst dýr. Hafa allir jöfn tækifæri til að þroskast ? |
| Læsi: | • Að nemdandi geti verið læs á umhverfi sitt og efli lesskilng<br>• Lesskilningur þjálfaður í gengum námsbækur og frjálslestrabækur<br>• Nemendur þjálfast í myndlæsi, orðaforði þjálfaður út frá myndum.<br>• Nemendur æfa sig í að finna efni sem hentar hverju sinni á neti (á gagnrýninn hátt) |
| Sjálfbærni: | • Nemendur lesa um hvernig loftslagsáhrif hafa haft áhrif á þróun dýra og manna. |
| Sköpun: | • Nemendur búa sér til persónu, þar sem þeir ákvarða útlit og lögun. Nemendur eiga að teikna tattú á manneskjuna. Nemendur þjálfast í látbraðsleik (Actionary) |

## *Áætlun*

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið |
|---|---|---|
| Unit 1 Animal Power<br><br>Unit 2 Me and You and Everybody Else<br><br>Unit 3 Sweden Ahoy<br><br>Unit 4 Sports of All Sorts<br><br>Unit 5 Fashion and Looks<br><br>Unit 6 Fast and Furious | Spotlight 8 lesbók og verkefnabók. Ljósrit frá kennara | Unit 1: Siðferðilegum spurningum er beint til nemenda, hverning umgöngumst við dýr og hvaða áhrif geta loftslagsbreytingar haft á líf dýranna. Nemendur læri orðaforða og orðatiltæki tengdan dýrum. Þeir þjálfast í að segja hug sinn í tali og texta. Persónufornöfn og eignarfornöfn eru tekin fyrir.<br><br>Unit 2: Fjallað er um tengsl milli manna, hvernig við kynnumst og hvaða áhrif kynni geta haft á okkur. Áhersla er lögð á unglinga og tengsl þeirra. Kaflinn fjallar sérstaklega um orð og orðasambönd sem túlka tilfinningar. Lýsingarorð og reglulegar sagnir teknar fyrir.<br><br>Unit 3: Í kaflanum æfa nemendur sérstaklega orð og orðasambönd sem tengjast ferðalögum og ferðaiðnaði. Reynt er að tengja umfjöllunina við Ísland og íslenska ferðamenningu.<br><br>Unit 4: Í kaflanum er fjallað um orð og orðasambönd sem tengjast íþróttum. Í málfræði er farið í do , does, did, spurnarorð og óreglulegar sagnir í þátíð.<br><br>Unit 5: Í kaflanum er farið í tísku, útlit og stíl einstaklinga. Orð sem tengjast tísku, klæðnaði og útliti er æfð. Í málfræði er farið í ábendingarfornöfn, tilvísunarfornöfn, fleirtölu og óákveðinn greini. |

GILJASKÓLI

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Nemendur taka kaflapróf eftir hvern og einn kafla, þeir taka11 sagnapróf þar sem þeirlæra 10 óreglulegar sagnir í einu.

Munnleg skil verkefna eru metin til einkunnar Show and tell, þar koma nemendur með hlut að heiman og segja frá honum á ensku fyrir framan bekkinn. Ritunarverkefni úr Frankenstein og Tom Sawyer eru metin.

GILJASKÓLI

# Lífsleikni

**Tímafjöldi á viku: 1**

**Kennari: Ragna Kristjánsdóttir og Steinunn Kristín Bjarnadóttir**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Í lífsleikni eru innlagnir, hópavinna, paravinna, einstaklingsvinna. Nemendur hlusta á fyrirlestra

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í :

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • nemendur taka þátt í umræðum um heilbrigt líferni og hreinlæti<br>• fræðsla frá hjúkrunarfræðingi skólans |
| Læsi: | • nemendur vinna úr niðurstöðum sjálfsprófa um þarfirnar og teikna skífurit |

## *Áætlun*

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| Uppbygging:<br>mitt og þitt hlutverk skilgreind<br>umræða, fræðsla og vinna um þarfir<br>bekkjarsáttmáli<br>núvitund | | | |

GILJASKÓLI

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

# Náttúrufræði

**Tímafjöldi á viku: 3**

**Kennari: Sigrún Þórólfsdóttir**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Unnið verður með fjölbreyttar kennsluaðferðir því mikilvægt er að nemendur kynnist og nái tökum á mismunandi aðferðum til að geta valið á milli þeirra og beitt þeim. Við munum nota útlistunarkennslu, þulunám og þjálfunaræfingar, verklegar æfingar, útikennslu, umræðu- og spurnaraðferðir, leitaraðferðir og hópvinnubrögð.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í Náttúrufræði:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Áhugasviðsverkefni. Nemendur velja sér áhugasvið og kynna munnlega fyrir bekkjarfélögum. Þeir segja frá eigin reynslu og upplifunum og hafa val um viðfangsefni og framsetningu, allt eftir styrkleikum og áhuga hvers og eins. Lýðheilsa byggir á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Verkefni sem þetta er viðleitni í þá átt að styrkja sjálfsmyndina. Verkefnið og ekki síður vinnuferlið í heild stuðlar að velferð nemenda til jákvæðrar sjálfsvitundar. |
| Læsi: | • Lestur námsbóka í náttúrufræði krefst mikillar þjálfunar í að greina aðalatriði frá aukaatriðum. Rýna þarf í textann og skilgreina hugtök.<br>• Einig þurfa þau að lesa úr ýmiskonar myndum og líkönum. |
| Sjálfbærni: | • Sjálfbærni fléttast inn í námið þegar við ræðum nýtingu orkuauðlinda, einnig tengist það aðeins vinnu við sveppi og tré. |
| Sköpun: | • Vinnubókin er stór þáttur í upphafi vetrar þar sem unnið er með smekklega en skipulagða uppsetningu þar sem þeim er uppálagt að gera hana að sinni. Ýmis verkefni eru unnin þar sem lögð er áhersla á frumleika, frumkvæði og ímyndunarafl. Eins eru verkefni sem byggja á uppgötvun og sjálfstæðu námi. |

## *Áætlun 2014-2015*

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| Megin viðfangsefni lífvísinda er lífið á jörðinni. Greint er frá algengri skiptingu lífvera í hópa og fjallað um einkenni og gerð lífvera í hverjum þeirra.<br>Megin viðfangsefni eðlisvísinda er um eðli vísinda, vísindalegar aðferðir og vinnubrögð, einnig er fjallað um bylgjur og hvernig það birtist okkur og nýtist. | Orkan og Lífheimurinn ásamt ýmsu ítarefni af veraldarvefnum. | Nemandi geti framkvæmt og útskýrt eigin athuganir úti og inni,<br>Nemandi geti lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt,<br>Nemandi geti dregið ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn,<br>Nemandi geti gert grein fyrir skynjanlegum eiginleikum ljóss, svo sem speglun, ljósbroti og litrófi,<br>Nemandi þekki helstu gerðir rafsegulbylgna og áhrif þeirra,<br>Nemandi geti útskýrt hljóð með vísun til bylgjueiginleika og með vísun til frumeindakenningarinnar,<br>Nemandi geti gert grein fyrir eigin athugunum á lífverum, hegðun þeirra og búsvæðum,<br>Nemandi geti útskýrt flokka lífvera eftir skyldleika, ein- og fjölfrumunga,<br>Nemandi viti að erfðir ráðast af genum og hvernig íslenskar lífverur hafa aðlagast umhverfi sínu,<br>Nemandi geti útskýrt þarfir ólíkra lífvera í ólíkum vistkerfum,<br>Nemandi geti útskýrt hugmyndir um náttúruval, hæfni, aðlögun og arfbundinn breytileika,<br>Nemandi geti fjallað á gagnrýninn hátt um aukaefni í mat og aðferðir til að auka geymsluþol. | Lykilhæfni nemenda er metin jafnóðum og skráð.<br>Einnig metum við vinnubók, skil á sjálfsprófum, skýrslur, kynningar og veggspjöld.<br>Kannanir verða lagðar fyrir eftir einn til tvo kafla, ýmist gagnapróf, quiss eða gagnvirk próf í tölvu. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.

- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Matið á fyrsta matstímabili (okt.) byggist á Lykilhæfni í námi (sjá að ofan).
- ✓ Mat á öðru tímabili (jan.) byggist að mestum hluta til á Lykilhæfni en að einhverju leyti skarast það á við Hæfni innan námssviðs.
- ✓ Lokamat að vori byggist á Lykilhæfni og Hæfni innan námssviðs.

GILJASKÓLI

# Samfélagsfræði

**Tímafjöldi á viku: 3**

**Kennari: Brynjar Karl Óttarsson, Sonja Björk Dagsdóttir**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Almenn landafræði verður meginviðfangsefni samfélagsfræðinnar á haustönn. Íslandssaga 19. aldar tekur við eftir áramót. Trúarbragðafræði kemur við sögu allan veturinn. Af þremur kennslustundum á viku fer ein í innlögn kennara. Þar verður kennslubókin lögð til grundvallar. Kennari og nemendur lesa saman, ræða um námsefnið og kennari útskýrir þegar svo ber undir. Hinar tvær kennslustundirnar, en þær eru samliggjandi, verða í meginatriðum nýttar á tvo vegu. Í fyrsta lagi til að dýpka skilning á viðfangsefnum kennslubókarinnar t.d. með því að vinna verkefni af ýmsu tagi. Í öðru lagi til að öðlast yfirsýn yfir málefni líðandi stundar með aðstoð fjölmiðla. Þannig velur kennari eina frétt úr fjölmiðlum (dagblaði, vefmiðli, útvarpi, sjónvarpi) sem nemendur taka til umfjöllunar. Það gera þeir ýmist einir, í litlum hópum eða sem bekkur en ávallt undir leiðsögn kennara. Fréttirnar hafa allar skírskotun til áhersluatriða aðalnámskrár grunnskóla. Markmið verkefnisins er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu (bls. 195). Aukinheldur er verkefninu ætlað að þjálfa samræðu og gagnrýna hugsun. Lagt verður upp með að gott flæði skapist milli innlagna kennara og vinnu nemenda hvort sem um stór eða smá verkefni er að ræða. Engu að síður verður ofangreint fyrirkomulag haft til hliðsjónar til að auðvelda allt skipulag. Reynt verður að færa kennsluna út fyrir skólabygginguna og stuðla þannig að virkri þátttöku nemenda í nærsamfélaginu. Slíkar vettvangsferðir eru fyrst og fremst hugsaðar að hausti og vori.

Kennsluhættir verða m.a. í formi umræðu- og spurnaraðferða, heimildavinnu,  bekkjarfunda og vettvangsferða.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í samfélagsfræði í 8. bekk veturinn 2014-2015:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Nemendur fræðast um heilbrigðismál Íslendinga á 19. öld og almennt um aðstæður þeirra með sérstakri áherslu á frostaveturinn mikla árið 1918 og spænsku veikina.<br>• Nemendur fræðast um áhrif manna á náttúruna þ.e. jarðvegseyðingu og mengun.<br>• Frétt vikunnar. |
| Jafnrétti: | • Kosningaréttur kvenna og vinnuhjúa árið 1915.<br>• Er jafnrétti skilgreint á sama hátt óháð trúarbrögðum? |

| | |
|---|---|
| | • Frétt vikunnar. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Fræðslulögin árið 1907.<br>• Frétt vikunnar. |
| Læsi: | • Munurinn á hugtakinu "læsi" í dag og á 19. öld.<br>• Nemendur "lesa frétt vikunnar og leggja sinn eigin skilning í boðskapinn. Þetta gera þeir í gegnum þá miðla og tækni sem notast er við til að koma fréttinni á framfæri (dagblöð, útvarp, sjónvarp o.s.frv.). |
| Sjálfbærni: | • Eyðing regnskóganna.<br>• Sjálfbærar fiskveiðar.<br>• Frétt vikunnar. |
| Sköpun: | • Kynningarspjald sem nemendur útbúa og kynna fyrir bekkjarfélögum. |

## *Áætlun*

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| Tilurð jarðarinnar, uppbygging hennar, náttúra, gróður og loftslag. Landakort. Sjálfbær þróun og þýðing hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf. Menningar- og samfélagsmálefni. Lýðræði. Íslandssaga 19. aldar. Ólík trúarbrögð. Samfélagsleg og siðferðileg málefni ýmiskonar. Þátttaka í samfélaginu o.s.frv. | Um víða veröld - Jörðin (Námsgagnastofnun).<br><br>Kortabók handa grunnskólum (Námsgagnastofnun).<br><br>Dagblöð, vefmiðlar, útvarps- og sjónvarpsefni.<br><br>Hnattlíkan og kort.<br><br>Sögueyjan, 2. hefti (Námsgagnastofnun).<br><br>Árið 1918 (Námsgagnastofnun).<br><br>Maðurinn og trúin (Námsgagnastofnun).<br><br>Gögn frá kennara. | Reynsluheimur. Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann.<br><br>Hugarheimur. Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.<br><br>Félagsheimur. Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra. | Lykilhæfni: Ábyrgð, dugnaður og þrautseigja, frumkvæði og áræðni, jákvæðni og framkoma, námsvitund, samstarf, sjálfstæð vinnubrögð og skipulag.<br><br>Hæfni innan námssviðs.<br><br>Leiðsagnarmat, skriflegt mat, mat á samræðum, sjálfsmat. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Leiðsagnarmat, Matið á fyrsta matstímabili (okt.) byggist að mestu leyti á lykilhæfni í námi.

Mat á öðru tímabili (jan.) byggist á lykilhæfni og hæfni innan námssviðs þar sem fáein verkefni eða kannanir í landafræði og trúarbragðafræði liggja til grundvallar.

Lokamat að vori byggist á lykilhæfni og hæfni innan námssviðs. Matið byggir á eftirfarandi námsgreinum og hlutföllum:

Landafræði 40%

Saga 40%

Trúarbragðafræði 20%

GILJASKÓLI

# Sund

**Tímafjöldi á viku: 1**

**Kennari: Orri Hjaltalín**

## Kennsluaðferðir og skipulag

Hefðbundin sundkennsla í Sundlaug Akureyrar, reglur, leikir, allar sundaðferðir, marvaði og stungur.

## Grunnþættir menntunar þessa námsviðs

- að bæta útfærslu og tækni allra sundaðferða
- Að minna nemendur á góða umgengni á sundstöðum
- Að nemendur hafi gaman af því að fara í Sund
- Að auka félags, hreyfi og siðgæðisþroska
- Að ljúka 8. sundstigi

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í sundi:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti. |
| Jafnrétti: | • Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum.<br>• Nemendum er boðið uppá fyrsta flokks aðstöðu til sundiðkunar og vel menntaða kennara.<br>• Mikið er lagt uppúr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir hlutum sundlaugarinnar og öðrum sundlaugargestum.<br>• Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis. |
| Læsi: | • Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama |
| Sköpun: | • Líkamstjáning í vatni! |

GILJASKÓLI

## *Áætlun* í sundi 2014-2015

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| Bringusund,skriðsund,baksund, kafsund,flugsund,þolsund, fatasund, tímataka og marvaði. Stunga og leikur í vatni. | 8. sundstig | Helstu markmið með sundstigum eru að:<br>- Allir fái markvissa sundkennslu og verði færir um að bjarga sjálfum sér og öðrum.<br>- Að nemendur skilji mikilvægi reglubundinnar sundiðkunar og geti nýtt sér sundið sem líkams- og heilsurækt.<br>- Veita skólanum og skólayfirvöldum gott yfirlit yfir sundgetu nemanda hvers árgangs.<br>- Að sundstigin verði markmið fyrir nemendur í sundnáminu þar sem hver nemandi fær verkefni við sitt hæfi. | Kennari gefur nemanda vitnisburð fyrir:<br>A - sundgetu á prófi<br>B - mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun (lykilhæfni) |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Verkleg próf í sundstiginu við lok haustannar og lok vorannar. Símat á lykilhæfni yfir skólaárið.

GILJASKÓLI

# 9. bekkur

## Enska

**Tímafjöldi á viku: 3.**

**Kennari: Ragna Kristjánsdóttir**

### *Kennsluaðferðir og skipulag*

Innlagnir frá kennara þegar ný atriði eru tekin fyrir.

Einstaklingsvinna,paravinna og hópavinna.

Umræður og hlustunarverkefni.

Netverkefni

Lestur styttri og lengri texta,málfræði,hlustun áhorf,ritunarverkefni og munnlegar æfingar

### *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í ensku:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Fjallað er um l |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Fjallað er um frumbyggja Kanada, lýðræði þeirra og mannréttindi. Að nemendur |
| Læsi: | • Að gera nemendur færari um læsi á breiðari grundvelli, svo sem náttúruæsi sbr. kaflinn um Kanada |

## *Áætlun* Enska

| *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|
| **Spotlight 9 lesbók,vinnubók og ljósritað efni frá kennara** | Að nemendur læri óreglulegar sagnir og geti notað þær í texta.<br>Að nemandi geti skrifað mismunandi texta, geti greint á milli formlegs texta og óformlegs.<br>Að nemandi geti skrifað útdrátt úr texta, ritdóm eða grein.<br>Að nemandi geti flutt munnlega kynningu á hlut sem skiptir hann máli (Show and tell)<br>Nemendur þekki nafnorð og óreglulega fleirtölu<br>Nemendur þekki fornöfn og afturbeygð fornöfn<br>Að nemendur þekki tíðaratviksorð og háttaratviksorð<br>Að nemendur þekki og noti spurnarsetningar<br>Að nemendur þekki og kunni að nota would og should | Kaflapróf eru á eftir hverjum kafla |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

GILJASKÓLI

Form og tíðni námsmats:

# Íslenska

**Tímafjöldi á viku: 5**

**Kennari: Brynjar Karl Óttarsson, Sonja Björk Dagsdóttir**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Leitað verður leiða við að gera viðfangsefnið lifandi. Áhersla verður lögð á bókmenntir og lestur með því að kynda undir áhuga nemenda á lestri. Lagt verður upp úr skapandi skrifum og að nemendur upplifi vinnuna merkingarbæra sbr. birting greina á opinberum vettvangi. Áhersla lögð á raunveruleg viðfangsefni í framsögn svo sem málstofa á sal.

Viðfangsefnum vetrarins má skipta í tvo flokka.

Annars vegar stærri verkefni og/eða vinnulotur. Undir þær falla tvö ítarleg ritunarverkefni, eitt á hvorri önn. Í öðru verkefninu skrifa nemendur frétt frá grunni þar sem vettvangurinn er heimabyggð. Í hinu verkefninu er viðfangsefnið þeirra eigin hugleiðingar um skólann og skólastarfið. Greinarnar verða birtar á opinberum vettvangi og því þurfa nemendur að huga sérstaklega vel að málfari, uppbyggingu og öðru er viðkemur uppsetningu og frágangi á texta. Þá verður nemendum gefinn kostur á að fá birta grein í dagblaði. Undirbúningur fyrir dag íslenskrar tungu þann 16. nóvember hefst um miðjan október þar sem nemendur æfa sig að koma fram. Tvö stærri málstofuverkefni verða á dagskrá í vetur þar sem nemendur verða með erindi og/eða ræður. Áætlað er að vera með kynningu á hinu fyrra á haustönn en því seinna á vordögum. Annars vegar veltir nemandinn fyrir sér kostum og göllum þess að vera unglingur nú til dags þar sem hann byggir umfjöllun sína að mestu á eigin reynslu og skoðunum. Hér er um einstaklingsverkefni að ræða. Hins vegar fer fram „rannsókn“ á því hvað fólk álítur vera mikilvægast að nemendur hafi í farteskinu þegar grunnskólagöngu lýkur. Nemandinn leggur rannsóknarspurninguna fyrir þrjá einstaklinga á mismunandi aldri og svarar henni svo sjálfur. Hann dregur saman niðurstöður rannsóknarinnar og kynnir á málþingi ásamt hópnum sínum. Þá búa nemendur til handrit að stuttmynd fyrir hina árlegu stuttmyndadaga. Nemendum stendur til boða að lesa upp úr bók eða vera með annars konar framsögn á sal í frímínutum fyrir nemendur unglingastigs 1-2 í viku. Mikil áhersla verður lögð á bókmenntir og lestur og reynt verður eftir fremsta megni að glæða áhuga nemenda á lestri og bókum. Má þar nefna yndislestur, upplestur kennara og nemenda og bóka- og rithöfundakynningar. Í það minnsta einu sinni fer fram mælsku- og rökræðukeppni innan bekkjar þar sem viðfangsefnið verður jafnrétti í Giljaskóla. Nemendur halda dagbók þar sem þeir skrá reglulega yfir veturinn eigin hugleiðingar um lífið og tilveruna.

Hins vegar eru hefðbundnari verkefni og smærri í sniðum sem falla undir þætti eins og stafsetningu, ritun, frjálslestur, bókmenntir, framsögn í bekk og málfræði.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íslensku í 9. bekk veturinn 2014 - 2015:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Málþing að hausti: „ Kostir og gallar við að vera unglingur árið 2014“. Málþing að vori: „Hvað er mikilvægast að nemendur hafi í farteskinu þegar grunnskóla lýkur?” Nemendur gera könnun á viðfangsefninu, ýmist með sjálfsskoðun eða með því að leita svara hjá öðrum. Þeir draga saman niðurstöður sínar og svör, bera saman og gera grein fyrir þeim munnlega á sal. Lýðheilsa byggir á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan og sú sjálfsskoðun og könnun sem felst í verkefnunum ýtir undir skilning nemenda á því hvað raunverulega skiptir máli í lífinu. Niðurstöðurnar, en ekki síður vinnuferlið í heild, stuðla að heilbrigði og velferð nemenda til jákvæðrar sjálfsvitundar. |
| Jafnrétti: | • Mælsku- og rökræðukeppni í bekknum: Í Giljaskóla er jafnrétti – með / móti. Fjölmenning, menning og uppbygging skólasamfélags án aðgreiningar. Jafnrétti varðandi námsmöguleika, námsefni, kennsluaðferðir og námsumhverfi . |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Greinaskrif nemenda og birtingar á opinberum vettvangi. Skólinn og heimabyggð. Nemendur tjá eigin tilfinningar og skoðanir á nánasta umhverfi. Með skrifum sínum leggja nemendur sitt af mörkum til uppbyggingar lýðræðislegs samfélags. Nemendur fá að láta rödd sína heyrast með því að beita rökhugsun og gagnrýninni hugsun. Þannig fá þeir tækifæri til að vekja athygli á hagsmunamálum sínum. Um leið veita þeir visst aðhald sem kann að vernda gegn brotum á sjálfsögðum réttindum nemenda og starfsfólks. |
| Læsi: | • Yndislestur, bóka- og rithöfundakynningar og upplestur kennara á framhaldssögu. Mikil áhersla lögð á að reyna eftir fremsta megni að glæða áhuga á bókum og lestri. Með auknum lestri fæst “ókeypis” þjálfun í annars konar læsi svo sem menningarlæsi, tilfinningalæsi og samskiptalæsi. |
| Sjálfbærni: | • Bókahillur smíðaðar af nemendum í smíðavali í samstarfi við smíðakennara. Hillurnar eru gerðar úr hráefni úr heimabyggð. Efni sem til fellur þegar lerkitré eru felld er nýtt í hillugerðina. Þannig sjá nemendur dæmi um sjálfbæra þróun í verki og skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda. |
| Sköpun: | • Dagbókarskrif nemenda. Frjáls ritun. Greinaskrif nemenda og birtingar á opinberum vettvangi. Skólinn og heimabyggð. Forvitni, athafnaþrá, frumkvæði, frumleiki, uppgötva, njóta, áhugi, ímyndunarafl, leika sér, áskorun, spenna. Dagbókarskrifin sem og greinaskrif nemenda virkja sköpunarkraft og ýta undir skapandi hugmyndir þeirra. |

GILJASKÓLI

## *Áætlun*

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| Talað mál, hlustun og áhorf.<br>Lestur og bókmenntir.<br>Ritun.<br>Málfræði. | Finnur II – verkefni í málfræði og stafsetningu (Námsgagnastofnun).<br>Mályrkja II – lesbók (Námsgagnastofnun).<br>"Með fjaðrabliki..." (Námsgagnastofnun).<br>Frjálslestrarbækur.<br>Málfinnur.<br>Gögn frá kennara. | Nemendur geti tjáð sig frammi fyrir skólafélögum sínum og hlustað af þolinmæði. Nemendur geti rökstutt eigin niðurstöðu og tileinkað sér viðeigandi framkomu þegar hlustað er á upplestur eða frásagnir.<br>Nemendur upplifi aukinn áhuga á lestri og bókum og styrki stöðu sína m.t.t. lestrarhraða og lesskilnings. Nemendur kynnist mismunandi bókmenntastefnum, gerðum bóka og rithöfundum.<br>Nemendur þjálfist í ritun í gegnum merkingarbær verkefni undir leiðsögn kennara.<br>Nemendur fái kennslu og þjálfun í málfræðiatriðum sem þeir þurfa að hafa á valdi sínu við lok 9. bekkjar. | Lykilhæfni. Hæfni innan námssviðs. Lestur, talað mál og framsögn, hlustun og áhorf, ritun, stafsetning, bókmenntir, málfræði.<br>Leiðsagnarmat. Skriflegar kannanir. Símat. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Matið á fyrsta matstímabili (okt.) byggist að miklu leyti á lykilhæfni í námi. Fáar sem engar kannanir liggja til grundvallar. Mat á öðru tímabili (jan.) byggist á lykilhæfni og hæfni innan námssviðs. Lokamat að vori byggist á lykilhæfni og hæfni innan námssviðs. Könnun í málfræði og lesskilningi.

Talað mál, hlustun og áhorf: 30-35%, lesskilningur: 10%, ritun: 30-35%, málfræði: 20-30%

GILJASKÓLI

# Stærðfræði

**Tímafjöldi á viku: 5**

**Kennari: Helga Jónasdóttir, Kolbrún Jónsdóttir, Kristín Elva Viðarsdóttir, Sigfús Aðalsteinsson og Úlfar Björnsson**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Mikið er lagt uppúr framlagi nemenda og samvinnu. Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og jákvæð viðhorf til stærðfræði eru mikilvægir þættir í stærðfræðinámi svo og samræður við aðra nemendur um stærðfræðihugtök. Einstaklingsvinna, hópavinna, samvinnuná, teiknilausnir og hugtakakort.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í Stærðfræði:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Stærðfræðidæmi úr tölum frá opinberum aðilum.<br>• Stærðfræðidæmi tekin úr daglegu lífi, o.s. frv.. |
| Jafnrétti: | • Stærðfræðidæmi tekin úr tölum hagstofunnar.<br>• Launaútreikningar, o.s. frv.. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Útreikningar með kosningatölur<br>• Töflureiknir með tölum frá samvinnuðuþjóðunum, o.s.frv. |
| Læsi: | • Stærðfræðitexti skoðaður og greindur eins og saga með nemendum, þar sem hvert dæmi segir litla sögu og nemendur eru þátttakendur í að leysa verkefnin með sögupersónum.<br>• Stærðfræðitexti skoðaður út frá setningaskipun, o.s.frv. |
| Sjálfbærni: | • Ýmsir útreikningar varðandi auðlindir íslendinga.<br>• Stærðfræðidæmi tengd grænfánaverkefnum, o.s.frv. |
| Sköpun: | • Nemendur verði þátttakendur í að skila verkefnum á því formi sem |

## *Áætlun* Stærðfræði

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| Almenn brot, algebra, rúmfræði, talnafræði, líkur, hornaföll, mengi, jöfnur tölfræði, prósendtur, fjármál, o.fl. | Unnið er með Átta tíu 4, 5 og 6<br>Almenn stærðfræði fyrir grunnskóla 1-3<br>Ítarefni kennara og námsefni á veraldarvefnum | Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið . Innan þess eru próf og verkefni og vinnubækur( Eru vinnubókin snyrtilega upp sett, sýnir nemandi útreikninga við dæmavinnu o.s.frv.) | Vinna og hegðun í tíma, skil á heimavinnu, nýtir nemandi tímann vel, kemur nemandi með námsgögn og framistaða í prófum. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Miðað er við að nemendur fái heimavinnuverkefni eftir hvern kafla og próf eru tekin eftir hverja 1-3 kafla. Heimanám fer eftir vinnuframlagi nemenda í tímum.

GILJASKÓLI

# Náttúrufræði

**Tímafjöldi á viku: 3**

**Kennari: Sigrún Þórólfsdótti**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Unnið verður með fjölbreyttar kennsluaðferðir því mikilvægt er að nemendur kynnist og nái tökum á mismunandi aðferðum til að geta valið á milli þeirra og beitt þeim. Við munum nota útlistunarkennslu, þulunám og þjálfunaræfingar, verklegar æfingar, útikennslu, umræðu- og spurnaraðferðir, leitaraðferðir og hópvinnubrögð.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í Náttúrufræði:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Í bókinni Mannslíkaminn er farið í algengustu sjúkdóma sem geta herjað á líkamann ásamt því hvers ber að varast eða hvernig sé hægt að lækna þá |
| Jafnrétti: | • Jafnrétti er tekið fyrir í efninu um kynlíf og samspili kynjanna ásamt verkefnum sem snúa að þroska mannsins og stöðu kynjanna. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Valið verkefni um vímuefni er unnið í hópum og þar er áhersla lögð á réttindi okkar og skyldur gagnvart vímuefnum og umhverfninu. Einnig er þetta umræðuefni í kaflanum um stöðu kynjanna. |
| Læsi: | • Lestur námsbóka í náttúrufræði krefst mikillar þjálfunar í að greina aðalatriði frá aukaatriðum. Rýna þarf í textann og skilgreina hugtök.<br>• Einig þurfa þau að lesa úr ýmiskonar myndum og tölulegum upplýsingum. |
| Sköpun: | • Vinnubókin er stór þáttur í upphafi vetrar þar sem unnið er með smekklega en skipulagða uppsetningu þar sem þeim er uppálagt að gera hana að sinni. Ýmis verkefni eru unnin þar sem lögð er áhersla á frumleika, frumkvæði og ímyndunarafl. Eins eru verkefni sem byggja á uppgötvun og sjálfstæðu námi. |

## *Áætlun*

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| Megin viðfangsefni námssviðsins í eðlisvísindum er fjallað um eðli vísinda, vísindalegar aðferðir og vinnubrögð.<br><br>Fjallað er um krafta og hvernig þeir eru mældir, vinnu og einfaldar vélar. Einnig er  fjallað um hreyfingu, þyngd og lögmál Newtons.<br><br>Megin viðfangsefni lífvísinda er mannslíkaminn, gerð hans og starfsemi, velferð og þroski. Fjallað verður um kynhegðun og athygli vakin á ábyrgð einstaklinga gagnvart sjálfum sér og öðrum. | Kraftur og hreyfing, Mannslíkaminn ásamt ýmsu ítarefni af veraldarvefnum. | Nemandi geti útskýrt hlutverk helstu líffæra og líffærakerfa mannslíkamans,<br><br>Nemandi þekki helstu gerðir frumna, líffæri þeirra og starfsemi,<br><br>Nemandi geti útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með ábyrgri neyslu og hegðun,<br><br>Nemandi geti útskýrt hvað einkennir lífsskilyrði manna og hvað felst í því að taka ábyrgð á eigin heilsu,<br><br>Nemandi geti útskýrt hvernig fóstur verður til og þroskast,<br><br>Nemandi viti hvað felst í ábyrgri kynhegðun<br><br>Nemandi geti rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði, bæði sín og annarra,<br><br>Nemandi geti lýst eðli og orsökum hreyfinga og notað hugtökin ferð, hraði, hröðun og kraftur.<br><br>Nemandi þekki þyngdarlögmálið og vita að þyngdarkraftur verkar á milli allra hluta.<br><br>Nemandi skilji muninn á massa og þyngd.<br><br>Nemandi geti notað hugtök eins og þrýsting og eðlismassa og tengt þau fyrirbærum í daglegu lífi<br><br>Nemandi geti beitt hugtökunum vinna, orka og afl og lýst tengslum þar á milli | Lykilhæfni nemenda er metin jafnóðum og skráð.<br><br>Einnig metum við vinnubók, skil á sjálfsprófum, skýrslur, kynningar og veggspjöld.<br><br>Kannanir verða lagðar fyrir eftir einn til tvo kafla, ýmist gagnapróf, quiss eða gagnvirk próf í tölvu. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

- ✓ Matið á fyrsta matstímabili (okt.) byggist á Lykilhæfni í námi (sjá að ofan).
- ✓ Mat á öðru tímabili (jan.) byggist að mestum hluta til á Lykilhæfni en að einhverju leyti skarast það á við Hæfni innan námssviðs.
- ✓ Lokamat að vori byggist á Lykilhæfni og Hæfni innan námssviðs.

GILJASKÓLI

# Samfélagsfræði

**Tímafjöldi á viku: 2**

**Kennari: Sigrún Þórólfsdóttir og Brynjar Karl Óttarsson**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Menntagildi samfélagsgreina felst í því að þroska hæfni nemenda til að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra. Markmið samfélagsgreina er að nemendur tileinki sér réttsýni, gildismat og ábyrgð sem meðal annars byggir á því að setja sig í spor annarra og hæfni til að sjá fyrir afleiðingar gjörða sinna fyrir eigin hag, umhverfið og þjóðfélagið í heild. Markmið í samfélagsfræði eru í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla.

Í sögukennslu er byggt á heildstæðri og fjölbreyttri skoðun heimilda um samfélög og einstaklinga frá fortíð til samtíma. Á haustönn verður fyrri hluti 20. aldar tekinn fyrir. Landafræðin fjallar um breytileg lífsskilyrði fólks í heiminum með hliðsjón af víxlverkun manns og náttúru. Eftir áramót verða heimsálfurnar meginviðfangsefni samfélagsfræðinnar.

Kennslustundir fara í innlagnir kennara, umræður, lestur og verkefnavinnu, útskýringar og dýpkun á efninu. Þá munu nemendur öðlast yfirsýn yfir málefni líðandi stundar með aðstoð fjölmiðla. Kennari velur eina frétt úr fjölmiðlum (dagblaði, vefmiðli, útvarpi, sjónvarpi) sem nemendur taka til umfjöllunar. Það gera þeir ýmist einir, í litlum hópum eða sem bekkur en ávallt undir leiðsögn kennara. Fréttirnar hafa allar skírskotun til áhersluatriða aðalnámskrár grunnskóla. Markmið verkefnisins er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu (bls. 195). Aukinheldur er verkefninu ætlað að þjálfa samræðu og gagnrýna hugsun. Lagt verður upp með að gott flæði skapist milli innlagna kennara og vinnu nemenda hvort sem um stór eða smá verkefni er að ræða. Reynt verður að færa kennsluna út fyrir skólabygginguna og stuðla þannig að virkri þátttöku nemenda í nærsamfélaginu. Slíkar vettvangsferðir eru fyrst og fremst hugsaðar að hausti og vori.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í samfélagsfræði í 9. Bekk veturinn 2014 - 2015:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Velmegun og heimskreppa á 20. öld.<br>• Aðgengi að hreinu vatni. |

| | |
|---|---|
| Jafnrétti: | • Stéttabarátta á 20. öld.<br>• Ólíkt hlutskipti ríkra og fátækra. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Fasismi og önnur hugmyndakerfi á 20. öld.<br>• Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna. |
| Læsi: | • Myndir, kort, súlurit o.s.frv. |
| Sjálfbærni: | • Skilgreining á hugtakinu.<br>• Auðlindir. |
| Sköpun: | • Ýmis verkefni eru unnin þar sem lögð er áhersla á frumleika, frumkvæði og ímyndunarafl. |

## *Áætlun*

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| Sjálfbær þróun og þýðing hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf. Menningar- og samfélagsmálefni. Lýðræði. Fyrri og seinni heimsstyrjöld. Millistríðsárin. Heimsálfur. Gróðurfar og landnýting. Mannfjöldi og mannréttindi. Samfélagsleg og siðferðileg málefni ýmiskonar. Þátttaka í samfélaginu, réttsýni, gildismat og ábyrgð. Ólík lífsskilyrði fólks eftir heimshlutum. | Um víða veröld - Heimsálfur (Námsgagnastofnun).<br><br>Styrjaldir og kreppa. Saga 20. aldar I. (Námsgagnastofnun)<br><br>Kortabók handa grunnskólum (Námsgagnastofnun).<br><br>Hnattlíkan og kort.<br><br>Myndbönd og önnur gögn frá kennara. | Reynsluheimur. Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann.<br><br>Hugarheimur. Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.<br><br>Félagsheimur. Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra. | Lykilhæfni: Ábyrgð, dugnaður og þrautseigja, frumkvæði og áræðni, jákvæðni og framkoma, námsvitund, samstarf, sjálfstæð vinnubrögð og skipulag.<br><br>Hæfni innan námssviðs.<br><br>Leiðsagnarmat, skriflegt mat, mat á samræðum, sjálfsmat. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Leiðsagnarmat, Matið á fyrsta matstímabili (okt.) byggist að mestu leyti á lykilhæfni í námi.

Mat á öðru tímabili (jan.) byggist á lykilhæfni og hæfni innan námssviðs þar sem fáein verkefni eða kannanir liggja til grundvallar.

Lokamat að vori byggist á lykilhæfni og hæfni innan námssviðs. Matið byggir á eftirfarandi námsgreinum og hlutföllum:

Landafræði 50%

Saga 50%

GILJASKÓLI

# Danska

**Tímafjöldi á viku: 3**

**Kennari: Sonja Björk Dagsdóttir og Steinunn Kristín Bjarnadóttir**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Helstu viðfangsefni dönskunámsins í 9. bekk snúa að nemendunum sjálfum og daglegu lífi þeirra, s.s. mismunandi miðlum, fatnaði, greind, frítíma og heimili. Að auki verður horft á danskar/norrænar kvikmyndir og stuttmyndir, rýnt í menningu, staðhætti og jólasiði. Verkefnin reyna á og þjálfa alla fjóra færniþættina; lestur, hlustun, talað mál og ritun.

Unnið er með Smil – lesbók og vinnubók , hlustunarefni. Smásagnabókin Pinligt, efni á neti, kvikmyndir og annað ítarefni sem til er í skólanum.

Námsbækurnar eru byggðar upp þannig að fyrst er farið í texta í lesbókinni þar sem orðaforði er kynntur, bæði í texta og með myndum. Í vinnubókinni eru síðan verkefni sem nemendur vinna annaðhvort einir eða í pörum. Hlustunaræfingar eru fjölmargar í vinnubókinni og einnig er hlustað á t.d. tónlist, fréttir o.fl. af netinu. Að auki er stuðst við ýmis spil og leiki, auk efnis af netinu. Lögð er áhersla á að allir nemendur finni sína aðferð við að lesa/skilja texta og festa orðaforða í sessi. Því eru fjölbreyttar leiðir farnar í lestri, t.d. lesa texta upp á eigin spýtur heima eða í skóla, lesa í litlum hópum/pörum, lesa með stuðningi af glósulista og nota orðabækur. Nokkur hópverkefni verða unnin.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í dönsku:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Viðfangsefni í námsefninu eru m.a. matur, nesti, hreyfing, tilfinningar og áhugamál<br>• Nemendum hrósað markvisst til að styrkja jákvæða sjálfmynd nemenda<br>• nemendur hvattir til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í námi og verkefnavali |
| Jafnrétti: | • Mikið er unnið í hópum/pörum í dönsku. Gætt er að því að skipta mismunandi í hópa, t.d. að þau velji stundum sjálf, kennari skiptir í hópa, kynjaskiptir hópar, blandaðir hópar. Einnig er tekið tillit til námsgetu þegar skipt er í hópa; stundum er skipt eftir getu en einnig þvert á getu. |

| | |
|---|---|
| | • Samvinnunám (cooperative learning) er hluti dönskunámsins þar sem nemendur hjálpast að og styðja hvert annað. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • nemendur eru hvattir til að vera virkir og sjálfstæðir í verkefnavali<br>• á hvorri önn eru unnin verkefni þar sem nemendur meta bæði eigin frammistöðu og hóps sem þau vinna í<br>• nemendur velja sjálfir við hvaða aðstæður þeir lesa dönsku upphátt og æfa t.d. framburð. Fyrir allan bekkinn, fyrir lítinn hóp, góðan vin eða bara kennara. |
| Læsi: | • Unnið er með læsi í víðum skilningi í dönsku<br>• Lesskilningur þjálfaður<br>• Nemendur læra ný hljóð fyrir suma bókstafi, t.d. e, a, æ, h...<br>• Nemendur þjálfast í myndlæsi, orðaforði þjálfaður út frá myndum.<br>• Nemendur æfa sig í að finna viðeigandi efni á neti (á gagnrýninn hátt) |
| Sköpun: | • Nemendur vinna power point verkefni/kynningu um bæinn sinn<br>• Nýtt ár – nýjar væntingar... bókagerð (bookr)<br>• farið út fyrir skólastofuna og verkefni unnin, s.s. myndaverkefni þar sem nemendur eiga að vinna út frá orðum og sköpunarkrafturinn fær að njóta sín<br>• Nemendur lesa af og til texta með leikrænum tilþrifum, þar sem þeir setja sig í hlutverk í textunum. |

## *Áætlun*

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| Danmörk<br>Mismunandi miðlar<br>Menntun, frægð og þekktir einstaklingar.<br>Greind<br>Fatnaður<br>Stjörnuspá og framtíðin | Smil, lesbók og vinnubók<br>Smásögur (Pinligt)<br>Hlustunarefni<br>Efni af vef<br>Kvikmyndir/stuttmyndir<br>Spil og annað ítarefni | Að nemendur þjálfist í orðaforða um viðfangsefnin og noti hann á fjölbreyttan hátt í skrifuðu og mæltu máli.<br>Nemendur æfi sig í að halda uppi samtölum um ýmis málefni (kort samtale)<br>Nemendur geti leitað sér upplýsinga á netinu um viðfangsefnin á dönsku. | Kaflapróf<br>Heimapróf<br>Munnleg skil<br>Ritun |

GILJASKÓLI

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Próf eru lögð fyrir við lok kafla, það eru bæði hefðbundin próf og heimapróf.

Munnleg skil verkefna eru metin til einkunnar

Verkefni, s.s. verkefni um kvikmyndir, myndaverkefni, ritunarverkefni og fleiri, sem eru unnin yfir veturinn eru metin til einkunnar

GILJASKÓLI

# Sund

**Tímafjöldi á viku: 1**

**Kennari: Orri Hjaltalín**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Hefðbundin sundkennsla í Sundlaug Akureyrar, reglur, leikir, allar sundaðferðir, marvaði og stungur.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

- að bæta útfærslu og tækni allra sundaðferða
- Að minna nemendur á góða umgengni á sundstöðum
- Að nemendur hafi gaman af því að fara í Sund
- Að auka félags, hreyfi og siðgæðisþroska
- Að ljúka 9. sundstigi

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í sundi:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti. |
| Jafnrétti: | • Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum.<br>• Nemendum er boðið uppá fyrsta flokks aðstöðu til sundiðkunar og vel menntaða kennara.<br>• Mikið er lagt uppúr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir hlutum sundlaugarinnar og öðrum sundlaugargestum.<br>• Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis. |
| Læsi: | • Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama |
| Sköpun: | • Líkamstjáning í vatni! |

## *Áætlun* í sundi 2014-2015

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| Bringusund,skriðsund,baksund, kafsund,flugsund,þolsund, fatasund, tímataka og marvaði. Stunga og leikur í vatni. | 9. sundstig | Helstu markmið með sundstigum eru að:<br>- Allir fái markvissa sundkennslu og verði færir um að bjarga sjálfum sér og öðrum.<br>- Að nemendur skilji mikilvægi reglubundinnar sundiðkunar og geti nýtt sér sundið sem líkams- og heilsurækt.<br>- Veita skólanum og skólayfirvöldum gott yfirlit yfir sundgetu nemanda hvers árgangs.<br>- Að sundstigin verði markmið fyrir nemendur í sundnáminu þar sem hver nemandi fær verkefni við sitt hæfi. | Kennari gefur nemanda vitnisburð fyrir:<br>A - sundgetu á prófi<br>B - mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun (lykilhæfni) |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Verkleg próf í sundstiginu við lok haustannar og lok vorannar. Símat á lykilhæfni yfir skólaárið.

GILJASKÓLI

# Prjón og hekl

**Tímafjöldi á viku: 2**

**Kennari: Bergdís Kristmundsdóttir**

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í dönsku:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Jafnrétti: | • Áhersla á að handverk sé jafnt fyrir bæði kynin. |
| Sjálfbærni | • Nemendur læra að nýta hlutina vel. |
| Sköpun: | • Nemendur fá að njóta þess að skapa og búa til hluti sem eru þeirra eigin og enginn annar á eins. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

| *Tímabil* | *Dagar* | *Markmið* | *Viðfangsefni* | *Kennsluaðferðir vinnubrögð* | *Mat* |
|---|---|---|---|---|---|
| 17. nóv - 9.jan. | 3 tímar á viku | Að nemendur tileinki sér ýmsar aðferðir í prjóni og hekli. | Nemendur byrja á að gera prufur þar sem þeir læra algengar aðferðir ó prjóni og hekli. Síðan vinna nemendur verkefni að eigin vali. | valhópur | Lykilhæfniþættir eru metnir í lok hvers tíma og skráð niður. Lokamat byggist á þessu símati |

# Vélsaumur

**Tímafjöldi á viku: 2**

**Kennari: Bergdís Kristmundsdóttir**

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í dönsku:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Jafnrétti: | • Áhersla á að handverk sé jafnt fyrir bæði kynin. |
| Sköpun: | • Nemendur fá að njóta þess að skapa og búa til hluti sem eru þeirra eigin og enginn annar á eins. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

| Tímabil | Dag-ar | Markmið | Viðfangsefni, námsefni | Kennsluaðferðir, vinnubrögð | Mat |
|---|---|---|---|---|---|
| 23.feb – 10. apríl | 3 tímar á viku | Að nemendur tileinki sér ýmsar aðferðir í vélsaumi. | Nemendur byrja á að sníða og sauma grillhanska. Síðan eru unnin verkefni að eigin vali. | valhópur | Lykilhæfniþættir eru metnir í lok hvers tíma og skráð niður. Lokamat byggist á þessu símati |

# Hönnun og smíði

**Tímafjöldi á viku: 3**

**Kennari: Guðmundur Elías Hákonarson**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Námsárið skiptist með hópaskiptingu kennt verður í 6 vikur í einu. Stefnt er að því að efla áhuga nemenda á eigin hönnunarvinnu og smíði í krefjandi verkefnum. Áhersla verður lögð á sjálfstæð og markviss vinnubrögð. Enn fremur er lögð áhersla á lestur og gerð nothæfra vinnuteikninga – að gera sig skiljanlega(n) með myndmáli. Unnið verður með endurunnið efni eins og kostur er. Hvatt er til skapandi samvinnu nemenda við úrlausn verkefna.

## *Áætlun*

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| - Þróun eigin hugmynda, skissugerð og vinnuteikning, frumhönnun, smíði og prófun smíðisgripa<br>- Tækja- og efnisfræði<br>- Sjálfbærni og endurnýting<br>- Vinnulag og öryggisatriði<br>- Frjáls smíðaverkefni sem byggjast á verkáætlun, hönnun og vinnuteikningu nemenda | - Uppl um gerð vinnuteikninga<br>- Blað með teikningu og heitum á helstu verkfærum í smíðastofu<br>- Ýmsar upplýsingar sem nemendur afla sér um eigin hönnun<br>-<br>- Annað námsefni:<br>- Ýmsar möppur og bækur um hönnunar og smíðaverkefni<br>- Aðstaða efni og tæki til að hanna og vinna smíðisgripi t.d. í tré, plast og endurunnið efni<br>- Aðgengi að tölvu til upplýsingaöflunar við hönnun verkefna (væntanlegt) | - Nemandi:<br>- getur unnið sjálfstætt eftir eigin verkáætlun, það er vinnuferli frá þróun hugmyndar til lokaafurðar og geri sér grein fyrir mismunandi möguleikum við úrlausn verkefna<br>- getur nýtt sér greiningu á vanda, upplýsingaöflun, þankahríð, hugmyndavinnu, skissugerð og eigin vinnuteikningar við hönnun, smíði og prófun frumgerða og lokaafurðar<br>- getur hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði í vinnu sinni<br>- getur tekið þátt í skapandi samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi<br>- getur skipulagt vinnu sína með sjálfbærni í huga<br>- getur valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra<br>- getur hannað verkefni úr frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu<br>- getur gert við og endurnýtt efni, tæki og húsgögn samkvæmt eigin hugmyndum og hönnun getur lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum<br>- getur sýnt frumkvæði, vinnusemi, góða hegðun og ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði | Lykilhæfni, |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

# 10. bekkur

## Íslenska

**Tímafjöldi á viku: 5**

**Kennari: Brynjar Karl Óttarsson, Kristín Elva Viðarsdóttir og Sigfús Aðalsteinsson**

### *Kennsluaðferðir og skipulag*

Leitað verður leiða við að gera viðfangsefnið lifandi. Áhersla verður lögð á bókmenntir og lestur með því að kynda undir áhuga nemenda á lestri. Lagt verður upp úr skapandi skrifum og að nemendur upplifi vinnuna merkingarbæra sbr. birting greina á opinberum vettvangi. Áhersla lögð á raunveruleg viðfangsefni í framsögn svo sem málþing á sal.

Vinnulagið er tvenns konar.

Annars vegar er um að ræða stærri verkefni og/eða vinnulotur. Fyrsta lota hefst í upphafi haustannar og stendur yfir þar til samræmdum prófum lýkur. Nemendur og kennari vinna saman að undirbúningi fyrir samræmt próf í íslensku. Tvö ítarleg ritunarverkefni verða unnin í vetur, eitt á hvorri önn. Í öðru verkefninu mega nemendur velja á milli þess að skrá eigin hugleiðingar um skólann og skólastarfið við lok grunnskólagöngu eða gera úrdrátt úr málþingsverkefni vorannar þar sem fjallað verður um meint unglingavandamál. Í hinu verkefninu fjalla nemendur um málefni líðandi stundar þar sem þjóðfélagið í heild er undir. Greinarnar verða birtar á opinberum vettvangi og því þurfa nemendur að huga sérstaklega vel að málfari, uppbyggingu og öðru er viðkemur uppsetningu og frágangi á texta. Þá verður nemendum gefinn kostur á að fá birta grein í dagblaði. Undirbúningur fyrir dag íslenskrar tungu þann 16. nóvember hefst um miðjan október þar sem nemendur æfa sig að koma fram. Tvö málþing verða á dagskrá, ýmist á sal Giljaskóla eða inni í kennslustofu, þar sem nemendur verða með erindi og/eða ræður. Málþing haustannar ber yfirskriftina "Er Ísland græðgissamfélag?" Þar munu nemendur velta fyrir sér lífsgæðakapphlaupinu og tengja það við sjálfbærni út frá umhverfislegu, samfélagslegu og efnahagslegu sjónarhorni. Vormálþingið verður samþætt þjóðfélagsfræðinni þar sem nemendur munu fjalla um „unglingavandamál“ og leiðir til úrbóta. Nemendur búa til handrit að stuttmynd fyrir hina árlegu stuttmyndadaga. Þá mun nemendum gefast tækifæri til að vinna sjálfstætt í íslensku að vori. Hver og einn útfærir sína eigin áætlun og vinnur samkvæmt henni með það að markmiði að undirbúa sig sem best fyrir nám í framhaldsskóla. Þá geta þeir nemendur sem það kjósa lesið upp úr bók eða verið með annars konar framsögn á sal í frímínutum fyrir nemendur unglingastigs 1-2 í viku. Mikil áhersla verður lögð á bókmenntir og lestur og reynt verður eftir fremsta megni að glæða áhuga nemenda á lestri og bókum. Má þar nefna yndislestur, upplestur kennara og nemenda og bóka- og rithöfundakynningar. Í

það minnsta einu sinni fer fram mælsku- og rökræðukeppni innan bekkjar þar sem viðfangsefnið verður jafnrétti í Giljaskóla. Nemendur halda dagbók þar sem þeir skrá reglulega yfir veturinn eigin hugleiðingar um lífið og tilveruna.

Hins vegar eru hefðbundnari verkefni og smærri í sniðum sem falla undir þætti eins og stafsetningu, ritun, frjálslestur, bókmenntir, framsögn í bekk og málfræði.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íslensku í 10. bekk veturinn 2014 - 2015:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Málþing "Unglingavandamál." Lýðheilsa byggir á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan og sú sjálfsskoðun og könnun sem felst í verkefnunum ýtir undir skilning nemenda á því hvað raunverulega skiptir máli í lífinu. Niðurstöðurnar, en ekki síður vinnuferlið í heild, stuðla að heilbrigði og velferð nemenda til jákvæðrar sjálfsvitundar.<br>• Lestextar um heilbrigði og velferð.<br>• Fyrirlestrar. |
| Jafnrétti: | • Málþing-vægi þáttarins fer eftir verkefni hvers og eins.<br>• Mælsku- og rökræðukeppni í bekknum: Í Giljaskóla er jafnrétti – með / móti. Fjölmenning, menning og uppbygging skólasamfélags án aðgreiningar. Jafnrétti varðandi námsmöguleika, námsefni, kennsluaðferðir og námsumhverfi.<br>• Samanburður á textum fyrr og nú.<br>• Fyrirlestrar. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Greinaskrif nemenda og birtingar á opinberum vettvangi. Skólinn og Ísland. Nemendur tjá eigin tilfinningar og skoðanir á nánasta umhverfi og landinu í heild. Með skrifum sínum leggja nemendur sitt af mörkum til uppbyggingar lýðræðislegs samfélags. Nemendur fá að láta rödd sína heyrast með því að beita rökhugsun og gagnrýninni hugsun. Þannig fá þeir tækifæri til að vekja athygli á hagsmunamálum sínum. Um leið veita þeir visst aðhald sem kann að vernda gegn brotum á sjálfsögðum réttindum nemenda og starfsfólks.<br>• Málþing: vægi þáttarins fer eftir verkefni hvers og eins.<br>• Mælsku- og rökræðukeppni í bekknum: Í Giljaskóla er jafnrétti – með / móti. Fjölmenning, menning og uppbygging skólasamfélags án aðgreiningar. Jafnrétti varðandi námsmöguleika, námsefni, kennsluaðferðir og námsumhverfi.<br>• Samanburður á nútímanum og fyrri öldum í tengslum við lestur eldri bókmennta. |

| | |
|---|---|
| | • Fyrirlestrar. |
| Læsi: | • Yndislestur, bóka- og rithöfundakynningar og upplestur kennara og nemenda á framhaldssögu. Mikil áhersla lögð á að reyna eftir fremsta megni að glæða áhuga á bókum og lestri. Með auknum lestri fæst "ókeypis" þjálfun í annars konar læsi svo sem menningarlæsi, tilfinningalæsi og samskiptalæsi.<br>• Skyldulestur tengdur ákveðnum verkefnum.<br>• Málþing-"Unglingavandamál." Virkni nemenda í að bregðast við samfélagsvandamálum með því að umskapa og umskrifa texta unninn út frá heimildum með hjálp tækninnar. |
| Sjálfbærni: | • Málþing "Er Ísland græðgissamfélag?" Efnishyggja og lífsgæðakapphlaup nútímans tengd við sjálfbærni út frá umhverfislegu, samfélagslegu og efnahagslegu sjónarhorni.<br>• Bókahillur smíðaðar af nemendum í smíðavali í samstarfi við smíðakennara. Hillurnar eru gerðar úr hráefni úr heimabyggð. Efni sem til fellur þegar lerkitré eru felld er nýtt í hillugerðina. Þannig sjá nemendur dæmi um sjálfbæra þróun í verki og skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda.<br>• Endurvinnsla á pappír. |
| Sköpun: | • Dagbókarskrif nemenda. Frjáls ritun. Forvitni, athafnaþrá, frumkvæði, frumleiki, uppgötva, njóta, áhugi, ímyndunarafl, leika sér, áskorun, spenna.<br>• Greinaskrif nemenda.  Virkja sköpunarkraft og ýta undir skapandi hugmyndir þeirra.<br>• Málstofur. |

GILJASKÓLI

# Stærðfræði

**Tímafjöldi á viku: 5,5**

**Kennari: Helga Jónasdóttir, Kolbrún Jónsdóttir, Kristín Elva Viðarsdóttir, Sigfús Aðalsteinsson og Úlfar Björnsson**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Mikið er lagt uppúr framlagi nemenda og samvinnu. Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og jákvæð viðhorf til stærðfræði eru mikilvægir þættir í stærðfræðinámi svo og samræður við aðra nemendur um stærðfræðihugtök. Einstaklingsvinna, hópavinna, samvinnuná, teiknilausnir og hugtakakort.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í Stærðfræði:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Stærðfræðidæmi úr tölum frá opinberum aðilum.<br>• Stærðfræðidæmi tekin úr daglegu lífi, o.s. frv.. |
| Jafnrétti: | • Stærðfræðidæmi tekin úr tölum hagstofunnar.<br>• Launaútreikningar, o.s. frv.. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Útreikningar með kosningatölur<br>• Töflureiknir með tölum frá samvinnuðuþjóðunum, o.s.frv. |
| Læsi: | • Stærðfræðitexti skoðaður og greindur eins og saga með nemendum, þar sem hvert dæmi segir litla sögu og nemendur eru þátttakendur í að leysa verkefnin með sögupersónum.<br>• Stærðfræðitexti skoðaður út frá setningaskipun, o.s.frv. |
| Sjálfbærni: | • Ýmsir útreikningar varðandi auðlindir íslendinga.<br>• Stærðfræðidæmi tengd grænfánaverkefnum, o.s.frv. |
| Sköpun: | • Nemendur verði þátttakendur í að skila verkefnum á því formi sem |

## *Áætlun* Stærðfræði

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| Algebra, rúmfræði, talnafræði, líkur, hornaföll, líkön, jöfnur tölfræði, prósendtur, fjármál, o.fl. | Unnið er með Átta tíu 4, 5 og 6<br><br>Almenn stærðfræði fyrir grunnskóla 1-3<br><br>Ítarefni kennara og námsefni á veraldarvefnum | Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið . Innan þess eru próf og verkefni og vinnubækur( Eru vinnubókin snyrtilega upp sett, sýnir nemandi útreikninga við dæmavinnu o.s.frv.) | Vinna og hegðun í tíma, skil á heimavinnu, nýtir nemandi tímann vel, kemur nemandi með námsgögn og framistaða í prófum. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Miðað er við að nemendur fái heimavinnuverkefni eftir hvern kafla og próf eru tekin eftir hverja 1-3 kafla. Heimanám fer eftir vinnuframlagi nemenda í tímum.

GILJASKÓLI

# Danska

**Tímafjöldi á viku: 3 kennslustundir á viku**

**Kennari: Steinunn Kristín Bjarnadóttir**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Megin viðfangsefni námssviðsins er áhersla á færniþættina fjóra; lestur, talað mál, hlustun og ritun. Til þess að öðlast færni í tungumálinu er mikilvægt að þessir þættir haldist allir í hendur. Áhersla er á munnlegar æfingar þar sem nemendur setjast niður og tala saman í pörum um málefni sem tengjast viðfangsefninu hverju sinni.

Grunnbókin er Ekko – lesbók og vinnubækur. Að auki er margs konar ítarefni s.s. bíómyndir, hlustunarefni, efni af dönskum miðlum á netinu málfræðihefti, ritunarhefti og fleira.

Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar, s.s. bein kennsla (innlagnir), samvinnunám, glósutækni, leikræn tjáning, hópavinna, einstaklingsvinna. Unnið er með orðaforða á fjölbreyttan hátt.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í dönsku í 10. bekk:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Viðfangsefni í námsefninu eru m.a. matur, nesti, hreyfing, tilfinningar og áhugamál<br>• Nemendum hrósað markvisst til að styrkja jákvæða sjálfmynd nemenda<br>• Nemendur hvattir til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í námi og verkefnavali |
| Jafnrétti: | • Mikið er unnið í hópum/pörum í dönsku. Gætt er að því að skipta mismunandi í hópa, t.d. að þau velji stundum sjálf, kennari skiptir í hópa, kynjaskiptir hópar, blandaðir hópar. Einnig er tekið tillit til námsgetu þegar skipt er í hópa; stundum er skipt eftir getu en einnig þvert á getu.<br>• Samvinnunám (cooperative learning) er hluti dönskunámsins þar sem nemendur hjálpast að og styðja hvert annað. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Nemendur eru hvattir til að vera virkir og sjálfstæðir í verkefnavali<br>• Á hvorri önn eru unnin verkefni þar sem nemendur meta bæði eigin frammistöðu og hóps sem þau vinna í<br>• Nemendur velja sjálfir við hvaða aðstæður þeir lesa dönsku upphátt og æfa t.d. framburð. Fyrir allan bekkinn, fyrir lítinn hóp, góðan vin eða bara kennara. |

| | |
|---|---|
| Læsi: | • Unnið er með læsi í víðum skilningi í dönsku<br>• Lesskilningur þjálfaður<br>• Nemendur læra ný hljóð fyrir suma bókstafi, t.d. e, a, æ, h...<br>• Nemendur þjálfast í myndlæsi, orðaforði þjálfaður út frá myndum.<br>• Nemendur æfa sig í að finna viðeigandi efni á neti (á gagnrýninn hátt) |
| Sköpun: | • Nemendur vinna power point verkefni/kynningu um bæinn sinn<br>• Nýtt ár – nýjar væntingar... bókagerð (bookr)<br>• farið út fyrir skólastofuna og verkefni unnin, s.s. myndaverkefni þar sem nemendur eiga að vinna út frá orðum og sköpunarkrafturinn fær að njóta sín<br>• Nemendur lesa af og til texta með leikrænum tilþrifum, þar sem þeir setja sig í hlutverk í textunum |

GILJASKÓLI

# Þjóðfélagsfræði

2 kennslustundir á viku

Kennari: Helga Jónasdóttir

## *Markmið*

Markmið í þjóðfélagsfræði eru í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í þjóðfélagsfræði:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Sjálfsmyndin, félagsleg hegðun, vinir og vinátta, kynhlutverk, kynvitund, staðalmyndir o.s.frv. |
| Jafnrétti: | • Verkaskipting heimilanna, jafnrétti til náms, staðfest samvist samkynhneigðra o.s.frv. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Hvað er lýðræði?, réttindi og skyldur, stjórnarskrá og kosningar, þrískipting ríkisvaldsins, mannréttindi í Kína, hvað eru mannréttindi?, Amnesty International, alþjóðasamningar, sjálfræði o.s.frv. |
| Læsi: | • Hæfni þjálfuð til að verða læs á nánasta umhverfi, íslenskt samfélag og umheiminn allan. Gert með því að lesa, spyrja spurninga og spjalla um námsefnið. Lestrarfærni, talnalæsi, tölvulæsi, menningarlæsi, myndlæsi, fjármálalæsi, upplýsingalæsi, samskiptalæsi, tilfinningalæsi o.s.frv. |
| Sjálfbærni: | • Sameinuðu þjóðirnar, alþjóðavæðing, friðargæslusveitir, þjóðarframleiðsla, EES, ólík lífsskilyrði, fátækt, dreift eignarhald, kvótakerfi, náttúruauðlindir o.s.frv. |
| Sköpun: | • Nemendur efna til málþings á vorönn sem þeir hafa veg og vanda af. Þeir búa til sín eigin erindi og flytja munnlega. Forvitni, athafnaþrá, frumkvæði, frumleiki, uppgötva, njóta, áhugi o.s.frv. |

## *Inntak*

Ábyrgð, dugnaður og þrautseigja, frumkvæði og áræðni, jákvæðni og framkoma, námsvitund, samstarf, sjálfstæð vinnubrögð og skipulag.

Sjálfsmyndin. Réttindi og skyldur. Hverjir ráða? Samastaður í heiminum.

## *Námsefni*

*Þjóðfélagsfræði* e. Garðar Gíslason. Námsgagnastofnun. Internetið og myndbönd. Verkefni og gögn frá kennara.

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Fyrri hluti annar fer í yfirferð á námsefni þ.e. 1. og 2. hluti í *Þjóðfélagsfræði* e. Garðar Gíslason. Nemendur lesa heima og vinna verkefni í kennslustundum. Kennari notar hluta kennslustunda í innlögn og kveikju.

Seinni hluta annar undirbúa nemendur málstofu sem verður byggð á viðfangsefnum annarinnar. Málstofan verður samþætt íslenskunni og verður hún á dagskrá í febrúar. Vorönn verður notuð til að fara í 3. og 4. hluta námsefnisins.

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Matið á fyrsta matstímabili (okt) byggist á **Lykilhæfni í námi** (sjá að ofan).

Mat á öðru tímabili (feb) byggist að mestum hluta til á **Lykilhæfni** en að einhverju leyti skarast það á við **Hæfni innan námssviðs.** Kaflapróf og verkefni.

Lokamat að vori byggist á **Lykilhæfni** og **Hæfni innan námssviðs.** Lokapróf og mat á málþingi.

GILJASKÓLI

## *Áætlun* Danska 10. bekkur

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|

| | | | |
|---|---|---|---|
| Skólinn<br>Íþróttir, hreyfing og heilbrigt líferni<br>Matur og matarvenjur unglinga<br>Samskipti (kommunikation)<br>Framtíðin (fremtidsplaner) | Ekko, grunnbók<br>Efni á vef | Nemendur æfi grunnorðaforða um skóla og auki við fyrri þekkingu.<br>Nemendur setja sér markmið fyrir veturinn í eigin námi.<br>Nemendur kynnist orðaforða um íþróttir og heilbrigði. Þeir kynnast ýmsum íþróttagreinum og segja frá eigin íþróttaiðkun<br>Nemendur æfa orðaforða um mat og matarvenjur. Nemendur setja sér markmið um eigin vinnu í þessu þema og eiga að vinna eftir eigin áætlun.<br>Nemendur æfa áfram samtöl um ýmis málefni (kort samtale)<br>Nemendur geti leitað sér upplýsinga á netinu um viðfangsefnin á dönsku. | nemendur flytja munnlega kynningu um skóla<br>Skriflegt próf eftir íþróttakaflann.<br>Heimapróf er eftir matarþemað<br>Skriflegt próf um samskipti og framtíðina. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Próf eru lögð fyrir við lok kafla, það eru bæði hefðbundin próf og heimapróf.

Munnleg skil verkefna eru metin til einkunnar

Verkefni, s.s. verkefni um kvikmyndir, myndaverkefni, ritunarverkefni og fleiri, sem eru unnin yfir veturinn eru metin til einkunnar

GILJASKÓLI

# Enska

**Tímafjöldi á viku: 4**

**Kennari: Ragna Kristjánsdóttir**

## *Áætlun*

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| Unit 1: Growing UP | Spotlight 10 | Nemendur þekki nafnorð og reglulega og óreglulega fleirtölu þeirra. | |
| | | Nemendur þekki fornöfn og spurnarfornöfn | |
| Unit 2: Ireland | | | |
| | | Nafnorð, að nemendur geti notað much, many, a lot of lots of. | |
| Unit 3: A Sense of Fear | | Að nemandi geti skrifað mismunandi texta, geti greint á milli formlegs texta og óformlegs. | |
| | | Að nemandi geti skrifað útdrátt úr texta, ritdóm eða grein. | |
| Unit 4: Voices of English | | Að nemandi geti flutt munnlega kynningu á hlut sem skiptir hann máli (Show and tell) | |
| | | Nemendur þekki fornöfn og afturbeygð fornöfn | |
| Unit 5: Fame-A Treacherous Thing | | Að nemendur þekki tíðaratviksorð og háttaratviksorð | |
| | | Að nemendur þekki og noti spurnarsetningar | |
| | | Að nemendur þekki og kunni að nota would og should | |
| Unit 6. Soth Africa | | | |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

## Áætlun

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| Talað mál, hlustun og áhorf.<br>Lestur og bókmenntir.<br>Ritun.<br>Málfræði. | Finnur III<br>(Námsgagnastofnun).<br>"Mér er í mun..." (Námsgagnastofnun).<br>"Með fjaðrabliki..." (Námsgagnastofnun).<br>Frjálslestrarbækur.<br>Málfinnur.<br>Gögn frá kennara.<br>Veraldarvefurinn | Nemendur geti tjáð sig frammi fyrir öðrum og hlustað af þolinmæði. Nemendur geti rökstutt eigin niðurstöðu og tileinkað sér viðeigandi framkomu þegar hlustað er á upplestur eða frásagnir.<br>Nemendur upplifi aukinn áhuga á lestri og bókum og styrki stöðu sína m.t.t. lestrarhraða og lesskilnings. Nemendur kynnist mismunandi bókmenntastefnum, gerðum bóka og rithöfundum.<br>Nemendur þjálfist í ritun í gegnum merkingarbær verkefni undir leiðsögn kennara.<br>Nemendur fái kennslu og þjálfun í málfræðiatriðum sem þeir þurfa að hafa á valdi sínu við lok 10. bekkjar. | Lykilhæfni. Hæfni innan námssviðs. Lestur, talað mál og framsögn, hlustun og áhorf, ritun, stafsetning, bókmenntir, málfræði.<br>Töluvert af heimaverkefnum. Leiðsagnarmat. Skriflegar kannanir. Jafningjamat. |

## Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

GILJASKÓLI

Form og tíðni námsmats:

Matið á fyrsta matstímabili (okt.) byggist að miklu leyti á vinnubrögðum (lykilhæfniþáttum) fram að samræmdum prófum. Heimavinnuverkefni koma þarna inn ásamt fleiru. Fáar kannanir liggja til grundvallar.

Mat á öðru tímabili (jan.) byggist á lykilhæfni og hæfni innan námssviðs.

Lokamat að vori byggist á lykilhæfni og hæfni innan námssviðs. Könnun í málfræði og lesskilningi.

Öll verkefni koma líka inn í námsmat þar sem þau eru unnin.

Talað mál, hlustun og áhorf: 30-35%

Lesskilningur: 10%

Ritun: 30-35%

Málfræði: 20-30%

# Náttúrufræði

**Tímafjöldi á viku: 3**

**Kennari: Inga Dís Sigurðardóttir**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Notast verður við kennslubækurnar Lífheimurinn, Maður og náttúra og Orka.Kennsluaðferðir verða fjölbreyttar til að auka gæði námsins og til að nemendur kynnist og nái tökum á fjölbreyttum leiðum til náms. Fjölbreyttar kennsluaðferðir eru mikilvægar vegna þess að nemendum henta ólíkar leiðir við nám, mikilvægt er að koma til móts við ólíkan námstíl nemenda. Á sama hátt er mikilvægt að nemendur kynnist og nái tökum á mismunandi aðferðum til að geta valið á milli þeirra og beitt þeim. Í þessum áfanga verða útlistunarkennsla, þulunám og þjálfunaræfingar, verklegar æfingar, umræðu- og spurnaraðferðum, leitaraðferð og hópvinnubrögð.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í náttúrufræði:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Jafnrétti: | • Í öllum hópverkefnum þurfa nemendur að taka tillit til annarra nemenda og geta unnið saman. |
| Læsi: | • Lestur námsbóka í náttúrufræði krefst mikillar þjálfunar í að greina aðalatriði frá aukaatriðum. Rýna þarf í textann og skilgreina hugtök.<br>• Einig þurfa þau að lesa úr ýmiskonar myndum og líkönum.. |
| Sjálfbærni: | • Í bókinni Orka er farið í ýmsar orkumyndir og nýtingu þeirra í umhverfi okkar og hvernig okkur ber að ganga um þær í umhverfinu. |
| Sköpun: | • Vinnubókin er stór þáttur í upphafi vetrar þar sem unnið er með smekklega en skipulagða uppsetningu þar sem þeim er uppálagt að gera hana að sinni. Ýmis verkefni eru unnin þar sem lögð er áhersla á frumleika, frumkvæði og ímyndunarafl. Eins eru verkefni sem byggja á uppgötvun og sjálfstæðu námi. |

GILJASKÓLI

## *Áætlun*

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* |
|---|---|---|
| Meginviðfangsefni námsefnisins í lífvísindum eru lífið á jörðinni. Greint er frá algengri skiptingu lífvera í hópa og fjallað um gerð og einkenni lífvera í hverjum þeirra. Erfðafræði þar sem nokkur hugtök eru útskýrð, fjallað um frumuskiptingu og lýst hvernig erfðaupplýsingar berast frá kynslóð til kynslóðar. Einnig er fjallað um þróun lífs á jörðinni.<br>Meginviðfangsefni námsefnisins í eðlisvísindum eru orkan í hinum ýmsu myndum svo sem varmaorka, rafmagn og segulmagn. | Lífheimurinn, Maður og náttúra og Orka | • gert grein fyrir eigin athugunum á lífverum, hegðun þeirra og búsvæðum,<br>• útskýrt flokka lífvera eftir skyldleika, ein- og fjölfrumunga, að erfðir ráðast af genum og hvernig íslenskar lífverur hafa aðlagast umhverfi sínu,<br>• útskýrt þarfir ólíkra lífvera í ólíkum vistkerfum,<br>• útskýrt hugmyndir um náttúruval, hæfni, aðlögun og arfbundinn breytileika,<br>• fjallað á gagnrýninn hátt um aukaefni í mat og aðferðir til að auka geymsluþol matvæla<br>• útskýrt einfaldar rafrásir og tengsl rafmagns og segulmagns. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Námsmat fer fram í hinum ýmsu myndum svo sem sjálfsmat, jafningjamat, hópamat og margvíslegar kannanir.  Vinnueinkunn gefin fyrir vinnubækur og símat kennara yfir önnina á vinnu nemenda.. Mat verður lagt á hæfni nemanda og framfarir.

| <u>Maður og náttúra</u> | <u>Lífheimurinn</u> |
|---|---|
| Erfðafræðisjúkdómaverkefni 20 % | Hugtakakort 10 % |
| Vinnubók 30 % | Vinnubók 40 % |
| Próf 50 % | Könnun úr 5. Kafla 15 % |
| | Könnun úr 6. Kafla 15 % |

GILJASKÓLI

Spurningakeppni 20 %

# Lífsleikni

**Tímafjöldi á viku: 1**

**Kennari: Helga Jónasdóttir og Sigfús Aðalsteinsson**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Fyrirlestrar (hér og í þessari námsáætlun er átt við fyrirlestra og kynningar sem koma inn í lífsleikni), umræður, hópavinna mjög mikið tengt fjáröflun

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í :

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Fyrirlestrar, tengist líka í ýmis verkefni í fjáröflun. |
| Jafnrétti: | • Fyrirlestrar, tengist líka í ýmis verkefni í fjáröflun. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Fyrirlestrar, tengist líka í ýmis verkefni í fjáröflun. |
| Læsi: | • mest unnið með læsi á fjármagn og vinnuframlag í ýmsum fjáröflunum. |
| Sjálfbærni: | • Kemur inn á margt til dæmis í umræðum um fyrirlestra. |
| Sköpun: | • Mikið unnið með eigin hugmyndir til dæmis varðandi þema á böllum og skreytingar. |

## *Áætlun*

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| lífið sjálft | fyrirlestrar og hugmyndir nemenda | Leggja sig fram | Huglægt mat kennara á vinnuframlagi og gagnrýnni hugsun nemenda. |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

GILJASKÓLI

# Sund

**Tímafjöldi á viku: 1**

**Kennari: Orri Hjaltalín**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Hefðbundin sundkennsla í Sundlaug Akureyrar, reglur, leikir, allar sundaðferðir, marvaði og stungur.

## *Grunnþættir menntunar þessa námsviðs*

- að bæta útfærslu og tækni allra sundaðferða
- Að minna nemendur á góða umgengni á sundstöðum
- Að nemendur hafi gaman af því að fara í Sund
- Að auka félags, hreyfi og siðgæðisþroska
- Að ljúka 10. sundstigi

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í sundi:

| *Grunnþáttur* | *Áhersluþættir grunnþátta menntunar* |
|---|---|
| Heilbrigði og velferð: | • Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti. |
| Jafnrétti: | • Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu. |
| Lýðræði og mannréttindi: | • Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum.<br>• Nemendum er boðið uppá fyrsta flokks aðstöðu til sundiðkunar og vel menntaða kennara.<br>• Mikið er lagt uppúr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir hlutum sundlaugarinnar og öðrum sundlaugargestum.<br>• Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis. |
| Læsi: | • Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama |
| Sköpun: | • Líkamstjáning í vatni! |

GILJASKÓLI

## *Áætlun* í sundi 2014-2015

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| Bringusund,skriðsund,baksund, kafsund,flugsund,þolsund, björgunarsund með jafningja, tímataka og marvaði. Stunga og leikur í vatni | 10. sundstig | Helstu markmið með sundstigum eru að:<br>- Allir fái markvissa sundkennslu og verði færir um að bjarga sjálfum sér og öðrum.<br>- Að nemendur skilji mikilvægi reglubundinnar sundiðkunar og geti nýtt sér sundið sem líkams- og heilsurækt.<br>- Veita skólanum og skólayfirvöldum gott yfirlit yfir sundgetu nemanda hvers árgangs.<br>- Að sundstigin verði markmið fyrir nemendur í sundnáminu þar sem hver nemandi fær verkefni við sitt hæfi. | Kennari gefur nemanda vitnisburð fyrir:<br>A - sundgetu á prófi<br>B - mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun (lykilhæfni) |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Verkleg próf í sundstiginu við lok haustannar og lok vorannar. Símat á lykilhæfni yfir skólaárið.

GILJASKÓLI

# Hönnun og smíði

**Tímafjöldi á viku: 2**

**Kennari: Guðmundur Elías Hákonarson**

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Námsári skiptist í 6 vikna annir á námstímabili. Stefnt er að því að efla áhuga nemenda á eigin hönnunarvinnu og smíði í krefjandi verkefnum. Áhersla verður lögð á sjálfstæð og markviss vinnubrögð. Enn fremur er lögð áhersla á lestur og gerð nothæfra vinnuteikninga – að gera sig skiljanlega(n) með myndmáli. Unnið verður með endurunnið efni eins og kostur er. Hvatt er til skapandi samvinnu nemenda við úrlausn verkefna.

## *Áætlun*

| *Viðfangsefni* | *Námsefni* | *Hæfniviðmið/markmið* | *Mat* |
|---|---|---|---|
| - Þróun eigin hugmynda, skissugerð og vinnuteikning, frumhönnun, smíði og prófun smíðisgripa<br>- Tækja- og efnisfræði<br>- Sjálfbærni og endurnýting<br>- Vinnulag og öryggisatriði<br>- Forsíða fyrir sýnismöppu með sjálfsmati og teikningum af smíðisgripum í lok annar<br>- ───<br>- Frjáls smíðaverkefni sem byggjast á | - Uppl um gerð vinnuteikninga<br>- Blað með teikningu og heitum á helstu verkfærum í smíðastofu<br>- Skissur og vinnuteikningar nemenda á sérstökum eyðublöðum<br>- Ýmsar upplýsingar sem nemendur afla sér um eigin hönnun<br>- ───<br>- Annað námsefni:<br>- Ýmsar möppur og bækur um hönnunar og smíðaverkefni<br>- Aðstaða efni og tæki til að hanna og vinna smíðisgripi t.d. í tré, plast og endurunnið efni<br>- Aðgengi að tölvu til upplýsingaöflunar við hönnun verkefna<br>- ───<br>- Námstækni:<br>- Innlagnir og sýnikennsla um hönnun og vinnulag, tækni, efnisfræði og þýðingu og sögu hönnunar og smíði. | - Nemandi:<br>- getur unnið sjálfstætt eftir eigin verkáætlun, það er vinnuferli frá þróun hugmyndar til lokaafurðar og geri sér grein fyrir mismunandi möguleikum við úrlausn verkefna<br>- getur nýtt sér greiningu á vanda, upplýsingaöflun, þankahríð, hugmyndavinnu, skissugerð og eigin vinnuteikningar við hönnun, smíði og prófun frumgerða og lokaafurðar<br>- getur hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði í vinnu sinni<br>- getur tekið þátt í skapandi samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi<br>- getur skipulagt vinnu sína með sjálfbærni í huga<br>- getur valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra<br>- getur hannað verkefni úr frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu<br>- getur lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum<br>- þekkiri sögulegan bakgrunn og þýðingu hönnunar og smíði<br>- getur sýnt frumkvæði, vinnusemi, góða hegðun og ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði | - Afurð:<br>- Frjáls verkefni samkvæmt eigin hönnun<br>- Verkáætlun, gögn um upplýsingaöflun nemenda, skissur og vinnuteikningar<br>- ───<br>- Námsmat:<br>- Einstaklingsbundið leiðsagnarmat og símat í hverjum tíma |

| | | | |
|---|---|---|---|
| verkáætlun, hönnun og vinnuteikningu nemenda | - Mögulega heimsóknir á sýningar og vinnustaði | | |

## *Námsmat*

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

GILJASKÓLI

## Sérdeild Giljaskóla:

Sérdeildin sinnir kennslu og þjálfun barna með alvarlega greindarfötlun og aðrar viðbótarfatlanir. Nemendurnir þurfa mjög sérhæfða einstaklingsmiðaða kennslu, þjálfun og umönnun. Þeirra fötlunum fylgja erfiðleikar við skynjun, rökhugsun, boðskipti, líkamsbeitingu, sjálfshjálp, félagsleg samskipti og athafnir daglegs lífs. Nemendurnir þurfa stöðugt eftirlit vegna fötlunar.

Fjöldi nemenda:

Sex nemendur stunda nánast allt sitt nám í sérdeild. Þeir eiga flestir tengslabekki en hafa mismikil tengsl inni í bekk.

Sjöundi nemandinn er frá Húsavík og fær kennslu í sérdeild Giljaskóla eina viku í mánuði, þegar hann er í skammtímavistun í Þórunnarstræti 99. Hann fær kennslu í sérdeild sem samsvarar 30 kennslustundum á viku. Auk þess kemur nemandi á leikskólaaldri í sérdeild í skynörvun tvisvar í viku, tvær kennslustundir í einu.

**Tími:**

Kennslutímafjöldi nemendanna miðast við Aðalnámskrá grunnskóla og er allur skólatími nemendanna telst til kennslutíma.

**Kennslurými:**

Kennsla fer fram í sérdeild Giljaskóla, kennslustofum sérgreina, íþróttahúsinu, þjálfunarlauginni og í heimastofum þeirra bekkja sem börnin tengjast. Þrír nemendur fara í sund í Sundlaug Akureyrar.

## Markmið deildarinnar eru:

- að nemendur öðlist eins mikinn þroska, færni og þekkingu og unnt er út frá forsendum hvers og eins
- að nemendum líði vel í skólanum og upplifi öryggi og vellíðan
- að nemendur fái tækifæri til náms við hæfi
- að búa þeim umhverfi sem er jákvætt og hvetjandi
- að viðhalda og auka þekkingu og færni til þess að takast á við athafnir daglegs lífs.

GILJASKÓLI

# Leiðir að markmiðum:

## Kennsluaðferðir:

Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir hvern nemanda í upphafi skólaárs. Hún er byggð á mati kennara á stöðu nemandans, upplýsingum frá foreldrum og öðrum fagaðilum og Aðalnámskrá grunnskóla. Kennslan er einstaklingsmiðuð og skal taka mið af þörfum, þroska, færni, áhuga og aldri nemandans og að hann eigi kost á fjölbreyttu námstilboði, sérvöldum námsgögnum og skipulögðum kennsluaðstæðum.

## Stundaskrá:

Stundaskrá hvers nemanda er ýmist myndræn eða myndræn með orði. Stundaskráin er einstaklingsmiðuð. Hún gefur upplýsingar til nemenda með þeim boðskiptaleiðum sem þeir skilja, um það sem er á dagskrá hverju sinni. Athöfnum dagsins er raðað upp í tímaröð. Sjónrænt skipulag og sjónrænar leiðbeiningar einfalda nám, breytingar og yfirfærslu. Þær draga úr heyrnrænu áreiti, verkefnin verða skýr og skipulögð og beina athyglinni að því

sem skiptir máli.

## Hugmyndafræði:

Þarfir nemendanna eru ólíkar og því er unnið eftir mörgum mismunandi aðferðum. Meðal annars hafa eftirtaldar kenningar/ hugmyndafræði mótað og haft áhrif á starfið í sérdeild:

- Líkamsörvun á frumstigi Frölich og Haupt.
- Efling líkamsvitundar, tengsla og boðskipta Ch. og M. Knill.
- Örvun og kennsla daufblindra og barna á skynhreyfistigi Lilli Nilsen.
- Skipulögð vinnubrögð byggð á hugmyndafræði TEACCH, E. Schopler.
- Hugmyndafræði og málþjálfunarkerfi Irene Johanson.
- Tákn með tali – tjáskiptaaðferð.
- Óhefðbundnar tjákskiptaaðferðir – aðrar leiðir en talmál s.s. svipbrigði og bendingar.
- Pecs – myndrænt boðskiptakerfi.

## Kennslugögn:

- Ýmis kennslugögn sem tengjast skynörvun.

GILJASKÓLI

- Sérútbúin kennslugögn unnin af kennurum sem tengjast hugmyndafræði TEACCH.
- Tölva með snertiskjá, rofar og ýmis kennsluforrit til rofaþjálfunar, sjónörvunar, hugsunar og þjálfunar á samhengi orsakar og afleiðingu.
- Boltabað, hengirúm, róla, rúllupúði, sjúkraþjálfunarboltar, og trampólín fyrir skyn- og grófhreyfiþjálfun. Einnig pallar, rimlar og þreyfiteppi.
- Ljósalampar, seríur, black-light ljós og sérútbúnar myndir fyrir sjónörvun.
- Gítar, heimatilbúin myndræn valspjöld og ýmsar tegundir af hljóðgjöfum.
- Ýmis málörvunargögn, s.s. tafla með daga- mánaðar- og veðurspjöldum, hljóðalottó og fleira.
- Myndræn gögn til boðskipta – og hugtakaþjálfunar.
- Smart board tafla með snertiskjá og myndvarpi tengdur töflunni.
- Ýmsir rofar sem hægt er að tala inn á.
- Talvél.
- Skjávarpi.
- Ipad og ýmis forrit til þjálfunar s.s. Talk tablet.

## Mikilvæg atriði:

Nemandi mætir stundvíslega í skólann

Fjarvistir og veikindi þarf alltaf að tilkynna strax til ritara skólans og þarf að gera það alla veikindadagana.  Mikilvægt að nemendur komi með hollt og gott nesti í skólann og  með fatnað í samræmi við veður. Nemendur verða að hafa með sér þann aukaútbúnað sem miðast að þörfum hvers og eins t.d. aukaföt, sundföt, snyrtidót til sundferða og fleira. Foreldrar bera ábyrgð á að koma upplýsingum um akstur barna sinna og breytingar til ferliþjónustunnar.

Lyf  sem nemendur koma með í skólann þurfa að vera í merktum lyfjaboxum eða lokuðum sprautum og geyma þarf þau á lítið áberandi stað. Mikilvægt er að foreldrar gefi starfsmönnum alltaf upplýsingar um breytingar á lyfjum.

Nemendur sérdeildar geta átt við alvarlegar atferlistruflanir að stríða. Þeir þurfa oft meiri stýringu við ýmsar athafnir og ekki síst þegar þeir eða sýna óæskilega hegðun. Það kemur fyrir að það þurfi að færa nemanda úr aðstæðum vegna hegðunar eða halda honum tímabundið til þess að koma í veg fyrir að hann skaði sjálfan sig eða aðra eða eyðileggi hluti í umhverfinu.  Slík hegðun og viðbrögð við henni eru skráð af kennurum.

Umönnun:

Stór þáttur í daglegu starfi deildarinnar er umönnun og eru boðskipti og ýmiss konar  örvun á sviði skynjunar fléttuð inn í umönnunina og allar aðrar athafnir daglegs lífs.

GILJASKÓLI

## Námsmat:

Mat á þátttöku, virkni, líðan og framförum nemenda fer fram með símati, skráningu, ljósmyndum, myndbandsupptökum og með myndrænu/skriflegu námsmati í lok vetrar.

Endurskoðun á kennsluaðferðum, kennslugögnum og kennsluaðstæðum fer fram með símati.

## Fundir:

Teymisfundir sem ráðgjafi frá Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar skipuleggur í samstarfi við kennara og foreldra eru haldnir a.m.k. fjórum sinnum yfir skólaárið fyrir hvern nemanda og oftar ef þurfa þykir. Þessa fundi sitja alltaf: Ráðgjafi frá Fjölskyldudeild, foreldrar, kennarar, tengiliður við skólavistun í Þórunnarstræti 99 , tengiliður við Frístund skólavistun Giljaskóla og tengiliður við skammtímavistun Þórunnarstræti 99. Einnig koma reglulega á fundinn talmeinafræðingar, iðjuþjálfar, sjúkraþjálfar, læknar og aðrir sem tengjast umönnun og þjálfun nemendanna. Atferlisfræðingur og baralæknir frá Greiningar - og ráðgjafastöð hafa einnig setið í teymi vegna nemanda í sérdeild. Kennarar funda með foreldrum og samstarfsfólki eins oft og þurfa þykir.

Þeir nemendur sérdeildar sem nýta sér talþjálfun hjá talmeinafræðingi fá þá þjónustu á skólatíma. Talmeinafræðingur kemur í sérdeild einu sinni í viku og sinnir talþjálfun þeirra nemenda. Með þessu samstarfi er stuðlað að yfirfærslu og það að allir séu að vinna að sömu markmiðum. Sjúkraþjálfarar frá Bjargi koma einnig í sérdeild tvisvar sinnum í viku og sinna sjúkraþjálfun eins nemanda. Rannveig Traustadóttir frá Þekkingar- og þjónustumiðstöð blindra, sjónskertra og daufblindra kemur og veitir ráðgjöf til sérdeildar a.m.k. einu sinni á ári.

Sérdeildin hefur einnig samstarf við ýmsa aðila m.a:

- Akureyrarbæ – ***Skólaskrifstofu/Fjölskyldudeild/ Búsetudeild***
- Skólavistun Þórunnarstræti 99
- Skammtímavistun Þórunnarstræti 99
- Endurhæfingarstöðina á Bjargi
- Talmeinafræðinga
- Þekkingar- og þjónustumiðstöð sjónskertra, blindra og daufblindra
- Félagsþjónustu Norðurþings á Húsavík
- Borgarhólsskóla á Húsavík
- Greiningar-og ráðgjafastöð ríkisins

## Ráðgjöf

Sérdeild Giljaskóla hefur ráðgefandi hlutverki að gegna. Markmiðið er að aðstoða við þróun starfshátta svo að betur megi koma til móts við þarfir nemenda með mikla greindarfötlun í almennu skólakerfi.

Ráðgjöf getur verið til kennara, foreldra og annara sem tengjast hópi nemenda. Eftirtaldir þættir geta falist í ráðgjöf deildarinnar:

- mat á námsstöðu
- aðstoð við gerð námsáætlana
- aðstoð við val á kennsluaðferðum
- aðlögun námsefnis
- aðstoð við val á kennslugögnum og tækjum til fræðslu.

## Starfsmenn í sérdeild:

Arna Tryggvadóttir þroskaþjálfi, Guðrún Linda Guðmundsdóttir iðjuþjálfi, Hrefna Jóhannesdóttir leikskólakennari, Sigrún Eydís Jónsdóttir stuðningsfulltrúi, Sigurður Þengilsson kennari, Örn Arnarson leikskólakennari og  Ragnheiður Júlíusdóttir þroskaþjálfi og deildarstjóri sérdeildar.

## Námsgreinar:

- Boðskipti / íslenska – frumboðskipti, skilningur, tjáning.
- Rökhugsun – vinnuþjálfun /stærðfræði – vinnuþjálfun, rofar, tölvur, orsök/afleiðing, magn/rúmskilningur, tímaskilningur.
- Skynnám – líkamsskynjun og skynörvun.
- Hreyfinám – leikfimi, sund, vatnsþjálfun, líkamsæfingar.
- Athafnir daglegs lífs – hreinlæti, borðhald, klæðnaður, umferli.
- Félagsfærni / samfélagsfræði – hópastarf, samleikur, vettvangsferðir,tengslabekkir.
- Heimilisfræði
- Tónmennt
- Smíðar
- Bókasafn

### Boðskipti/íslenska

**Heildararkmið:**

- Að efla boðskiptafærni eins og hægt er og efla skilning nemenda á umhverfi og aðstæðum.

**Námsþættir:**

- Frumboðskipti, málskilningur, tjáning.

**Áherslur:**

- að viðhalda og þróa þær boðskiptaleiðir sem nemandinn hefur
- að nota hljóð og hljóðamyndun til tjáningar
- að auka eftirhermu hljóða
- að svara spjalli með hljóðamyndun
- að geta sett fram merki um að vilja meira
- að átta sig á og svara nafni sínu
- að sýna eftirvæntingu
- að skilja tákn/orð/hlut fyrir ákveðnar athafnir
- að stjórna leikföngum, tónlist, tölvuleik með rofa
- að fá tækifæri til að velja og hafna
- að hafa áhrif á umhverfi sitt
- að fylgja einföldum fyrirmælum
- að biðja um aðstoð
- að gera til skiptis
- að taka þátt í samspili við kennara
- að taka þátt í samspili við aðra nemendur
- að hlusta á sögu, tónlist
- að hlusta á aðra segja frá
- að nota tákn með tali eða orð

**Framkvæmd:**

- Mál og boðskipti fléttast inn í alla kennslu og lögð er áhersla á að styrkja þær
- boðskiptaleiðir sem hver og einn hefur. Í boðskiptum er tengslamyndun mikilvæg og unnið er að því að styrkja hjal, hljóð og orðamyndun. Valdar eru þær leiðir sem nemendur geta nýtt sér t.d. myndir, tákn með tali eða hlutatákn. Fyrsta kennslustund dagsins er sameiginlegur boðskiptatími allra nemenda sérdeildar.
- Í upphafi tímans er nafnakall en síðan er farið skipulega yfir hvaða dagur er, mánaðardagur, mánuður og árstíð og einnig hvernig veðrið er. Til stuðnings erum
- notaðar myndir sem nemendur taka þátt í að raða upp á töflu. Samskiptabækur eru lesnar og nemendur eru aðstoðaðir við að segja frá atburðum gærdagsins.

GILJASKÓLI

- Lögð er áhersla á að nemendur rétti upp hönd í nafnakalli, tjái sig með einhverju móti og noti þau tákn og boðskiptaleiðir sem þeir hafa færni til. Einnig felst mikil þjálfun í því að hlusta á aðra, fara eftir fyrirmælum og bíða eftir því að röðin komi að þeim. Í lok boðskiptatíma er sungið, spilað hljóðalottó eða farið í aðra málörvandi leiki.

**Gögn:**

- Myndræn gögn fyrir daga, mánuði, árstíð og veður, boðskiptabækur,
- samskiptabækur, myndrænar stundaskrár, og ýmis málörvandi gögn s.s.
- hljóðalottó, spil, dýraspjöld, rofar, rofaleikföng o.fl.

## Hugsun / rökhugsun / stærðfræði

**Heildarmarkmið:**

- Að efla almennan skilning nemenda.

**Námsþættir:**

- Vinnuþjálfun – tölvur / rofar - orsök/ afleiðing – magn – rúmskilningur –tímaskilningur.

**Áherslur:**

- að kynnast eigin líkama í ákveðnu rými
- að auka virkni og frumkvæði
- að gera og eitthvað gerist
- að upplifa eftirvæntingu
- að kynnast hlutum sem eru ólíkir að eiginleikum
- að vinna með lágmarks handstýringu
- að læra athafnaraðir og dagsrútínu
- að taka upp hluti
- að nota rofa / snertiskjá og bíða á milli aðgerða
- að læra að vinna eftir ákveðnu vinnukerfi
- að æfa nemendur í að finna lausn á margskonar verkefnum
- að auka úthald og einbeitingu við vinnu

GILJASKÓLI

- að kenna sjálfstæði og efla sjálfsmynd
- að læra að fara eftir athafnaröð
- að efla rökhugsun
- að þjálfa nemendur í verklegri og bóklegri færni
- að undirbúa einstaklinginn fyrir starf í framtíðinni

**Framkvæmd:**

Á vinnusvæði er unnið eftir skipulagi og hugmyndafræði TEACCH og áhersla lögð

á sjónrænar leiðbeiningar fyrir nemandann. Nemendur vinna í skipulögðu umhverfi sem tekur mið af skilningi þeirra og skynjun. Hver nemandi á sitt eigið vinnusvæði, sitt vinnukerfi og búið er að taka til verkefni dagsins þegar nemandinn mætir.

Í tölvutímum er unnið með margskonar forrit sem gera mismiklar kröfur til nemendanna. Unnið er með forrit sem þjálfa það að festa augun á skjá – litsterk

mynstur, myndir með hljóðum, sögur, tónlist og allt upp í forrit sem krefjast flókinna aðgerða við þjálfun lesturs og stærðfræði. Einnig þjálfun í að nota og rofa til að velja, hafa áhrif, breyta, halda áfram, og tölvumús til sömu aðgerða ásamt því að draga til hluti, flokka, raða og para.

**Gögn:**

Vinnuverkefnalager sérdeildar, tölvur, ljós, leikföng og tónlist tengd við rofa.

Ýmis kennsluforrit t.d. Abracadabra, Reiknibíllinn, Teletubis, Leikver,

TouchGames, SwitchItMaker, Andungen, Fargefest, BangGang o.fl.

## Skynnám

**Heildarmarkmið:**

- Að efla skynjun.

**Námsþættir:**

Líkamsskynjun, snertiskynjun, sjónskynjun, heyrnarskynjun, hreyfiskynjun, rýmisskynjun og munnörvun.

**Áherslur:**

- að styrkja líkamsvitund
- að skynja líkamann sem heild

- að slaka á
- að auka öryggi
- að skynja hreyfingu – upp/niður, fram/aftur o.fl.
- að auka þol gagnvart skynáreitum
- að upplifa mismunandi efni og áferð
- að nemendur geti fest augun á mynd á skjánum
- að nemendur geti fylgt eftir með augunum einfaldri mynd
- að bregðast við ljósi sem kveikt er í myrkri
- að geta fest augun á ljósi
- að geta fylgt eftir ljósi með augunum
- að bregðast við svarthvítum upplýstum mynstrum
- að bregðast við sterkum upplýstum hlutum/myndum
- að geta fest augun á hlut
- að geta fylgt hlut eftir með augunum
- að geta myndað augnsamband í stuttan tíma
- að geta "skoðað" einfalda hluti með augunum
- að geta fest augun á einföldum myndum
- að samhæfa hreyfingar augna og handa
- að örva heyrnarskynjun og upplifun gegnum heyrn
- að átta sig á hvaðan hljóð kemur
- að fylgja eftir hljóði
- að kynnast mismunandi hljóðgjöfum
- að hlusta á sögur / tónlist / hljóð
- að styrkja munn og tunguhreyfingar
- að upplifa og fá örvun frá umhverfinu
- að læra á rofa, snertiskjá, mús og lyklaborð
- að læra inn á einföld leikjaforrit
- að þjálfa einbeitingu
- að þjálfa fínhreyfingar og samhæfingu
- að geta nýtt t.d. leiki í tölvum í tómstundum.

**Framkvæmd:**

Nudd, heitur pottur, hreyfing, myndmennt, tölva, tónlist, heimilisfræði, samvera,

Líkamsvitund, tengsl og boðskipti, útivist.

**Göng:**

Skynörvunarherbergi, Lilli Nilsen hús og plata, sjúkraþjálfunarbolti, trampólin,

hengirúm, dýnur, hringpúðar, leikföng og hlutir með mismunandi áferð, litrík leikföng, rofar, ljós, ýmiskonar hljóðgjafar, bakkar með mismunandi efnum til að þreifa á t.d. sandur, maís, pasta, hrísgrjón, þreyfispjöld, bækur, tölva með snertiskjá, blacklight pera.

## Athafnir daglegs lífs

**Heildarmarkmið:**

- Að gera nemendur sem mest sjálfbjarga við athafnir daglegs lífs.

**Námsþættir:**

- Hreinlæti, klæðnaður, borðhald, umferli.

Áherslur:

- að geta sagt til um salernisferðir
- að þvo og þurrka hendur
- að þurrka sér eftir sturtu
- að greiða/bursta hár
- að klæða sig í og úr fötum
- að fara í og úr skóm
- að sækja mat á disk
- að standa og bíða í röð
- að skammta sér hæfilega af meðlæti
- að sækja viðeigandi mataráhöld
- að borða með áhöldum
- að drekka úr glasi
- að leggja frá sér glös/áhöld
- að sýna viðeigandi hegðun við borðhald
- að þurrka munn eftir máltíð
- að skila áhöldum á réttan stað eftir máltíð
- að nemendur læri á nánasta umhverfi sitt
- að geti farið án aðstoðar á milli staða
- að nemendur læri að vara sig á hættum
- að nemendur læri að nýta hjálpartæki umhverfisins sér til aðstoðar

**Framkvæmd:**

- Kennsla fer fram daglega í viðeigandi aðstæðum.

**Gögn:**

- Viðeigandi útbúnaður.

## Hreyfiþjálfun

**Heildarmarkmið:**

- Að viðhalda, efla og bæta hreyfifærni nemanda.

**Námsþættir:**

Vatnsþjálfun í potti,  sund, leikfimi, líkamsæfingar.

GILJASKÓLI

**Áherslur:**

- að upplifa
- að læra að biðja um meira / gera aftur
- að auka jafnvægi
- að auðvelda nemendum að nýta og auka sína hreyfigetu
- að liðka og hreyfa líkamann
- að byggja upp öryggi og traust
- að æfa hreyfingar í vatni t.d. að ganga
- að læra að fljóta
- að geta farið í kaf
- að slaka og njóta
- að fara eftir fyrirmælum
- að koma sér á milli staða í lauginni
- að læra á umhverfið í tengslum við sundferð
- að æfa þá sjálfhjálp sem tilheyrir
- að ganga fyrirfram ákveðinn fjölda ferða með eða án hjálpartækja
- að fara ákveðinn athafnahring með eða án aðstoðar
- að taka þátt í einföldum leikjum
- að hreyfa sig frjálst eða dansa eftir tónlist
- að hreyfa sig "hoppa" á trampólíni
- að ganga á misjöfnu undirlagi og yfir hindranir
- að herma eftir hreyfingum kennara
- að vara sig á hættum
- að passa upp á eigur sínar

**Framkvæmd:**

- Vatnsþjálfun fer fram í pottrými íþróttahúss Giljaskóla og í sundlaug Akureyrar.
- Leikfimi fer fram í fimleikasal Giljaskóla. Önnur hreyfiþjálfun fer fram í sérdeild, á göngum og í stigum innan skólans.

**Gögn:**

- Ýmis hjálpartæki t.d. kútar, slöngur, þyngingar, boltar, trampólín, dýnur, standar,
- löbbur, skápúðar, hengirúm, rólur, jafnvægisslár o.fl.

## Félagsfærni / samfélagsfræði

**Heildarmarkmið:**

- Að eiga jákvæð og gefandi samskipti, efla sjálfsvitund og skilning á nánasta umhverfi.

**Námsþættir:**

- Samleikur, hópastarf, tengslabekkir, vettvangsferðir

**Áherslur:**

- að eiga jákvæð og gefandi samskipti við aðra
- að sýna öðrum virðingu og tillitsemi
- að fara eftir reglum
- að gera til skiptis
- að herma eftir
- að taka þátt í einföldum hópleikjum
- að kynnast jafnöldrum í tengslabekk
- að taka þátt í uppákomum ásamt skólafélögum
- að kynnast og upplifa eftirvæntingu vegna ferða og hátíða
- að upplifa fjölbreytt umhverfi með vettvangsferðum
- að kynnast ýmsum möguleikum til skemmtunar og fróðleiks
- að læra viðeigandi hegðun
- að njóta þess að upplifa nýja staði og stækka þannig reynsluheim nemendanna
- að efla sjálfstraust
- að vara sig á hættum
- að sýna viðeigandi hegðun
- að rifja upp atburðarrás tengda ferðum eða hátíðum

**Framkvæmd:**

Í samleik er unnið með hljóðalottó, myndir, tákn, bolta, litaflokkun, röðun o.fl. Lögð er áhersla á að nemendur geri til skiptis og fari eftir einföldum fyrirmælum. Læri að sækja hluti og finna hluti ( í poka), halda á / sleppa, gefa /taka, láta hluti ganga hringinn, skiptast á, rúlla á milli, spila einföld spil og að herma eftir. Hér er farið í hlutverkaleiki og eftihermuleiki.

Í hópastarfi er unnið að markmiðum annarra námsgreina og lögð áhersla á samþættingu. Upplifun, gleði, skynörvun, boðskipti, þjálfun í að fara að fyrirmælum og hreyfing eru ríkir áhersluþættir í hópastarfinu. Nemendum eru skapaðar aðstæður til og njóta á eigin forsendum og að upplifa þann efnivið sem notaður er hverju sinni

Nemendur fara reglulega inn í sína tengslabekki. Áherslan er tvíþætt, annars vegar er hún á félagsleg samskipti og tengsl en hins vegar á þátttöku í náminu á eigin forsendum. Ýmis verkefni eru aðlöguð að þeirra getu en einnig taka nemendur með sér ólík verkefni til að vinna í bekknum. Nemendur sérdeildar fara flestir út í frímínútur og eiga þar samskipti við aðra nemendur og starfsfólk. Nemendur fara flestir daglega í hádegisverð í matsalinn og þar er lögð áhersla á sjálfshjálp, borðsiði og jákvæð samskipti.

Í samfélagsfræði er boðið upp á fjölbreytileg viðfangsefni innan skóla sem utan. Markmiðið er að efla nemendur, styrkja tengsl þeirra við umhverfið og ekki síst veita þeim ánægju og tilbreytingu. Farið er á ýmsa staði innan bæjarins. Unnið er úr ferðunum með nemendunum á ýmsan hátt.

**Gögn:**

Ýmis gögn og leikföng sem til eru í sérdeild s.s myndir, litir, leir, sápukúluáhöld, spil, myndvarpar, fótanuddtæki, popp, samskiptabækur o.fl.

## Heimilisfræði

GILJASKÓLI

**Heildarmarkmið:**

- Að upplifa og taka þátt í einfaldri matargerð, borðhaldi og frágangi.

**Áherslur:**

- að upplifa og taka þátt í að undirbúa máltíð
- að undirbúa borðhald með því að leggja á borð
- að æfa fínhreyfingar við notkun áhalda,
- að þjálfa færni til að skera, smyrja og hræra
- að hafa áhrif á / velja á milli þess sem í boði er
- að æfa tákn og boðskipti við borðhaldið
- að æfa borðsiði
- að læra að telja - fjölda áhalda - fjölda persóna
- að ganga frá í lok borðhalds
- að fara eftir fyrirmælum
- að æfa notkun áhalda
- að þjálfa fínhreyfingar og samhæfingu – brytja, hella og hræra
- að vara sig á hættum
- að sýna viðeigandi hegðun

**Framkvæmd:**

Í heimilisfræði er markmiðið að nemendur upplifi, taki þátt í og verði eins sjálfstæðir og mögulegt er við að undirbúa máltíð. Nemendur ganga frá í lok kennslustundar. Lögð er áhersla á að nemendur velji og hafi áhrif og því eru tákn og boðskipti efld í heimilisfræðitímum. Verkþáttunum er raðað upp á myndrænan hátt í heimilisfræði.

**Gögn:**

- Eldhúsáhöld og myndrænar leiðbeiningar.

## Tónmennt

**Heildarmarkmið:**

GILJASKÓLI

- Að upplifa og njóta tónlistar á fjölbreyttan hátt.

**Áherslur:**

- að hvetja til tjáningar
- að efla virkni og frumkvæði
- að herma eftir hreyfingu, hljóðum og takti
- að þjálfa taktskyn
- að spila á einföld ásláttarhljóðfæri
- að þroska og efla takt og tónskyn
- að geta valið og haft áhrif á hópinn
- að virða val annarra
- að upplifa gleði í góðum hópi
- að hlusta og njóta tónlistar

**Framkvæmd:**

Tónlistarkennslan fer að mestu fram í tónmenntastofunni þar sem mikið er til af fjölbreyttum hljóðfærum og hljóðgjöfum. Söngur er mikið notaður við tengslamyndun, málörvun/ boðskiptaþjálfun og til þess að auka vellíðan og gleði nemenda.

Í tónlistartímum skiptast nemendur á að velja lög af myndrænum spjöldum. Lagið er síðan sungið og spilað er undir á gítar. Nemendur eru hvattir til tjáningar s.s. að syngja með, nota tákn, klappa eða nota aðra hljóðgjafa t.d. trommur. Í tónlistartímum fer fram margvísleg önnur þjálfun s.s. að bíða eftir að röðin komi að nemanda, stansa /halda áfram, framkalla há/eða lág hljóð, frumkvæði við það að velja lag, virða lagaval annarra og virða upphaf og endi laga.

Hlustað er á fjölbreytta tónlist af mjög ólíkum toga. Einnig er hlustað á ýmis konar náttúru og umhverfishljóð.

**Gögn:**

Gítar, myndrænar leiðbeiningar sem hengdar eru upp á snúru, valspjöld, ýmis hljóðfæri, geisladiskar, o.fl.

## Myndmennt, handmennt,smíðar

**Heildarmarkmið:**

- Að efla félagsleg tengsl við bekkinn sinn og taka þátt í verkefnum. Upplifa og njóta þess að skapa.

**Áherslur:**

- að upplifa nýjar aðstæður – lykt – hljóð – áferð efna
- að vinna á eigin forsendum að þeim verkefnum sem bekkurinn vinnur að
- að fara að fyrirmælum
- að virða reglur
- að nota viðeigandi áhöld
- að halda sig að verki
- að ljúka við verkefni

GILJASKÓLI

- að vara sig á hættum
- að taka þátt í frágangi

**Framkvæmd:**

Nemendur fara í sérgreinatíma með aðstoðarmanni. Þeir taka þátt í þeim verkefnum sem bekkurinn vinnur að á sínum forsendum eða vinna verkefni sem eru valin með tilliti til áhuga þeirra og getu.

**Göng:**

Myndrænar leiðbeiningar, tæki og áhöld í mynd- og handmenntastofum og í smíðum.

GILJASKÓLI